


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Hvað skoða börnin?
*Hægt er að takmarka aðgengi barna að óæskilegu efni á vefnum.*
allt 3




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
11. janúar 2011
8. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Með réttinn að vopni
*Jafnréttisstofa gefur út bækling um rétt erlendra kvenna.*
tímamót 20

## Kynnir sig í Los Angeles
*Friðrik Þór Friðriksson kynnir kvikmyndina Mömmu Gógó fyrir Óskarsakademíunni.*
fólk 28



## HM-hópurinn klár
*Sveinbjörn Pétursson og Sturla Ásgeirsson fara ekki með til Svíþjóðar.*
sport 30

## veðrið í dag




**ÉLJAGANGUR** Í dag verða norðaustan 10-18 m/s S- og V-til en annars víða 5-10. Él N-til en bjart með köflum syðra. Frost 0-8 stig.
VEÐUR 4

# Fjarnemum fækkar um 66% á milli ára

**Eftir að fjárveitingum ríkisins til framhaldsskóla vegna fjarnáms grunnskólanema var hætt hefur fjarnemendum fækkað um hátt í þrjú hundruð. Kostnaður við fjarnámið fellur ýmist á sveitarfélögin eða foreldra nemenda.**

**MENNTAMÁL** Nemendum í grunnskóla sem sækja fjarnám í framhaldsskólum fækkaði úr 444 í 150 á milli áranna 2009 og 2010, eða um 66 prósent. Öllum nemendum í fjarnámi í framhaldsskólum hefur fækkað úr 3.755 í 2.462 á milli ára, sem er rúmlega þriðjungs fækkun.

Árið 2008 var ákveðið að veita grunnskólanemendum tækifæri til þess að sækja áfanga í framhaldsskóla í stað þess að sitja valáfanga. Menntamálaráðuneytið veitti þeim þrem framhaldsskólum sem bjóða upp á fjarnám, Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Verzlunarskóla Íslands og Verkmenntaskólanum á Akureyri, fjárveitingar til þess að mæta þörfum þessara nemenda.

Í lok árs 2009 var ákveðið að hætta þessum fjárveitingum og var áætlaður sparnaður um 120 milljónir króna. Sum sveitarfélög hafa tekið yfir fjárveitingar til framhaldsskólanna og kostað þannig nám grunnskólanema, en að öðrum kosti fellur kostnaðurinn á foreldra.

**Fjöldi grunnskólanema í fjarnámi við framhaldsskóla**

| Skóli | Vor 2009 | Haust 2009 | Vor 2010 | Haust 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Fjölbraut við Ármúla | 276 | 235 | 276 | 100 |
| Verzlunarskóli Íslands | 113 | 144 | 74 | 50 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 55 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **444** | **379** | **350** | **150** |



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Hver eining í fjarnámi kostar frá 4 til 5 þúsund krónur og er skráningargjald á bilinu 6 til 8 þúsund krónur.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, efast um lögmæti aðgerðanna þar sem lögin frá árinu 2008 eigi að veita nemendum sem skara fram úr það tækifæri að nýta framhaldsskólanámið samhliða grunnskólanum. Einnig bendir Þorbjörg á að í sumum tilvikum sé einungis verið að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin, sem séu sum hver ekki vel í stakk búin til að standa undir því.

„Það er hægt að færa rök fyrir því að sparnaðurinn þýði aukinn kostnað til lengri tíma þar sem þessir nemendur spari ríkinu fjármuni með því að fara hraðar í gegnum framhaldsskólakerfið,“ segir Þorbjörg.

Fjölbraut við Ármúla og Verzlunarskólinn ákváðu að halda áfram að taka inn grunnskólanemendur til fjarnáms á vorönn 2010, þrátt fyrir afnám fjárveitinganna. Verkmenntaskólinn á Akureyri tók alfarið fyrir inngöngu grunnskólanema í fjarnám á síðasta ári. - sv



**ATLOT FISKA** Hrogn steinbíta eru frjóvguð inni í hrygnunni ólíkt flestum fiskum. Hængurinn fær svo það hlutverk að liggja á hrognunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Í Sæheimum í Vestmannaeyjum fylgdist fólk dolfallið með samförum steinbíta:

# Hrygnir klasa á stærð við greip

**NÁTTÚRA** „Það er mjög spes að verða vitni að þessu,“ segir Margrét Lilja Magnúsdóttir, forstöðumaður Sæheima í Vestmannaeyjum, sem fylgdist í gær með samförum steinbítspars í búri á safninu.

Á safninu eru tólf steinbítar og með parinu í búrinu voru þrír steinbítar til viðbótar og einn hlýri sem þurfti að fjarlægja þegar mökunin hófst. „Í fyrra var nefnilega hrygning og þá kom næsti steinbítur og át hrognin,“ útskýrir Margrét.

Mökun steinbíta er merkileg að því leyti að um innri frjóvgun er að ræða – kvendýrið hrygnir ekki fyrr en karlinn hefur frjóvgað hrognin. Í venjulegum hrognaklasa, sem að sögn Margrétar er á stærð við meðalgreipávöxt, eru mörg hundruð hrogn. Klekist þau stendur til að reyna ala seiðin í hliðarbúrum.

Karlinn verður áfram í búrinu enda sér hann um að liggja á hrognunum, líkt og tíðkast hjá sumum fiskum.

Stöðug vakt var með hrygnunni í gær en hún hafði enn ekki hrygnt í gærkvöldi. - sh



**VINSÆLL** Ný tónlist kemur nú aftur út á vínyl.

Aftur til fortíðar:

# Vöxtur í sölu á vínylplötum

**TÓNLIST** Sala á vínylplötum sækir í sig veðrið á ný eftir að geisladiskurinn gekk nánast af vínylnum dauðum fyrir um 20 árum. Sala á vínylplötum jókst um 14 prósent á heimsvísu á síðasta ári og sambærilega þróun má greina hér á landi að sögn seljenda hljómplatna. „Fólk er að sækja í nýjan vínyl. Úgáfan er orðin miklu vandaðri og það er meira lagt í vínylinn en áður,“ segir Kristján Kristjánsson, verslunarstjóri í Smekkleysu.

Óðinn Valdimarsson í Hljómsýn segir vínylsöluna vaxa ár frá ári. Þá seljist plötuspilarar nú vel í búðinni, fjórir á móti hverjum geislaspilara.
- afb / sjá síðu 34

Leikarar taka höndum saman:

# Íslandsklukkan fer í sjónvarp

**SJÓNVARP** Benedikt Erlingsson leikstjóri og Ólafur Egilsson leikari vinna nú að sjónvarpsþáttum byggðum á Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness.

Áformað er að þættirnir verði sjö talsins og búast má við að leikaravalið verði svipað og í sýningu Þjóðleikhússins.

Spurður hvar þættirnir verði sýndir, segir Benedikt líklegt að þeir verði boðnir Stöð 2. „Við ætlum að sýna þættina á sjónvarpsstöð sem sýnir leikið sjónvarpsefni. Það verður ekki boltarásin – RÚV – heldur verðum við að sýna á Stöð 2 enda er það eina sjónvarpið sem stendur fyrir alvöru íslenskri dagskrárgerð,“ segir Benedikt. „Ég held að hún verði að fá að njóta krafta okkar ef hún vill þiggja.“
- afb / sjá síðu 34







## SPURNING DAGSINS



*Björg, er þetta spurning um að vera eða vera ekki með þetta?*

„Já, það er efinn. En þó erum við með þetta.“

Leikfélög MR og Verzlunarskóla Íslands munu bæði setja upp leikverk sem byggja á Draumi á Jónsmessunótt eftir Shakespeare í ár. Björg er formaður Leikfélags MR.

Karlmaður á fimmtugsaldri grunaður um að hafa nauðgað konu um helgina:

# Í varðhald vegna nauðgunar

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag vegna gruns um að hann hefði nauðgað konu í Reykjavík um nýliðna helgi. Maðurinn kærði úrskurðinn til Hæstaréttar.

Atvikið átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins á skemmtistað í Reykjavík. Eftir því sem næst verður komist var konan, sem einnig er á fimmtugsaldri, mjög ölvuð á staðnum. Maðurinn var inni á salerni skemmtistaðarins á sama tíma og hún og beitti hana kynferðislegu ofbeldi. Þau þekktust ekki.

Konan fór á neyðarmóttöku á Landspítala fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis. Síðan kærði hún atvikið til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem fer með rannsókn málsins.

Maðurinn var handtekinn í fyrradag eftir að rætt hafði verið við vitni og upptökur úr öryggismyndavélum höfðu verið skoðaðar. Hann hefur neitað sök, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Umræddur maður er erlendur ríkisborgari en hefur unnið hér á landi um skeið. Hann hefur ekki komið við sögu hjá lögreglu áður. **- jss**



**LÖGREGLAN** Handtók hinn grunaða á sunnudag.

Eldsneytið yfir 213 krónur:

# Skeljungur byrjaði og N1 fylgdi

**NEYTENDUR Skeljungur hækkaði í gær verð á bensíni um 3,50 krónur og olíu um tvær krónur, þannig að bensínlítrinn kostaði eftir hækkun víða á stöðvum félagsins 213,60 og dísilolíulítrinn 213,40.**

**Í kjölfarið fylgdi N1 og hækkaði verð á bensínlítra upp í 213,60 og olíulítra í sama verð.**

**Aðrar bensínstöðvar höfðu ekki hækkað verð og var algengt verð á bensínlítranum hjá OLÍS 209,30 og olíulítranum 211,10. Atlantsolía, ÓB og Orkan seldu eldsneytið á 20-30 aurum lægra verði. - gb**

Ísland í fjórða sæti á lista NYT:

# Harpa gerir Ísland áhugavert

**FERÐALÖG** Ísland er fjórði áhugaverðasti staðurinn til að heimsækja að mati bandaríska blaðsins New York Times. Aðeins Síle, hinar bandarísku San Juan eyjar og Taíland eru framar en Ísland á listanum.

Höfundur greinarinnar víkur sérstaklega að tónlistarhúsinu Hörpu og segir glerklætt ytra byrðið úr smiðju Ólafs Elíassonar vera ægifagurt. Í greininni segir að ódýrara sé að ferðast til „hinnar sláandi fögru eyjar“ eftir fall íslensku krónunnar. Þá er athygli vakin á viðburðum á borð við Hönnunarmars og Iceland Airwaves-hátíðina. **- sh**



**HRÍSEY** Skera á niður læknisheimsóknir frá Dalvík.

Eyfirðingar mótmæla:

# Vilja ekki missa lækni úr Hrísey

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknir frá Heilsugæslustöð Dalvíkur sem haft hefur viðveru í Hrísey einu sinni í viku í eina klukkustund í senn mun ekki heimsækja eyna frá og með næstu mánaðamótum vegna niðurskurðar. Bæði Hverfisráð Hríseyjar og bæjarráð Akureyrar hafa mótmælt þessari skerðingu. Taka á upp viðræður við heilbrigðisráðuneytið vegna málsins.

„Meðalaldur íbúa hefur farið hækkandi undanfarin ár og ljóst að margir eiga erfitt um vik að sækja læknisþjónustu til Dalvíkur. Þá sætir furðu að ekkert samráð skyldi haft við bæjaryfirvöld á Akureyri né hverfisráð Hríseyjar um skerðingu á þjónustunni,“ segir í ályktun hverfisráðsins. **- gar**

# Blindur piltur kærir vegna ferðaþjónustu

**Kópavogsbær sætir nú kæru sautján ára blinds pilts sem segist ekki njóta lögbundinnar ferðaþjónustu. Flest sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins niðurgreiða leigubíla fyrir blinda. Í Kópavogi samnýta blindir akstur með öðrum fötluðum.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Félagsþjónustan í Kópavogi er glatað dæmi,“ segir Oddur Stefánsson, sautján ára blindur piltur í Kópavogi sem þarf aðstoð við að komast lengri vegalengdir milli staða og telur sig ekki njóta lögbundinnar ferðaþjónustu.

Oddur býr í Laufbrekku í Kópavogi, starfar á Blindravinnustofunni í Hamrahlíð í Reykjavík og leggur stund á nám við Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Kópavogsbær neitar að niðurgreiða leigubíla fyrir Odd á sama hátt og flest önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gera fyrir þá sem eru blindir.

Í kæru lögmanns Odds til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála segir að af 470 lögblindum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu fái aðeins 59 einstaklingar ekki niðurgreidda leigubíla. Af þeim búi 51 í Kópavogi. Blindum í Kópavogi sé í staðinn boðið upp á samnýta akstursþjónustu með hreyfihömluðum og öðrum. Þjónustan sem Oddi sé boðin taki mið af fötlun annars hóps einstaklinga sem hann tilheyri ekki. Þessa þjónustu þarf að panta með eins dags fyrirvara hjá fyrirtækinu Smartbílum og geta verið fleiri en einn saman í ferðum. Leigubílana er hins vegar hægt að panta samdægurs.

Lögmaðurinn segir Kópavogsbæ fortakslaust bera að veita Oddi ferðaþjónustu sem geri honum kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Oddur segir það bagalegt að ferðir séu samnýttar. „Það þýðir fyrir mig að ég kem of seint í vinnuna og fæ lítið sem ekki neitt útborgað,“ segir hann.

> Félagsþjónustan í Kópavogi er glatað dæmi.
>
> **ODDUR STEFÁNSSON** SAUTJÁN ÁRA FRAMHALDSSKÓLANEMI



**ODDUR STEFÁNSSON** Sættir sig ekki við að fá ekki niðurgreidda leigubíla líkt og blindir íbúar á höfuðborgarsvæðinu annars staðar en í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Oddur kveðst nú lítið sem ekkert nýta akstursinn frá félagsþjónustu Kópavogs. Það geri hann helst ef hann sé að fara að heimsækja félaga sína. Í staðinn noti hann bíla frá Hreyfli-Bæjarleiðum þar sem hann fái um fimmtungs afslátt í gegnum Blindrafélagið. Það er þó margfalt dýrara en væri ef Oddur fengi niðurgreiddar leigubílaferðir frá sveitarfélaginu. „Ég ætla að vona að Kópavogsbær láti undan fyrst það er búið að kæra,“ segir hann.

Ekki náðist í Guðrúnu Pálsdóttur bæjarstjóra í gær. Í bréfi Guðrúnar til lögmanns Odds í nóvember sagði að aðeins fjórir einstaklingar í Kópavogi, þar af tveir blindir, fengju þá leigubílaþjónustu sem Oddur vildi. „Um er að ræða undantekningartilvik,“ undirstrikaði bæjarstjórinn.

**gar@frettabladid.is**



**AÐ LOKNUM ÞINGFLOKKSFUNDI** Ósáttu þingmennirnir vildu ekki tjá sig.

Fundahöld í þingflokki VG:

# Þremenningar sagðir hressir

**STJÓRNMÁL** „Þeir voru bara hressir,“ sagði Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra aðspurð í gærkvöld um málefni VG-þingmannanna þriggja sem eru ósáttir við ríkisstjórnina. Þingflokkur VG hélt í gær fundi með hléum frá hádegi til klukkan hálftíu í gærkvöld. Að fundi loknum vildu ósáttu þingmennirnir þrír, Ásmundur Einar Daðason, Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir, ekkert tjá sig. Svandís sagði engan farinn úr þingflokknum. Á fundinum hafi verið rætt um Evrópusambandið og sjávarútvegsmál. Hvorki náðist tal af formanni flokksins né formann þingflokksins. **- gar**

Giffords enn í lífshættu:

# Læknar segjast vera bjartsýnir

**BANDARÍKIN, AP** Átta manns eru enn á sjúkrahúsi eftir skotárásina í Tucson í Arizona á laugardag. Þingkonan Gabrielle Giffords er enn í lífshættu og fimm aðrir eru þungt haldnir.

Kúla úr byssu árásarmannsins, Jared Loughner, fór inn í hnakka þingkonunnar vinstra megin, beint í gegnum höfuðið og út um ennið vinstra megin.

Læknar segjast bjartsýnir á að hún nái sér að hluta, og hafa til marks um það að bólgur í heilanum séu hættar að aukast. Þá segja þeir skárra að skemmdir urðu einungis öðru megin í heilanum frekar en báðum megin. **- gb**




Fjórðu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og AGS lokið:

# Endurreisn í góðum farvegi

**EFNAHAGSMÁL** Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykkti fjórðu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands og sjóðsins á fundi sínum í Washington í gærkvöldi, sem gerir það að verkum að íslenskum stjórnvöldum standur til boða nítján milljarða króna lán frá sjóðnum auk allrar þeirrar lánafyrirgreiðslu frá Norðurlöndunum sem þau höfðu boðað í tengslum við áætlunina.

„Við metum mikils þau jákvæðu orð sem sjóðurinn hefur haft um þann aga sem stjórnvöld hafa sýnt við stjórn ríkisfjármála og verklag okkar við hagstjórnina,“ sagði Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Í endurnýjaðri viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda, sem gefin var út í tengslum við þessa fjórðu endurskoðun áætlunarinnar, kemur fram að efnahagsleg endurreisn sé í góðum farvegi, sem sjá megi á stöðugleika krónunnar, lækkandi skuldastöðu og lítilli verðbólgu.

Í viljayfirlýsingunni er jafnframt lýst endurskoðun áætlunar um afnám gjaldeyrishafta, sem leggja á fyrir ríkisstjórn til samþykktar fyrir lok næsta mánaðar.

Í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi sagði Árni Páll samþykkt endurskoðunarinnar vera traustsyfirlýsingu og viðurkenningu á því að ríkisstjórnin sé á réttri leið. „Þeir horfa sérstaklega til þess hversu vel hefur gengið við gerð fjárlaga fyrir þetta ár.“

Stefnt er að því að samstarfinu við AGS ljúki í ágúst á þessu ári, að lokinni sjöundu og síðustu endurskoðun áætlunarinnar. **- gb**



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Segir viðurkenningu sjóðsins mikilvæga.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni



**Einstakt verð!**

# Tenerife og Kanarí

## 18. janúar

### Flugsæti

**Verð frá 61.700 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

18. jan. Tenerife

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 71.700 kr.



### Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

*Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúgi með Icelandairvél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.*

## Tenerife



### Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina.

**Verð frá 106.500 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíó-íbúð í 14. nætur, 18. jan.
Innifalið: Flug fram og til baka, gisting með hálfu fæði, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar.

* Verð án Vildarpunkta 116.500 kr.

## Kanarí



### Las Camelias

Aðeins hjá VITA

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni. ATH. Flogið út til Tenerife og heim frá Kanarí.

**Verð frá 110.700 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í íbúð með 1 svefnh. í 14 nætur, 18. jan.
Innifalið: Flug fram og til baka, flug til Kanarí frá Tenerife, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 120.700 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 53081 01/11

**GENGIÐ 10.01.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,91 | 118,47 |
| Sterlingspund | 182,82 | 183,70 |
| Evra | 152,15 | 153,01 |
| Dönsk króna | 20,423 | 20,543 |
| Norsk króna | 19,737 | 19,853 |
| Sænsk króna | 17,055 | 17,155 |
| Japanskt jen | 1,4170 | 1,4252 |
| SDR | 179,55 | 180,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,7934

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögregluumdæmið í Borgarfirði og Dölum bregst við kröfu um sparnað:

# Loka lögreglustöðinni í Búðardal

**LÖGGÆSLA** Lögregluumdæmi Borgarfjarðar og Dala þyrfti að fá tíu til tólf milljóna króna aukafjárveitingu ef halda ætti lögregluvarðstöðinni í Búðardal áfram opinni, að sögn Theodórs Þórðarsonar, yfirlögregluþjóns í Borgarnesi.

Einn lögreglumaður er starfandi á stöðinni og lögreglubíll staðsettur í Búðardal. Stöðinni verður lokað og þessi starfsemni lögð af vegna sparnaðarkröfu sem gerð hefur verið til lögreglunnar í umdæminu.

„Þetta tengist fjárhagsstöðunni hjá embættinu,“ segir Theodór. „Þetta er ekki það sem við viljum gera heldur er okkur þröngur stakkur sniðinn.“



**BÚÐARDALUR** Auk fasts lögreglumanns starfa þar tveir héraðslögreglumenn.

Hann segir að þótt til þessa niðurskurðar komi verði þrír héraðslögreglumenn áfram starfandi í Dölum, einn staðsettur í Saurbæ og tveir í Búðardal.

„Þegar fasti lögreglumaðurinn hefur verið í fríi hafa þessir lögreglumenn farið í hans stað á vettvang. Síðan hefur eftir atvikum komið lögregla úr Borgarnesi hafi þess þurft.“

Theodór segir að löggæslu verði eftir sem áður stýrt með sem hagfelldustum hætti í umdæminu. Fjarskiptamiðstöð lögreglu sendi þann bíl sem næstur sé á vettvang, hvort um sé að ræða Dali eða önnur héruð. - jss

Svíi keypti óvart lottómiða:

# Varð ríkur fyrir misskilning

**SVÍÞJÓÐ Sænskur maður varð um helgina 200 milljónum íslenskum króna ríkari fyrir misskilning. Hann hefur um margra ára skeið keypt veðhlaupamiða á laugardögum og ætlaði að halda þeim sið á laugardaginn.**

**Fyrir einhvern misskilning lét afgreiðslustúlkan hann fá lottómiða. Hann maldaði í móinn en afgreiðslustúlkan sagði að menn ættu aldrei að skipta miðum sem þegar væri búið að afgreiða. Hestaunnandinn lét sér segjast og vann 200 milljónir króna. - ót**

Rúmlega tvítug kona ákærð:

# Notaði stolin greiðslukort

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur ákærð rúmlega tvítuga konu fyrir fíkniefnabrot, þjófnaði, fjársvik og fleiri brot.

Konan er ákærð fyrir að hafa stolið snyrtivörum úr Hagkaupi og veski með mörgum greiðslukortum og vegabréfum úr bíl. Þá er henni gefið að sök að hafa tvívegis keypt vörur í verslunum og greitt fyrir með stolnum greiðslukortum. Lögregla fann í tösku hennar tæpt gramm af maríjúana.

Loks er konan ákærð fyrir að að brjóta umferðarlög sjö sinnum. Í öllum tilvikum var hún undir áhrifum fíkniefna. - jss

Sendiherrar skora á ESB:

# Láti Austur-Jerúsalem eiga sig

**ÍSRAEL Sendiherrar 25 aðildarríkja Evrópusambandsins í Jerúsalem og Ramallah skora á leiðtoga Evrópusambandsins að líta á Austur-Jerúsalem sem framtíðarhöfuðborg Palestínuríkis.**

**Í sameiginlegri skýrslu, sem sendiherrarnir sendu frá sér í síðasta mánuði, segja þeir meðal annars að embættismenn og stjórnmálamenn frá Evrópusambandinu eigi að neita því að fara í heimsóknir á ísraelskar stjórnarskrifstofur eða stofnanir í Austur-Jerúsalem.**

**Þá segja þeir nauðsynlegt að fulltrúar ESB mæti á staðinn þegar hætta sé á að hús Palestínumanna verði rifin eða íbúar þeirra bornir út. - gb**

**HAÍTÍ**

## Frambjóðandi fellur út

Alþjóðlegt kosningaeftirlit á Haítí krefst þess í ljósi endurtalningar að annar tveggja forsetaframbjóðanda verði útilokaður frá seinni umferð kosninganna, en sá þriðji komi í hans stað.

# Bandaríski sendiherrann segir rannsóknina löglega

**Fulltrúar utanríkisráðuneytisins funduðu með bandaríska sendiherranum, fræddu hann um þinghelgi Birgittu Jónsdóttur og kröfðust upplýsinga um rannsókn á málefnum hennar. Birgitta er farin til Kanada.**

**UTANRÍKISMÁL** Sendiherra Bandaríkjanna, Luis E. Arreaga, var fræddur um þinghelgi Birgittu Jónsdóttur á fundi í utanríkisráðuneytinu í gærmorgun. Hann var jafnframt krafinn upplýsinga um það hvað byggi að baki kröfu bandaríska dómsmálaráðuneytisins um að samskiptavefurinn Twitter afhenti ítarlegar persónuupplýsingar um þingkonuna.

„Við fullvissuðum íslensk yfirvöld um að rannsókn dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna fari fram í samræmi við bandarísk lög og lúti öllum viðmiðunum um réttarreglur og sanngjarna málsmeðferð sem bundnar eru í stjórnarskrá Bandaríkjanna og viðeigandi alríkislögum,“ sagði talskona sendiráðsins, Laura Gritz, í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér að fundinum loknum.

Það voru ráðuneytisstjórinn Einar Gunnarsson og þjóðréttarfræðingurinn Tómas H. Heiðar sem funduðu með Arreaga í gær.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að þeir hafi kallað eftir frekari upplýsingum um málið og lýst yfir alvarlegum áhyggjum af því að sakamálarannsókn beindist að íslenskum þingmanni með þessum hætti.

„Ljóst væri að þingmaðurinn nyti þinghelgi hér á landi og að ekki yrði skilið á milli þingmannsins og Alþingis. Lögðu þeir áherslu á að ekki yrði frekari röskun á störfum þingmannsins, þar með talið ferðafrelsi og möguleikum á því að taka þátt í pólitískri umræðu á alþjóðavettvangi,“ segir í tilkynningunni.

Í stefnunni sem Twitter fékk senda á föstudag er upplýsinga krafist um fimm manns; Birgittu, Julian Assange, ritstjóra Wikileaks, Bradley Manning, hermanninn sem talinn er hafa lekið ógrynni skjala úr utanríkisþjónustu Bandaríkjanna, og tvo hakkara, annan hollenskan og hinn bandarískan.

Twitter fékk leynd aflétt af stefnunni og kom skilaboðum til fimmmenninganna. Þeir hafa fram yfir næstu helgi til að berjast gegn afhendingu gagnanna.

Birgitta hélt til Kanada í gær þar sem hún mun flytja fyrirlestur á ráðstefnu um upplýsingafrelsi. Til stóð að Birgitta flygi í gegnum Bandaríkin en í ljósi atburða síðustu daga ákvað hún að hætta ekki á það og fljúga um London í staðinn. stigur@frettabladid.is



**LUIS E. ARREAGA** Sendiherrann sat fund í utanríkisráðuneytinu í gær vegna málefna Birgittu Jónsdóttur.



**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR** Þingmaðurinn hélt í gær til Kanada. Í ljósi atburða síðustu daga ákvað hún að millilenda ekki í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hvað er þinghelgi?

Þinghelgi er bundin í 49. grein stjórnarskrárinnar og kveður á um það að alþingismenn séu undanþegnir lögsóknum eða gæsluvarðhaldsvist nema þeir sé staðnir að glæp. Ekki er heldur hægt að höfða meiðyrðamál á hendur þingmanni vegna nokkurs sem hann segir á þingi. Einungis Alþingi getur svipt menn þessum rétti.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**LEIÐINLEGT VEÐUR** Í vændum er slæmt veður, einkum um sunnan- og vestanvert landið. Á morgun lítur út fyrir heldur vaxandi norðaustan- og austanátt með éljum norðan til. Ofankoma ágerist á fimmtudag en á föstudag batnar veðrið víðast hvar, síst þó á Vestfjörðum.




**Á MORGUN** Vaxandi NA- og A-átt.

**FIMMTUDAGUR** 10-23 m/s, hvassast S- og V-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 1° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 8° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 2° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | 1° |
| París | 9° |
| San Francisco | 10° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*




RÁÐSTEFNA UM TÖLVUÖRYGGISMÁL

# VERÐUR ÞÚ NÆSTA FÓRNARLAMB HAKKARA?

**HILTON HÓTEL / FIMMTUDAGINN 10. FEBRÚAR / 9:00 – 16:30**

**Tölvuskólinn iSoft-Þekking** og **Capacent** halda ráðstefnu þar sem farið verður yfir helstu hættur sem fyrirtæki og stofnanir standa frammi fyrir og hvernig hægt er að draga úr líkum á árásum tölvuhakkara.

## DAGSKRÁ RÁÐSTEFNUNNAR

### Hackers are here - Where are you?
**Sean Lim**, aðstoðarforstjóri EC-Council

### Useful hacker techniques: Which part of hackers' knowledge will help you in efficient IT administration?
**Paula Januszkiewicz**, forstjóri/eigandi CQURE í Varsjá

### Eru starfsmenn veikasti hlekkur öryggiskeðjunnar?
**Sigurjón Þórðarson**, ráðgjafi hjá Capacent

### How hackers break into "Government Secured Systems" in just a few minutes.
**Wayne Burke**, yfirmaður öryggismála hjá Information Assurance Solutions

### Windows 7 and Windows Server 2008 R2: keep encrypted. Extreme Deep Dive!
**Paula Januszkiewicz**, forstjóri/eigandi CQURE í Varsjá

**SKRÁNING Á VEFJUM TÖLVUSKÓLANS & CAPACENT**
**tolvuskolinn.is** & **capacent.is**

## FYRIRLESARAR



**Sean Lim** er aðstoðarforstjóri EC-Council, sem eru leiðandi samtök á heimsvísu á sviði tölvuöryggismála. Hann leiðir þjálfunarstarf EC-Council sem fer fram í um 60 löndum.



**Paula Januszkiewics** rekur eigið fyrirtæki CQURE á sviði tölvuöryggismála og er eftirsóttur fyrirlesari. Hún var meðal þeirra sem hélt erindi á TechEd 2010 í New Orleans.



**Wayne Burke** hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu í meðhöndlun öryggi upplýsingakerfa og starfar fyrir stjórnvöld og stórfyrirtæki um allan heim. Hann er virkur þáttakandi í alþjóða samtökum öryggisráðgjafa.



**Sigurjón Þórðarson** er ráðgjafi hjá Capacent og hefur umfangsmikla reynslu á sviði liðsheildar og stjórnendaþróunar.

## MIÐAVERÐ & AFSLÆTTIR

| | til og með 23. janúar | eftir 23. janúar |
|---|---|---|
| almennt verð | 29.000 kr. | 39.000 kr. |

**20% afsláttur fyrir 3-5 þátttakendur**
**30% afsláttur fyrir 6 eða fleiri þátttakendur**

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

capacent STÖÐUGAR FRAMFARIR

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að þetta ár verði betra fyrir þig en það síðasta?*

| | |
|---|---|
| Já | 55,7% |
| Nei | 44,3% |

**SPURNING DAGSINS**

*Ættu tölvuyrirtæki að upplýsa bandarísk yfirvöld um netnotkun alþingismannsins Birgittu Jónsdóttur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir



**HANDSALIÐ** Ingi S. Ólafsson, rekstrarstjóri bílaflutningasviðs Samskipa, og Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju.

Samskip kaupa tvo trukka:

## Flotinn ekur 4,5 milljónir kílómetra á ári

**VIÐSKIPTI** Fyrsta endurnýjun á 40 bíla flota Landflutninga-Samskipa átti sér nýverið stað þegar teknar voru í notkun tvær nýjar bifreiðar af gerðinni Mercedes-Benz Actros frá bílaumboðinu Öskju.

Fram kemur í tilkynningu að bílarnir verði notaðir í flutninga milli Reykjavíkur og Egilsstaða. Haft er eftir Inga S. Ólafssyni, rekstrarstjóra bílaflutninga Samskipa, að rekstraröryggi og hagkvæmni séu þeir þættir sem mestu skipti þegar valdir séu bílar hjá fyrirtækinu. Hann segir bíla á vegum Samskipa aka 4,5 milljónir kílómetra á ári hverju. **- óká**

Mestu flóð í fimmtíu ár:

## Átta létust í flóði í Ástralíu

**ÁSTRALÍA** Að minnsta kosti átta létu lífið þegar skyndilegt flóð skall á bænum Toowoomba í Ástralíu í gær. Ellefu til viðbótar er saknað. Vatnsflaumurinn var svo sterkur að hann sópaði með sér bílum um götur bæjarins. Björgunarmenn unnu mörg afrek við að bjarga fólki.

Mestu flóð í 50 ár hafa hrjáð Ástrala undanfarna daga. Flóðasvæðið hefur verið stærra en Frakkland og Þýskaland samanlagt.

ETA-samtökin boða vopnahlé og vilja viðræður um framtíð Baskalands:

# Vopnahlésloforð nægir ekki

**SPÁNN** Stjórnvöld á Spáni gefa lítið fyrir vopnahlésyfirlýsingu sem aðskilnaðarsamtök Baska, ETA, sendu frá sér í gær.

Alfredo Perez Rubalcaba, innanríkisráðherra Spánar, sagðist ekki hafa áhuga á að heyra neitt frá ETA annað en yfirlýsingu um skilyrðislausa uppgjöf og afvopnun. Þetta væri einnig krafa fyrri stjórna Spánar og almennings á Spáni.

Samtökin lýstu yfir vopnahléi í september, en tóku þá ekki fram til hve langs tíma. Í yfirlýsingunni frá í gær segja þau þetta vopnahlé verða varanlegt, en árið 2006 lýstu þau einnig yfir varanlegu vopnahléi sem þau rufu síðan tæpu ári síðar.



**LÝSTU YFIR VOPNAHLÉI** Þrír meðlimir ETA á myndbandi sem samtökin sendu frá sér. NORDICPHOTOS/AFP

Samtökin segjast vilja viðræður um framtíð Baskalands og ætla að berjast á lýðræðisvettvangi fyrir aðskilnaði frá Spáni.

Rubalcaba gefur lítið fyrir þetta og segir samtökin enn gera kröfur um að fá eitthvað í skiptum fyrir vopnahlé.

Samtökin ETA voru stofnuð árið 1959 og hófu tæpum áratug síðar blóðuga baráttu fyrir aðskilnaði Baskalands frá Spáni. Sú barátta hefur kostað meira en 800 manns lífið.

Skammstöfunin ETA stendur fyrir Euskadi Ta Askatasuna, sem á máli Baska þýðir Baskaland og frelsi. **- gb**

Leikföng í sundlaugina:

## Leikfangadagar til skoðunar

**ÍSAFJÖRÐUR Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skoðar nú hvort hægt verði að koma á föstum dögum þar sem sundlaugagestir mega koma með vatnsleikföng í sundlaugar bæjarins.**

**Á vef Bæjarins bestu kemur fram að á fundi bæjarstjórnar hafi verið lagt til að laugardagar yrðu fyrir valinu þar sem þá er oft minni aðsókn í laugarnar en aðra daga. Um er að ræða vatnsleikföng á borð við litla vatnabáta, uppblásna höfrunga og annað slíkt.** **- sm**

# Lamandi hönd leggst yfir ræktunarstarfið

**Tilteknir þættir í starfi Garðyrkjufélags Íslands verða settir undir lamandi hönd hins opinbera verði þær breytingar á náttúruverndarlögum sem boðaðar hafa verið að lögum. Þetta segir Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður félagsins.**

**UMHVERFISMÁL** „Það blasir við að stefnt er að því að setja innflutning á plöntum og útplöntun þeirra á Íslandi, svo og flutning á innlendum plöntum innan lands, undir eins konar lögreglueftirlit, leyfisskyldu og bannákvæði.“

Þetta segir Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands, um frumvarpsdrög til breytinga á lögum um náttúruvernd sem umhverfisráðherra hefur kynnt.

Stjórnir ýmissa þar til bærra félaga efna til funda um þessar mundir til að ræða drögin og ganga frá umsögn um þau. Þar má nefna Garðyrkjufélagið og Skógræktarfélag Íslands og aðildarfélög þess. Stjórn fyrrnefnda félagsins fundar um málið í næstu viku.



**VILHJÁLMUR LÚÐVÍKSSON**

Spurður hvort ákvæði í frumvarpsdrögunum muni setja strik í reikninginn hvað varðar starfsemi Garðyrkjufélagsins verði þau að lögum segir Vilhjálmur svo vera.

„Við getum ekki séð annað en að þetta muni setja verulegt strik í reikninginn hvað varðar til dæmis notkun framandi plantna og innlendra í garðlöndum. Að vísu er tiltekið að þetta gildi ekki um garðplöntur í görðum en svo kemur ákvæði um dreifingu sem þýðir til dæmis að í sumarbústaðalöndum hafa menn ekki heimild til að setja niður framandi plöntur nema með leyfi. Þetta verður mjög íþyngjandi og mun setja strik í reikninginn hjá áhugafólki um ræktun í þessu landi.“



**HUGAÐ AÐ GRÓÐRI** Stjórnir ýmissa þar til bærra félaga efna til funda um þessar mundir til að ræða frumvarpsdrögin og ganga frá umsögn um þau. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilhjálmur segir þá sem unnu frumvarpsdrögin hafa mjög ákveðnar skoðanir á því hvað eigi að vera og hvað eigi ekki að vera í íslenskri náttúru. Þeir virðist vilja ráða yfir áhugamálum ræktenda og framtaksemi einstaklinga og félagasamtaka á landinu.

Hluti af félagsstarfi garðyrkjufélagins er svokallaður frælisti, þar sem meðlimir geta nálagst fræ sem þá fýsir að setja niður.

„Notkun þessa lista verður háð mjög miklum takmörkunum ef fram heldur sem horfir,“ segir Vilhjálmur. „Starfsemi trjáræktarklúbbsins, sem gengið hefur út á að afla innfluttra tegunda sem menn hafa ætlað að setja út í rúmgóð lönd sem hætt er að nýta í þágu landbúnaðar, verður sett undir lamandi hönd hins opinbera.“

Loks segir Vilhjálmur að heimild í drögunum til að útrýma plöntum sem nái til eignarlanda sé einkennileg svo ekki sé fastar að orði kveðið.

„Einkennilegast af öllu þessu er þó að hömlur verða settar á flutning innlendra plöntutegunda innanlands.“ **jss@frettabladid.is**

Nýjar hagtölur Seðlabankans:

## 1.900 milljarðar í lífeyrissjóðum

**VIÐSKIPTI** Hrein eign lífeyrissjóða í lok nóvember sl. var 1.893,5 milljarðar kr. og hækkaði hún um 41,2 milljarða kr. í mánuðinum eða um 2,2%.

Þetta kemur fram í hagtölum Seðlabankans. Þar segir að í nóvember hafi innlend verðbréfaeign hækkað um tæpa 62 milljarða kr. Hækkunina má að stórum hluta rekja til aukningar á eign lífeyrissjóða á íbúðabréfum um 50 milljarða kr.

Erlend verðbréfaeign lækkaði í nóvember um 27 milljarða kr. Sé miðað við nóvember 2009 hefur hrein eign lífeyrissjóða hækkað um 144,8 milljarða kr. eða 8,3%.

Vert er að taka fram að enn er nokkur óvissa um endanlegt mat á eignum lífeyrissjóðanna, að því er segir í hagtölunum.

Tom Delay dæmdur:

## Fær þriggja ára fangelsisdóm

**BANDARÍKIN, AP** Tom Delay, fyrrverandi leiðtogi þingmeirihluta repúblikana í fulltrúadeild Bandaríkjanna, var í gær dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar fyrir peningaþvætti.



**TOM DELAY**

Dómari í Texas taldi fullsannað að Delay hefði tekið þátt í því að koma peningastyrkjum frá fyrirtækjum til framboðsins Repúblikanaflokksins eftir ólöglegum leiðum í gegnum skrifstofur flokksins.

„Ég get ekki iðrast neins sem ég tel mig ekki hafa gert,“ sagði Delay, sem hefur áfrýjað dómnum og var látinn laus gegn tryggingu. Úrskurðar áfrýjunardómstóls er ekki að vænta fyrr en að mánuðum eða jafnvel árum liðnum. **- gb**






Íslensk börn héldu tombólu og söfnuðu milljón fyrir nærri 600 börn á Haítí:

# Fengu rúm og skólavörur

**HAÍTÍ** Nærri 600 börn á Haítí njóta góðs af tombólum álíkra margra íslenskra barna, sem höfðu safnað samtals rúmlega einni milljón króna til styrktar starfi Rauða kross Íslands á Haítí.

Peningarnir voru notaðir til þess að útvega munaðarlausum börnum, sem hingað til hafa sofið á jörðinni, rúm til að sofa í, ritföng til að nota í skólanum og nýjar skólatöskur.

„Það var yndislegt að geta útvegað rúmin því hingað til hafa flest börnin sofið á jörðinni í litlum tjöldum,“ segir Birna Halldórsdóttir, sendifulltrúi Rauða kross Íslands á Haítí, sem er nýkomin heim. „Við fórum líka með stórt tjald á staðinn og núna geta börnin sofið í rúmum í því.“

Á munaðarleysingjaheimilinu eru 24 börn. „Skólinn er nýhafinn og kennslan fer fram í tjaldi. Það var svo gaman að geta afhent börnunum skriffæri og bækur því þau áttu ekkert slíkt og þau langar svo mikið til að læra.“

Birna starfaði á tjaldsjúkrahúsi, sem komið var upp á knattspyrnuvelli í úthverfi höfuðborgarinnar Port-au-Prince.

Á sjúkrahúsið hafa komið börn úr nágrenninu til að fá sálrænan stuðning eftir hinn hræðilega jarðskjálfta sem varð 220.000 manns að bana 12. janúar 2010. **- gb**



**Í HÓPI MUNAÐARLAUSRA BARNA** Birna Halldórsdóttir afhenti börnum á Haítí skólavörur og rúm fyrir peninga sem íslensk börn söfnuðu með tombólum. MYND/RAUÐI KROSS ÍSLANDS




# Lloret De Mar

## Sérstakt kynningarverð til 16.jan!

Úrval Útsýn býður upp á ferðir til Lloret De Mar á frábæru verði í allt sumar. Sérstakt kynningarverð til 16.jan.! Tryggðu þér ódýrustu sætin í tíma og bókaðu núna á urvalutsyn.is!



**Hotel Oasis Park** ★★★★

VERÐ FRÁ:

**94.700 kr*** 14.júní - 21.júní

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með hálfu fæði.



**Cleopatra Spa Hotel** ★★★

VERÐ FRÁ:

**79.995 kr*** 14.júní - 21.júní

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 barn í tvíbýli með morgunmat.

## Fallegur og heillandi!

Lloret de Mar er fallegur og heillandi strandbær. Bærinn hefur verið eftirsóttur ferðamannastaður til fjölda ára. Löng og góð baðströnd, sem hefur hlotið viðurkenningu fyrir snyrtimennsku. Þar er fjöldi veitingahúsa, skemmtistaða og fjölbreytt úrval verslana. Bærinn er einnig fjölskylduvænn og allsstaðar er gott aðgengi fyrir barnafólk. Ekki spillir fyrir að einungis er klukkutíma akstur til hinnar frábæru borgar Barcelona.

ÚRVAL·ÚTSÝN
Sími 585 4000

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir þingkonan sem varð fyrir skotárás í Bandaríkjunum á laugardag?*

2 *Hvað er langt síðan fólk fór að klæðast fötum samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem gerð var á lúsum?*

3 *Hver er forseti Súdans?*

SVÖR

*1. Gabrielle Giffords. 2. 170 þúsund ár. 3. Omar al-Bashir*

Fórnarlamb handrukkara í Bústaðahverfi varð fyrir síendurteknu áreiti áður en útihurðin var skotin í sundur:

# Barði föðurinn fyrir framan börnin

**DÓMSMÁL** Fórnarlamb handrukkara, sem varð fyrir byssuárás ásamt fjölskyldu sinni í Bústaðahverfi á aðfangadag, kveðst hafa orðið fyrir síendurteknu ónæði af hendi rukkaranna.

Maðurinn hefur borið fyrir lögreglu að hann hafi um nokkurt skeið þurft að þola hótanir og líkamsárásir frá nafngreindum manni og félögum hans. Þessi maður hafi margsinnis reynt að rukka hann vegna fíkniefnaviðskipta og segir fórnarlambið atgang hans hafa verið mjög ógnandi og hættulegan.

Heimilisfaðirinn segir að maðurinn hafi heimsótt sig 21. desember. Þegar hann hafi farið til dyra hafi rukkarinn barið sig fyrir framan börn sín. Fyrir atlöguna á aðfangadag hafi þessir menn komið að heimilinu að kvöldi Þorláksmessu og verið með mikinn fyrirgang.

Á aðfangadag jóla hafi menn sem hann telji vafalaust vera á vegum þessa sama manns, þeir sömu og hafi komið á Þorláksmessu, komið og bankað á dyr. Hann hafi þá verið búinn að koma konu sinni og börnum út um bakdyr og til nágranna sinna. Þegar þeir hafi bankað hafi hann stuggað þeim frá með því að stinga járnröri út um bréfalúgu. Síðan hafi hann farið út um bakdyr og til nágranna sinna. Þá hafi mennirnir greinilega skotið í útihurðina og inn um hana. **- jss**



**SKOTÁRÁSIN** Einn byssumanna leiddur fyrir dómara.

Kona ákærð fyrir glasakast:

## Braut tennur með glerglasi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært konu á þrítugsaldri fyrir að kasta glasi í andlit annarrar konu með þeim afleiðingum að tennur brotnuðu í hinni síðarnefndu.

Atvikið átti sér stað á skemmtistaðnum á Vegamótum í Reykjavík aðfaranótt sunnudags í febrúar í fyrra.

Konan kastaði glerglasinu í andlitið á hinni með þeim afleiðingum að vinstri framtönn þverbrotnaði yfir miðja tannkrónu og sprungur komu í tvær tennur auk þess sem brotnaði úr tönn í neðri gómi. Fórnarlambið krefst ríflega 1,4 milljóna í skaðabætur. **- jss**



**HANNA BJÖRK RAGNARSDÓTTIR** Ráðin framkvæmdastjóri Sparifélagsins. MYND/SPARIFÉLAGIÐ

Hanna Björk ráðin:

## Verður bankastjóri nýs banka

**VIÐSKIPTI** Hanna Björk Ragnarsdóttir viðskiptafræðingur hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Sparifélagsins, sem hyggst á næstunni opna nýjan banka, Sparibankann.

Sparifélagið hf. hefur um nokkurt skeið unnið að undirbúningi umsóknar um viðskiptabankaleyfi í kjölfar hlutafjárútboðs sem fyrirhugað er á komandi mánuðum.

Stefnt er að því að bankinn hefji starfsemi á síðari hluta ársins og muni þá starf Hönnu Bjarkar breytast í starf bankastjóra. Stjórnarformaður Sparifélagsins er Ingólfur H. Ingólfsson. **- gb**



**SUMMA Í PONTU** Utanríkisráðherra hlýðir hér á Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, á kynningarfundi Alþjóðamálastofnunar HÍ í mars í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Háskólarnir ættu að tryggja hlutlægnina

**Tæpur mánuður er þar til þeir sem annast vilja kynningu á Evrópusambandinu á Íslandi þurfa að skila tilboðsgögnum. Átta voru valdir í lokaúrval. Samstarf HÍ og HR við fyrirtæki sem annast vilja kynningarstarfið hefur verið gagnrýnt.**

**STJÓRNMÁL** Þeir átta sem valdir hafa verið til áframhaldandi þátttöku í útboði Evrópusambandsins (ESB) um umsjón kynningarmála sambandsins á Íslandi vegna aðildarumsóknar landsins hafa frest til 7. febrúar til að skila inn lokagögnum.

Meðal umsækjenda í lokavali ESB eru bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík, en aðkoma skólanna hefur verið gagnrýnd.

„Hinar fyrirhuguðu upplýsingamiðstöðvar eru að sjálfsögðu áróðursmiðstöðvar. Hvers vegna halda menn að Evrópusambandið sé að eyða í þetta peningum?“ skrifar Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, á vef Evrópuvaktarinnar í desember.

Margrét Einarsdóttir, forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, bendir hins vegar á að í útboðsgögnum ESB sé skýrt tekið fram að reka eigi hér kynningarstarfsemi og styðja að upplýstri og málefnalegri umræðu. Telur hún að aðkoma Háskólans í Reykjavík yrði fremur til að tryggja að sá háttur yrði hafður á. Skólinn sækir um með Evrópuháskólanum (e. College of Europe) í Brugge í Belgíu.

Andrés Jónsson, eigandi almannatengslafyrirtækisins Góð samskipti, bendir á að aðkoma háskólanna að kynningarstarfi ESB sé í samræmi við niðurstöðu skoðanakönnunar sem hér var gerð um hver fólk vildi helst að annaðist kynningu á ESB.

„Þannig að ef Evrópusambandið vill vera trúverðugt og hlutlægt þarf það að fá háskólana til samstarfs,“ segir Andrés. Fyrirtæki hans á þátt í umsókn þeirri um starfann sem evrópska rannsókna- og ráðgjafarfyrirtækið ECORYS leiðir í samstarfi við Háskóla Íslands.

Um leið viðurkennir Andrés að aðkoma Háskóla Íslands og Alþjóðamálastofnunar HÍ að fundaherferð um ESB hafi verið umdeild meðal andstæðinga sambandsins. Kynningarstarf ESB hér sé hins vegar ekki lagt þannig upp að um einhvern áróður eigi að vera að ræða. „Fyrst og fremst snýst þetta um að veita upplýsingar og halda réttum upplýsingum á lofti og leiðrétta rangfærslur, en það verður auðvitað umdeilt, sér í lagi á meðal andstæðinga sambandsins,“ segir hann, en telur um leið ekki vanþörf á að kynna ESB betur hér innanlands. „En ég held það væri óðs manns fyrir Evrópusambandið að fara í einhvern áróður. Það myndi ekki hjálpa því.“ **olikr@frettabladid.is**

**Samstarfsaðilarnir átta sem val ESB stendur um**

**Íslensk fyrirtæki og stofnanir eru feitletruð.**

1. B & S Europe, Premisa d.o.o., InWent
2. College of Europe, **Háskólinn Í Reykjavík**
3. Congress Service Center, Albany Associates, M.C. Triton, **AP almannatengsl**
4. ECORYS, **Háskóli Íslands**, **Góð samskipti**
5. EIR Development Partners, **KOM**, Pomilio Blumm, European Movement Latvia
6. INTRASOFT, HCL Consultants Ltd.
7. Media Consulta International, **Athygli almannatengsl**
8. SAFEGE, European Service Network, Aspect Relations Publiques, Cecoforma

Trassaskapur bíleigenda:

## Númer klippt af 40 bílum

**LÖGREGLA** Um helgina voru skráningarnúmer fjarlægð af 40 ökutækjum á höfuðborgarsvæðinu sem voru ýmist ótryggð eða óskoðuð og jafnvel hvort tveggja, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni. Þar segir að trassaskapur sumra í þessum efnum sé með ólíkindum.

Töluvert er um ótryggð og óskoðuð ökutæki á höfuðborgarsvæðinu og hvetur lögreglan eigendur og umráðamenn þeirra til að gera þar bragarbót á.

Undanfarið hafa skráningarnúmer verið fjarlægð af mörgum ökutækjum sem uppfylltu ekki ákvæði um skoðun eða voru ótryggð. Lögreglan heldur eftirlitinu áfram og hvetur ökumenn til að passa upp á þetta svo ekki þurfi að koma til fyrrnefndra aðgerða.

Laug að lögreglunni:

## Gaf falska fjarvistarsönnun

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir rangan framburð í skýrslugjöf hjá lögreglu.

Maðurinn gaf skýrslu sem vitni hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í febrúar á síðasta ári og síðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur síðar á árinu. Hann bar ranglega að hann hefði verið með öðrum manni á tilteknum stað á tilteknum tíma til þess að veita honum fjarvistarsönnun. Síðarnefndi maðurinn var þá til rannsóknar hjá lögreglu og síðar fyrir dómi fyrir stórfellda líkamsárás. Hann var í héraði dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi. **- jss**

VIÐSKIPTI

**Tvöfalt fleiri nauðungarsölur**

Í lok desember 2010 höfðu 453 fasteignir verið seldar nauðungarsölu hjá Sýslumanninum í Reykjavík á árinu. Þetta er meir en tvöföldun á fjölda nauðungarsalna á fasteignum miðað við sama tímabil í fyrra en þá voru þær 207 talsins í lok desember. Þeim fjölgaði því um 246 á milli ára.




Ríkisendurskoðun með úttekt á Raunvísindastofnun:

# HÍ sé virkari í starfsemi Raunvísindastofnunar

**STJÓRNSÝSLA** Háskóli Íslands þarf að hafa virkari afskipti af starfsemi Raunvísindastofnunar samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar á stjórnun og rekstri stofnunarinnar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að samskipti menntamálaráðuneytisins við stofnunina beri vott um að það líti ýmist á hana sem sjálfstæða ríkisstofnun eða hluta af HÍ. Ríkisendurskoðun telur að ráðuneytið eigi að haga samskiptum sínum við stofnunina með þeim hætti að forræði háskólans yfir henni sé virt. Ríkisendurskoðun bendir á nokkur atriði sem þurfi að huga að. Stjórnendur HÍ eigi að taka aukinn þátt í gerð og eftirfylgni rekstraráætlana. Ráðuneytið eigi að virða forræði HÍ yfir stofnuninni. Einfalda þurfi skipulag stofnunarinnar og að lokum þurfi að setja skýrar verklagsreglur um ýmsa þætti í rekstrinum. **- gar**





Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# Starfsnám styrkir stöðu þína!

## Yfirlit námsbrauta á vorönn 2011

### Sölu-, markaðs og rekstrarnám 432 stundir (2 annir)

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja hvort annað þ.e. Sölu- og markaðsnámi og Frumkvöðla og rekstrarnámi. Frábært nám fyrir alla sem starfa eða vilja starfa við sölumennsku og þá sem eru með eða stefna að því að fara út í eigin rekstur.

### Skrifstofu- og rekstrarnám 426 stundir (2 annir)

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja vel hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunámi og Bókaranám framhald.

### Grafísk hönnun 156 stundir

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga. Kennt er á þau forrit sem aðallega eru notuð við gerð kynningarefnis á stafrænu formi. Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið.

### Alvöru vefsíðugerð 240 stundir

Með gagnagrunnstengdum vefjum er hægt að minnka alla umsýslu sem og sjálfvirknivæða viðhald og birtingar á gögnum eftir fyrirfram skilgreindum forsendum.

Þegar nemandinn hefur lokið þessu námskeiði á hann að hafa haldgóðan skilning á vefsíðugerð bæði hvað varðar hefðbundnar vefsíður og síðan gagnagrunnstengdar vefsíður. Nemendur hafi vald á meðferð myndefnis fyrir vefinn og framsetningu þess, hafi skilning á virkni hefðbundinna vefsíðna og læri til þess HTML kóðun.

### Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

### Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### Frumkvöðla- og rekstrarnám 168 stundir

Námið er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eða stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda. Í náminu er mikilli athygli beint að mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og hvernig hægt er að styrkja þær með mismunandi rannsóknum og greiningu á markaðnum.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

### Bókaranám framhald 168 stundir

Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

OPIN KERFI · Microsoft Certified Partner – Learning Solutions · Pearson VUE Authorized Test Center · Prometric

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV
af auglýstu staðgreiðsluverði

INNRITUN FYRIR VORÖNN STENDUR YFIR

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv



**VETRARSUND Í BERLÍN** Fjöldi fólks brá sér í sund í skrautlegum sundfötum í vetrarkuldanum í Berlín um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Tæplega sextíu mál til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra um áramót:

# Ákærum vegna efnahagsbrota snarfjölgar

**LÖGREGLUMÁL** Ákærum hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur fjölgað verulega á milli ára, úr 21 ákæru á árinu 2007 í 62 ákærur á árinu 2010. Á árinu 2008 voru gefnar út 42 ákærur og 47 á árinu 2009. Á þessum fjórum árum eru útgefnar ákærur 172 talsins.

Þetta kemur fram í upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra.

Enn fremur segir að um áramótin 2009-2010 hafi 133 mál verið í rannsókn hjá efnahagsbrotadeild. Á árinu 2010 voru málin flest 139 og var rík áhersla lögð á að ljúka málum innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í málsmeðferðarreglum ríkissaksóknara.

**Fjöldi mála hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra**

| Staða máls | des. 2009 | apr. 2010 | jún. 2010 | ágú. 2010 | okt. 2010 | nóv. 2010 | jan. 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bíður ákvörðunar | (0) | 7 | 3 | 4 | 1 | 1 | 1 |
| Bíður rannsóknar | 35 | 36 | 37 | 41 | 36 | 33 | 37 |
| Í rannsókn | 53 | 51 | 27 | 21 | 15 | 14 | 10 |
| Í bið | (0) | (0) | 16 | 16 | 16 | 3 | 2 |
| Til meðferðar hjá saksókn. | 45 | 41 | 44 | 47 | 38 | 13 | 7 |
| **Heildarfjöldi** | **133** | **135** | **127** | **129** | **106** | **64** | **57** |

Til að bregðast við þessum fjölda mála voru gerðar ýmsar skipulagsbreytingar á starfsemi deildarinnar. Lögð var rík áhersla á að fullmanna deildina en þar eru nú sautján starfsmenn, sem eru fjórir lögfræðingar, níu lögreglumenn og fjórir viðskiptamenntaðir starfsmenn með reynslu úr viðskiptalífinu. Engar fjárveitingar fengust til að fjölga starfsmönnum og var kostnaði vegna þessara breytinga mætt með frekari samdrætti í öðrum rekstri embættis ríkislögreglustjóra. Nýja starfsmenn þurfti að þjálfa jafnframt því að tekist var á við uppsafnaðan málahala. Í fjárlögum fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til eftirlitsstofnana ríkisins sem kæra mál til efnahagsbrotadeildar. Ríkislögreglustjóra hefur verið gert að skera niður um hátt í 300 milljónir króna á árunum 2009-2011. - jss

Greiningardeild Íslandsbanka:

## Atvinnuleysi mun aukast

**ATVINNA** Búist er við því að atvinnuleysi muni aukast á næstunni, er fram kemur í nýjustu greiningu Íslandsbanka. Atvinnuleysi mældist 7,7 prósent í nóvember síðastliðnum og jókst um 0,2 prósentustig frá fyrri mánuði.

Samkvæmt greiningardeild bankans fer þeim fjölgandi sem eru án atvinnu og á sama tíma fækkar þeim störfum sem í boði. Sjaldan hefur framboðið á vinnumarkaðnum í raun verið minna en það er nú. Atvinnuleysi fór úr 8 prósentum í 8,2 á milli nóvember og desember árið 2009 og er búist við því að þróun síðasta árs reynist svipuð.

Vinnumálastofnun mun birta nýjustu atvinnuleysistölur á föstudag. - sv

## DÓMSMÁL

### Ákærður fyrir ginsmygl

Tæplega fertugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að reyna að smygla lítra af gini til landsins. Maðurinn fór í gegnum grænt hlið í tollafgreiðslunni í Leifsstöð. Tollgæslan tók ginið af honum. Það var umfram heimilan innflutning ferðamanna á áfengi.

### Stal ilmvatni og vodka

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að stela tveimur tegundum af ilmvatni að verðmæti fimmtán þúsund krónur og tveimur flöskum af vodka að verðmæti ellefu þúsund úr Lyfju og Vínbúð í Reykjanesbæ.

### Líkamsárás á tjaldstæði

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur ákært rúmlega tvítugan mann fyrir að ráðast á annan mann á tjaldstæði í Grindavík og slá hann hnefahöggum í andlit og höfuð. Fórnarlambið hlaut talsverða áverka.

# Ólíklegt að erlendir aðilar bjóði í verkið

**Talið er ólíklegt að erlendir aðilar muni bjóða í framkvæmdir við byggingu fangelsis á Hólmsheiði og eru útboðsgögn því gefin út á íslensku. Vinna við gögnin er langt komin, en beðið er eftir grænu ljósi frá ráðuneytinu til birtingar.**

**FANGELSISMÁL** Ríkiskaup, sem veita opinberum stofnunum þjónustu og ráðgjöf á sviði útboða, ráða hvort útboðsgögn sem gefin eru út innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eru á íslensku eða á öðrum tungumálum. Gögn fyrir framkvæmdir við fangelsið á Hólmsheiði verða birt á íslensku.

Guðmundur Hannesson, forstöðumaður ráðgjafarsviðs Ríkiskaupa, segir mun þægilegra að vinna gögnin á íslensku, einkum ef búist sé við því að flestir bjóðendur verði Íslendingar.

„Hólmsheiði er ekki stórt verkefni á erlendan mælikvarða. En það er alltaf spurning hversu langt erlendir aðilar eru tilbúnir að teygja sig, við getum auðvitað aldrei útilokað það," segir Guðmundur. „Það er í sjálfu sér ekki ósanngjarnt að stórir erlendir aðilar sem hafa áhuga á verkefninu láti þá bara snara gögnunum yfir á ensku fyrir sig."

Guðmundur segir að í þeim tilvikum sem útboðsgögn hafi verið birt á ensku hafi verið vitað um áhuga tiltekinna erlendra aðila. Þá hafi sú ákvörðun verið tekin að vinna gögnin í einu lagi á ensku, til þess að margir aðilar þurfi ekki að þýða gögnin hver í sínu horni. Einnig bendir Guðmundur á að íslenskir tæknifræðingar eigi nánast eins auðvelt með að skilja ensku og íslensku.

Samtök iðnaðarins lýstu yfir óánægju sinni í febrúar í fyrra, þegar Ríkiskaup birtu útboðsgögn á ensku vegna kaupa á nýjum innréttingum í Háskóla Íslands. Guðmundur segir erlendan aðila hafa sýnt því verki áhuga fyrir fram og því hafi gögnin verið unnin á ensku. Einnig hefðu hátæknileg atriði getað misfarist í þýðingum úr íslensku, en um ýmis tæki og tól á rannsóknarstofu HÍ var að ræða.

„Burtséð frá öllu er meginmarkmiðið hjá okkur alltaf að fá besta og hagstæðasta verðið," segir Guðmundur.

Vinnu Ríkiskaupa við útboðsgögn fangelsisins er nánast lokið, en beðið er eftir grænu ljósi frá innanríkisráðuneytinu til birtingar. Jón Magnússon, skrifstofustjóri ráðuneytisins, segir vinnu enn vera í gangi hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, sem er að skrifa útboðslýsingu annars vegar og byggingarlýsingu hins vegar. Sú vinna ætti að taka 3 til 4 vikur.

sunna@frettabladid.is



**TEIKNING ALEX POULSEN ARKITEKTER** Sé verðmæti útboðsverka hærra en 12,4 milljónir króna er skylt að bjóða verkin út innan EES. MYND/ALEX POULSEN ARKITEKTER



**JARÐVEGSLOSUN Á HÓLMSHEIÐI** Áætlað er að framkvæmdir við fangelsið á Hólmsheiði muni hefjast á fyrri hluta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heilsuátak með aukinni fiskneyslu

Fiskfars 550 kr.kg

Fiskhakk 790 kr.kg

Nýjar og nætursaltaðar kinnar 790 kr.kg

Ýsuflök með roði 1.390 kr.kg

Fiskréttir í sósu 1.390 kr.kg

Stór og falleg flök, ekki einhverjir smátittir eins og fást í ákveðinni verslun.

Karrýkókos, Mangósósa, Tikka masalasósa, Sinneps og graslaukur, Hvítlaukspiparsósa og fleiri og fleiri.

GELLUR OG KINNAR

HROGN OG LIFUR

Sjáumst eldhress á eftir, við erum tilbúnir að taka á móti mikilli traffík. Stutt bið, þó svo það eru 30 manns í röð.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Sveitarfélög, atvinna og ESB

Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon þriðjudaginn 11. janúar kl. 12–13.

Frummælendur

Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar og formaður borgarráðs

Óttarr Proppé, borgarfulltrúi Besta flokksins

Allir velkomnir xs.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI ÍÞRÓTTIR

Meiri Vísir. vísir.is

Minni hagvöxtur á evrusvæðinu á þriðja ársfjórðungi í fyrra en spáð hafði verið:

# Fjárfesting dróst saman

**EVRÓPA** Hagvöxtur í ríkjunum sextán sem mynda evrusvæðið varð minni á þriðja fjórðungi síðasta árs en spáð hafði verið.

Það dró úr fjárfestingu og neysla almennings jókst minna en spár gerðu ráð fyrir.

Eurostat, Hagstofa Evrópusambandsins, hafði gert ráð fyrir 0,4 prósenta hagvexti á þriðja fjórðungi ársins 2010 en þegar upp var staðið reyndist hann 0,3 prósent. Það er mun minna en sá 1 prósents vöxtur sem mældist á öðrum fjórðungi. Til samanburðar varð hagvöxtur í Bandaríkjunum 0,6 prósent og í Japan 1,1 prósent á þriðja ársfjórðungi.

Í öllum ríkjunum sextán dró úr hagvexti milli fjórðunga en Grikkland var þó eina landið þar sem samdráttur mældist. Hagkerfi landsins dróst saman um 1,3 prósent, sem var meiri samdráttur en spáð hafði verið. Þegar litið er til allra 27 landa Evrópusambandsins mældist hagvöxtur 0,5 prósent, sem er í samræmi við spár en hálfu minna en sá 1 prósents hagvöxtur sem mældist þar á öðrum fjórðungi ársins. Fyrir helgi voru einnig birtar tölur um atvinnuleysi sem sýna að 10,1 prósent vinnuafls í löndum ESB var án atvinnu í nóvembermánuði og hefur atvinnuleysi ekki mælst meira í þeim mánuði frá því um mitt ár 1998. - pg



**MEST HÆGÐI Á EFNAHAGSLÍFINU Í ÞÝSKALANDI** Á þriðja fjórðungi síðasta árs mældist hagvöxtur 0,7 prósent í Þýskalandi samanborið við 2,3 prósent á öðrum ársfjórðungi.




Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**FRÉTTASKÝRING:** Undirskriftasafnanir

## Fjöldinn sveiflast

Misjafnt er hversu vel forsvarsmönnum mismunandi undirskriftasafnana gengur að safna á lista. Hér má sjá samanburð á nokkrum af umtöluðum undirskriftasöfnunum sem fram hafa farið hér á landi undanfarin ár og áratugi.

Rétt er að hafa í huga að á síðari árum hefur undirskriftum verið safnað í gegnum netsíður, í stað þess að undirskriftalistar á pappír gangi milli manna og því minna mál að safna miklum fjölda undirskrifta en áður.




**Vegatollar**
Undirskriftasöfnun Félags íslenskra bifreiðaeigenda þar sem vegatollum á stofnbrautum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins er mótmælt hefur náð miklu flugi. Í gærkvöldi höfðu 41.093 skrifað rafrænt undir áskorun til stjórnvalda. Þar hafa þó ekki verið sigtaðir út þeir sem ekki eru á kosningaaldri. Miðað við síðustu þingkosningar gætu þetta verið um átján prósent kosningabærra manna.

Undirskriftasöfnuninni lýkur á hádegi í dag, og er stefnt á að afhenda innanríkisráðherra undirskriftalistann á fimmtudag. Undirskriftum er safnað á fib.is.

**Orkuauðlindir**
Alls höfðu 47.004 skrifað undir áskorun til stjórnvalda vegna orkumála í gærkvöldi. Þar er þess krafist að stjórnvöld komi í veg fyrir söluna á HS Orku. Jafnframt er skorað á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald á auðlindum Íslands og nýtingu á þeim. Ekki er ljóst hversu hátt hlutfall þeirra sem setja nafn sitt við undirskriftasöfnunina er á kosningaaldri. Séu þeir það allir hefur ríflega fimmtungur kosningabærra manna skrifað þar undir. Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum undirskriftasöfnunarinnar stendur til að vinsa þá frá sem ekki eru á kosningaaldri. Ljóst verður á næstu dögum hvenær undirskriftalistarnir verða afhentir.

**Icesave**
Metfjöldi skoraði á forseta Íslands að hafna því að staðfesta lög frá Alþingi um ríkisábyrgð á Icesave-skuldum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Alls skrifuðu 56.089 undir áskorun til forsetans. Af þeim fjölda voru ríflega 52 þúsund átján ára og eldri, sem var um 23 prósent kosningabærra manna.

Árangurinn lét ekki á sér standa, og synjaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lögunum staðfestingar. Haldin var þjóðaratkvæðagreiðsla um lögin, og þeim hafnað af 93,2 prósentum þeirra sem atkvæði greiddu, en aðeins 1,8 prósent vildu staðfesta lögin.

**Stefna DV**
Vefritið Deiglan stóð fyrir undirskriftasöfnun árið 2006 þar sem skorað var á ritstjóra og blaðamenn dagblaðsins DV að endurskoða ritstjórnarstefnu blaðsins og eigendur minntir á ábyrgð sína á útgáfunni.

Undirskriftirnar sem söfnuðust voru 32.044 talsins. Ekki er ljóst hversu margir af þeim fjölda voru á kosningaaldri. Hafi þeir allir verið átján ára eða eldri hafa það verið hátt í fimmtán prósent kosningabærra manna.

**Fjölmiðlar**
Mikil fjöldi skrifaði nafn sitt á undirskriftalista þar sem fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var mótmælt, og skorað á forseta Íslands að staðfesta lögin ekki, hlytu þau náð fyrir augum þingmanna. Alls söfnuðust 31.752 undirskriftir, sem var um fimmtán prósent kosningabærra manna. Í kjölfar undirskriftasöfnunarinnar synjaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lögunum staðfestingar. Ríkisstjórnin dró lögin þá til baka svo ekki þyrfti að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þau.

**EES-samningur**
Mikill fjöldi landsmanna skoraði árið 1992 á Alþingi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Alls skrifuðu 34.378 undir kröfur um þjóðaratkvæðagreiðslu, tæplega nítján prósent atkvæðabærra manna. Að undirskriftasöfnuninni stóðu auk annarra ASÍ og BSRB, þó að forystumenn þeirra tækju opinberlega ekki afstöðu til þess hvort þjóðin ætti að samþykkja eða hafna inngöngu Íslands í EES.

Tillaga um að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu var felld á Alþingi með 31 atkvæði gegn 28.

**Varið land**
Mesta þátttaka í undirskriftasöfnun á Íslandi til langs tíma var í söfnun sem kennd er við Varið land og fór fram 1974. Það var ekki fyrr en undirskriftum gegn Icesave var safnað seint á árinu 2009 sem það met var loksins slegið. Alls skrifuðu 55.522 nöfn sín á undirskriftalista til að sýna stuðning sinn við áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og áframhaldandi veru bandaríska varnarliðsins hér á landi.

Söfnunin hófst eftir að háværar kröfur fóru að heyrast um endurskoðun á varnarfyrirkomulaginu. Undirskriftasöfnunin olli talsverðu uppnámi í samfélaginu, en engar breytingar voru gerðar á varnarmálum þjóðarinnar í kjölfarið.

**Kanasjónvarpið**
Íslensk stjórnvöld heimiluðu árið 1966 bandaríska varnarliðinu að senda út sjónvarpsstöð sína, sem kölluð var Kanasjónvarpið, með öflugri sendum en áður hafði þekkst. Þetta olli nokkru uppnámi.

Fyrst skoruðu svokallaðir sextíumenningar, 60 menntamenn, á stjórnvöld að hætta við leyfisveitinguna. Í kjölfarið tóku 600 stúdentar í sama streng. Þetta varð til þess að Félag sjónvarpsáhugamanna hóf söfnun undirskrifta þar sem því var mótmælt að útsendingar kanasjónvarpsins yrðu takmarkaðar við Keflavíkurflugvöll. Alls söfnuðust 14.680 undirskriftir, um fjórtán prósent kosningabærra manna. Útsendingarnar héldu áfram til 1974, en þá voru þær færðar í kapalkerfi.

**Keflavíkursamningur**
Tæplega ellefu prósent kosningabærra manna mótmæltu árið 1946 hinum svokallaða Keflavíkursamningi. Hann var samningur sem íslensk og bandarísk stjórnvöld gerðu um að bandaríski herinn færi af landi brott en bandarískir borgaralegir starfsmenn myndu áfram reka Keflavíkurflugvöll. Alls mótmæltu 8.369 manns samningnum með undirskriftum sínum, en höfðu ekki erindi sem erfiði. Samningurinn var í gildi til ársins 1951 þegar hinn svokallaði varnarsamningur tók við, og herstöðin á Miðnesheiði var reist.

# Icesave-metið virðist standa óhaggað

**Tveir hópar safna nú undirskriftum landsmanna af miklum móð. Málefnin sem þeir bera fyrir brjósti eru þó afar ólík, orkumálin og HS Orka annars vegar og vegatollar á leiðunum til höfuðborgarinnar hins vegar. Fjöldi þeirra sem skrifað hafa nafn sitt rafrænt á mótmælaskjölin nær ekki fjöldanum sem mótmælti Icesave, en er þó orðinn meiri en í mörgum undirskriftasöfnunum í gegnum tíðina.**

Tæplega 47 þúsund hafa sett nafn sitt á undirskriftalista þar sem farið er fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald og nýtingu orkuauðlinda. Þetta eru fleiri en skoruðu á forseta Íslands að staðfesta ekki fjölmiðlalögin árið 2004. Örlítið færri, um 41 þúsund, hafa skrifað undir mótmæli vegna fyrirhugaðra vegatolla í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Sá mikli fjöldi sem leggur nafn sitt við þessar undirskriftasafnanir vekur athygli. Þó að fjöldinn sé umtalsverður í sögulegu samhengi nær hann þó ekki þeim fjölda sem skoraði á forseta Íslands að synja lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave staðfestingar.

Markmiðið með annarri undirskriftasöfnuninni er einfaldlega að hafa áhrif á þau áform stjórnvalda að leggja sérstakan vegatoll á bíla sem fara um stofnbrautir sem liggja til og frá höfuðborgarsvæðinu.

Í hinni undirskriftasöfnuninni er markmiðið annars vegar að knýja stjórnvöld til að ganga inn í samning um sölu á HS Orku til Magma Energy. Hins vegar er skorað á Alþingi að leyfa þjóðinni að kjósa um eignarhald og nýtingu á orkuauðlindum Íslands.

Engin kvöð er á stjórnvöldum að taka tillit til undirskriftalista, þó að oft hafi verið rætt um hvort slík ákvæði eigi heima í stjórnarskrá. Sú óánægja sem endurspeglast í slíkum undirskriftalistum hefur tvisvar orðið til þess að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, synji lögum staðfestingar.



**MÓTMÆLIN AFHENT** Ekki safnast alltaf tugir þúsunda undirskrifta þegar safnanir fara af stað. Hér afhendir Halldór Eldjárn Þórhalli Gunnarssyni, þáverandi dagskrárstjóra Sjónvarpsins, ríflega 2.000 undirskriftir til stuðnings Randver Þorlákssyni í september 2007, eftir að Randver missti hlutverk sitt í Spaugstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrst neitaði hann að staðfesta fjölmiðlalög frá Alþingi árið 2004. Þá höfðu tæplega 32 þúsund skorað á hann að staðfesta ekki lögin. Ólafur synjaði svo lögum um ríkisábyrgð á Icesave-skuldum Landsbankans staðfestingar snemma á síðasta ári. Þá hafði metfjöldi skorað á forsetann, um 56 þúsund manns.

Þó að færri skori nú á stjórnvöld að hætta við áform um vegatolla og breyta stefnu sinni í orkumálum en skoruðu á forsetann vegna Icesave-málsins, hafa í báðum tilvikum mun fleiri skrifað undir en skoruðu á forsetann í fjölmiðlamálinu.

Undirskriftasöfnun vegna vegatolla lýkur í dag og söfnun vegna orkumála á næstu dögum. Því er sennilegt að metið sem sett var vegna Icesave standi óhaggað.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



**Framhalds-aðalfundur VR**

Verður haldinn á Hilton Reykjavik Nordica hotel í kvöld kl. 19.30.

**Dagskrá:**
Lagabreytingar.
Önnur mál.

Tillögur til breytinga á lögum VR liggja frammi á skrifstofum félagsins.

Félagsmenn hvattir til að mæta.

Virðing Réttlæti

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Fíton / SÍA

Fyrstur kemur fyrstur fær

# ÚTSALA

Takmarkað magn

## Gerið gæða- og verðsamanburð

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**




2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**




**10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.**
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)



**BOAS**
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Svefnsófi **169.900**
Hægindastóll **79.900**

**20-70%**
**AFSLÁTTUR**
Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur.
Lök, hlífðardýnur, pífur, sængurverasett og fleira.



**50%**
**AFSLÁTTUR**

**Svefnsófi**
með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**
**Nú 99.500**

**Baldursnesi 6**



AKUREYRI

Svefn & heilsa
★★★★★

**Listhúsinu Laugardal**



REYKJAVÍK

www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Eiga menn að vita fyrirfram hvers lenzkir arkitektarnir verða sem fá að teikna fangelsi?

## Útboð á íslenzku

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Í kreppu koma undantekningarlítið fram kröfur um að stjórnvöld fylgi verndarstefnu í auknum mæli, hækki til dæmis tolla eða komi á annars konar viðskiptahindrunum til að verja innlendar atvinnugreinar fyrir samkeppni frá útlöndum. Löng reynsla sýnir þó að verndarstefna dýpkar venjulega kreppuna.

Hér á landi gilda reglur, sem skylda opinbera aðila til að bjóða meiri háttar innkaup og framkvæmdir út á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta er skynsamlegt og hagkvæmt fyrirkomulag, sem stuðlar að því að innlend fyrirtæki fá harðari samkeppni. Ríki og sveitarfélög fá viðkomandi vöru eða þjónustu á hagstæðasta verði og eiga þá annaðhvort peninga afgangs til að verja í annars konar vöru og þjónustu eða geta tekið minni skatta af almenningi, sem á þá meira fé aukreitis.

Þetta eiga fulltrúar sérhagsmuna oft erfitt með að skilja. Þá er vísað til erfiðrar stöðu í þessari eða hinni atvinnugreininni og að þess vegna eigi stjórnvöld að stuðla að því að verkefnum á vegum hins opinbera sé „haldið í landinu", jafnvel þótt það sé dýrara fyrir skattgreiðendur. Þá yfirsést mönnum að peningarnir sem sparast við að taka hagstæðasta tilboði búa til umsvif og störf annars staðar í hagkerfinu. Til lengri tíma er það þess vegna skynsamlegri kostur fyrir samfélagið í heild að stuðla að því að þeir fái verkefnin sem geta unnið þau ódýrast, jafnvel þótt þeir séu útlendingar.

Sérhagsmunagæzlan kemur fram með ýmsum hætti. Fyrir ári birtu Ríkiskaup útboðsgögn vegna innréttinga á rannsóknarstofu í Háskóla Íslands á ensku til að auðvelda erlendum fyrirtækjum að bjóða í verkefnið. Samtök iðnaðarins tóku þetta óstinnt upp og sögðu frá málinu á heimasíðu sinni undir fyrirsögninni „löglegt en siðlaust". Lögfræðingur SI sagði að menn hlytu „að spyrja sig hvað vaki fyrir Ríkiskaupum með því að biðla frekar til erlendra fyrirtækja en íslenskra, sérstaklega þegar hafðar eru í huga þær aðstæður sem eru hér heima fyrir".

Sambærileg umræða fer fram meðal arkitekta vegna fyrirhugaðs útboðs á lokahönnun og framkvæmdum við nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Arkitektar hafa verið reiðir vegna þess að dómsmálaráðuneytið leitaði til danskra arkitekta sem hannað hafa mörg fangelsi um fyrstu drög að hönnun fangelsisins, lítið verk sem kostaði innan við fimm milljónir. Áframhaldandi hönnun og framkvæmdir á að bjóða út á EES. Á heimasíðu Arkitektafélagsins sagði fyrir stuttu að forysta félagsins vildi „tryggja að þetta mál fari eftir ásættanlegum farvegi fyrir íslenska arkitekta". Í því skyni hefði verið haft samband við þingmenn, skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að útboðsgögnin yrðu aðeins birt á íslenzku, en Jón Magnússon, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, orðaði það svo að það væri venjan hér á landi eftir efnahagshrunið. Einhverra hluta vegna telur skrifstofustjórinn sig þess sömuleiðis umkominn að lýsa því yfir fyrirfram að íslenzkir arkitektar muni nú taka alfarið við málinu.

Íslenzkir arkitektar eiga að sjálfsögðu að fá að bjóða í verkefni á borð við hönnun stórra bygginga. En það er misráðið og skammsýnt að reisa tungumálamúr, sem heldur erlendum bjóðendum í burtu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Flakkara á hvert býli

Tveir alþingismenn hafa orðið uppvísir að gleymsku á liðnum vikum. Fyrst kom í ljós að Ásmundur Einar Daðason selur brynningartæki og annað smálegt til bústarfa í gegnum vefverslunina Ísbú. Ásmundur á fjórðungshlut í versluninni, sem hefur á boðstólum allt sem bóndi þarf til búskapar, til dæmis fartölvur, flakkara, myndavélar og tölvuskjái. Ásmundur hefði eðlilega átt að skrá þetta í þar til gerða hagsmunaskrá hjá Alþingi reglum samkvæmt, en lét það fyrir farast. Hann gleymdi því einfaldlega.



### Gleymir heilsuferðunum

Í gær var minnt á það að Magnús Orri Schram er formaður samtaka sem hafa það að markmiði að stuðla að því að hingað komi útlenskir sjúklingar og leiti sér lækninga við kvillum af ýmsu tagi. Hann hefur stýrt samtökunum í tæpt ár, samhliða þingmennsku. En hann steingleymdi að skrá hagsmunina hjá Alþingi eins og vera ber.



### Þekkja ekkert annað

Þetta eru tvö dæmi með aðeins örfárra vikna millibili. Reglurnar eru svo sem nýjar, svo þær hafa kannski ekki fest sig kirfilega í minni þingmanna enn. En á hitt ber að líta að reglurnar eru eldri en þingmannsferill þeirra beggja, Ásmundar og Magnúsar. Þeir þekkja enga aðra starfshætti á þingi. Hversu algeng ætli gleymska af þessu tagi sé þá meðal eldri hunda sem erfitt er að kenna að sitja?

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Landhelgisgæslan á Suðurnes

Landhelgisgæslan

Eygló Harðardóttir

þingmaður Framsóknarflokksins



Ríkisstjórnin hélt nýlega fund á Suðurnesjum þar sem samþykkt var aðgerðaáætlun til að takast á við hið mikla atvinnuleysi sem þar ríkir. Þar var innanríkisráðherra falið að skoða vandlega kosti þess að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar á öryggissvæðið á Miðnesheiði og að gerð yrði hagkvæmniathugun á þeim kosti. Niðurstöður eiga að liggja fyrir í byrjun febrúar.

Hugmyndin um flutning Landhelgisgæslunnar á Suðurnesin er ekki ný af nálinni. Þingsályktunartillögur þess efnis voru tvívegis fluttar af þingmönnunum Árna R. Árnasyni og Hjálmari Árnasyni, en voru ekki útræddar. Höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar eru í Reykjavík. Þar er skrifstofuhald, þar liggja þrjú skip hennar á milli verkefna og þar er flugvélakostur Gæslunnar geymdur. Hjá stofnuninni starfa um 150 manns auk tuga nýrra starfsmanna frá Varnarmálastofnun.

Oft getur verið erfitt að flytja heila stofnun, en ýmislegt mælir með því á þessum tímapunkti. Um áramót tók Landhelgisgæslan við stórum hluta verkefna Varnarmálastofnunar sem staðsett var á gamla varnarliðssvæðinu á Suðurnesjum. Fram undan er því mikið starf við að sameina og aðlaga verkefni þessara tveggja stofnana í nýja heild og gæti flutningur í nýrri og betri aðstöðu verið mikilvægur þáttur í að byggja upp Landhelgisgæsluna.

Varnarmálastofnun bjó yfir góðum húsakosti sem gæti hentað mjög vel fyrir starfsemi Landhelgisgæslunnar. Fram hefur komið í máli forstjóra Gæslunnar að húsakostur hennar gæti verið betri. Besti flugvöllur landsins er á Suðurnesjum. Hafnaraðstaða er þar næg og varðskipin væru óneitanlega nokkru nær almennum miðum en í Reykjavíkurhöfn. Síðast en ekki síst hafa íbúar svæðisins mikla reynslu og þekkingu af því að þjónusta starfsemi af þessu tagi. Því eru bæði öryggis- og rekstrarleg rök sem mæla með flutningi. Til viðbótar eru mikilvæg byggðarök. Hvergi hefur atvinnuleysi verið meira en á Suðurnesjum enda skildu brottför varnarliðsins, hrun byggingargeirans og bankakreppan eftir svöðusár á atvinnulífi svæðisins.

Fulltrúar stjórnmálaflokka hafa lýst sig fylgjandi flutningi Gæslunnar og ályktaði félagsfundur VG á Suðurnesjum síðast um málið í október 2010 þar sem stjórnvöld voru hvött til að flytja Landhelgisgæsluna og starfsemi henni tengda á Suðurnesin.

Því hvet ég innanríkisráðherra til að taka af skarið og styðja flutning Landhelgisgæslunnar á Suðurnesin.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hver er þinnar gæfu smiður?

Heilsugæsla

Jóhann Ág. Sigurðsson
prófessor og yfirlæknir Þróunarstofu Heilsugæslunnar



Málshátturinn „Hver er sinnar gæfu smiður“ er barn síns tíma. Hann nær of skammt miðað við núverandi þekkingu á helstu ákvörðunarþáttum heilbrigðis. Nær hefði verið að breyta þessum málshætti í spurningu svo sem „Hver er þinnar gæfu smiður?“ Viðfangsefnið verður þá sem fyrr að skoða ábyrgð og þátt einstaklingsins í því að móta lífshlaup sitt, en jafnframt að spyrja þeirrar spurningar hvaða þættir það séu í umhverfi og samskiptum sem ráði miklu um heilsufar viðkomandi einstaklings. Meðal augljósra dæma um áhrif umhverfis á heilsufar eru stríðsástand, fátækt og menntunarskortur.

tekið virkan þátt í forvörnum á þessu sviði. Heilsugæslan er þar í kjöraðstöðu, einkum vegna möguleika á heildrænni nálgun. Heildræn nálgun byggir fyrst og fremst á þeirri vísindalegu þekkingu að fjölbreytilegar birtingarmyndir sjúkdóma og áhættuþátta megi að nokkru leyti rekja til lífshlaups einstaklingsins í samhengi við umhverfi hans. Saga hvers og eins skiptir því miklu máli við úrlausnir vandamála. Umhverfisáhrif og samskipti fólks móta þroska heilans allt frá getnaði og jafnvel fyrr. Alvarleg áföll raska heilaþroska, sérstaklega hjá börnum, sem getur meðal annars leitt til þess að þau eigi erfiðara með að setja mörk. Slík röskun getur síðan leitt til áhættuhegðunar, sem aftur leiðir til fleiri sjúkdóma, þar á meðal fyrrnefndra „lífsstílssjúkdóma“. Áföll í æsku, svo sem misnotkun, einelti eða stormasamt heimili vegna óreglu geta jöfnum höndum stuðlað að ADHD-heil-

> Svo óheppilega vill til að orðið „lífsstílssjúkdómar“ hefur fest sig við marga sjúkdómaflokka…

Þessi vandamál virðast okkur fjarlæg, en við glímum engu að síður við skyld mál sem tengjast einnig pólitískum, menningarlegum og félagslegum aðstæðum. Hér má nefna atvinnuleysi, gjaldþrot, óöryggi á vinnustað eða niðurbrjótandi samskipti, en allir þessir þættir geta haft veruleg áhrif á heilsu fólks til skemmri eða lengri tíma. En listinn er mun lengri og skýringar á orsökum sjúkdóma eru sjaldnast einfaldar. Rætur heilsufarstengdra vandamála geta til dæmis jöfnum höndum verið ein krabbameinsfruma eða glæfralegar ákvarðanir teknar í Landsbankanum.

Svo óheppilega vill til að orðið „lífsstílssjúkdómar“ hefur fest sig við marga sjúkdómaflokka svo sem hjartasjúkdóma, offitu barna og fullorðinna, fíkn ýmiss konar, sykursýki, þunglyndi, beinþynningu, o.fl. Hugtakið „lífsstílssjúkdómar“ gefur til kynna að aðalábyrgð á sjúkdómnum sé vegna lífsstíls einstaklingsins sjálfs. Þetta er slæmt þar eð skýringar á sjúkdómum eru yfirleitt flóknari en svo.

Nafngiftin ýtir einnig undir þá skoðun að sjúkdómur eða ástand „detti af himnum ofan“ eða mótist eingöngu innan frá í einstaklingnum sjálfum, óháð ytri aðstæðum og samskiptum hans við aðra. Til þess að auka skilning á orsakatengslum væri því nær að tala um lífsstíls- og örlagaástand þegar við fjöllum um þessi vandamál.

**Heildræn heilsugæsla og heilsuvernd**

Enda þótt lífsstíls- og örlagaástand mótist fyrst og fremst af menningarlegum, félagslegum og pólitískum straumum getur heilbrigðisstarfsfólk kenni, þunglyndi, fíkn, aukinni tíðni hjarta- og æðasjúkdóma, bronkítis, astma og langvinni lungnateppu svo eitthvað sé nefnt. Sterkt samband er á milli lystarstols (anorexia) og kynferðislegrar misnotkunar.

Offita barna og unglinga getur einnig tengst ýmsum áföllum, feitum foreldrum, félagslegri einangrun eða fjölskylduvandmálum. Eitt er víst í þessu samhengi. Ábyrgðin á „lífsstíl“ er ekki alltaf eða eingöngu einstaklingsins. Örlögin eru oftar en ekki ráðin af öðrum.

Sértækar forvarnir, sem beinast eingöngu að einstökum einangruðum þáttum svo sem bættu mataræði, aukinni hreyfingu, reykingavörnum, eftirliti með blóðþrýstingi o.s.frv., geta verið góðar og gildar, en duga oft skammt.

Til viðbótar við slíka smættar (reductionistic) nálgun getur heilsugæslan boðið upp á heildræna nálgun vandamála þar sem saga einstaklingsins verður í öndvegi varðandi nálgun vandans og úrræði. Fyrrnefnd vandamál eru jafnframt yfirleitt langvarandi.

Forvarnirnar af þessu tagi krefjast því mikils tíma, eftirfylgni og aðhalds þeirra sem þeim sinna. Í stað þess að vera með göngudeildir fyrir sérstæka sjúkdóma, svo sem sykursýkismóttökur, getur heilsugæslan lagt meiri áherslu á forvarna- og meðferðarúrræði í þverfaglegum teymum eða meðferðareiningum sem nefna mætti „Gæfusmiðjur“ þar sem tekið væri heildrænt á slíkum vandamálum. Til þess að ná þessu marki þarf mikla læknisfræðilega þekkingu og samspil margra fagstétta sem eru með klíníska reynslu í heilsugæslu.

# Er sett of mikið fé í íslenska háskóla?

Háskólamenntun

Friðrik Már Baldursson
forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík



Í umræðu um háskólamál á Íslandi er oft staðhæft að íslenska háskólakerfið sé dýrt og óhagkvæmt og þar hljóti að vera hægt að hagræða og ná fram miklum sparnaði. Eins og í öðrum málaflokkum er rétt og skylt að leita að leiðum til að fá sem mest fyrir það fé sem varið er til háskólamála. En er eytt of miklu fé í háskóla á Íslandi?

Nýútkomin skýrsla OECD (Education at a Glance, 2010) er hafsjór af tölulegum upplýsingum um menntakerfi OECD-ríkja. Þar kemur fram að af OECD-ríkjum verja Íslendingar mestu fé til menntamála: Menntakerfi okkar kostar 7,8% af landsframleiðslu (öll skólastig árið 2008), en að jafnaði verja OECD-ríkin rúmum 6% af landsframleiðslu til menntamála; næst okkur koma Bandaríkin með 7,6% af landsframleiðslu.

Þessi mynd snýst við þegar litið er til háskólastigsins því aðeins var ráðstafað 1,2% af landsframleiðslu til þess á Íslandi samanborið við 2% í OECD; það þyrfti því að nærfellt tvöfalda útgjöld til háskólamála á Íslandi til að færa landið í OECD-meðaltalið. Bandaríkin, sem koma næst Íslandi hvað varðar útgjöld til menntamála í heild, verja næstum þrefalt meira af þjóðartekjum en Íslendingar til háskólastigsins. Aðeins Slóvakía, Brasilía, Ungverjaland og Ítalía verja lægra hlutfalli til þessa málaflokks en Ísland.

Rétt er að taka fram að þetta eru heildarútgjöld til háskólastigsins og innifela bæði framlög hins opinbera og einkaaðila. Í flestum Evrópuríkjum og sér í lagi á öllum Norðurlöndunum eru háskólar fjármagnaðir að langmestu leyti af hinu opinbera; í Bandaríkjunum sjá opinberir aðilar aðeins fyrir um 30% af því fé sem varið er til háskólastigsins, en engu að síður er framlag hins opinbera svipað að tiltölu við landsframleiðslu og á Íslandi, eða um 1%.

Ísland setur því tiltölulega lítið fé í háskólakennslu þrátt fyrir

> Auðlindanýting okkar er komin að ákveðnum mörkum og bætt lífskjör á Íslandi verða að byggja á fjárfestingu í hugviti og þekkingu rétt eins og hjá flestum nágrannaþjóðum…

að vera með hæstu útgjöld til menntamála í OECD. Það er vel þekkt að Íslendingar hafa gjarnan leitað til útlanda eftir háskólanámi. Það kann að skýra lágt hlutfall útgjalda til háskólastigsins að einhverju leyti. En skýrsla OECD ber einnig saman kostnað við hvern nemanda á mismunandi skólastigum. Í þeim samanburði kemur í ljós að kostnaður við hvern háskólanema á Íslandi er mjög lágur. Raunar er Ísland er eina ríkið innan OECD þar sem kostnaður á hvern háskólanema er lægri en kostnaður við hvern grunnskólanema. Eistland kemur næst okkur á þennan mælikvarða, en þar er kostnaður við háskólanema og grunnskólanema sá sami. Í flestum ríkjum innan OECD er kostnaður við háskólanema a.m.k. 50% hærri en við grunnskólanema og í um helmingi þeirra er meira en tvöfalt meiri kostnaður við háskólanema en við grunnskólanema – þar á meðal eru t.d. Bandaríkin, Þýskaland, Svíþjóð og Finnland.

Íslendingar eru að dragast aftur úr öðrum þjóðum hvað varðar hlutfall háskólamenntaðs fólks. Við erum að vísu enn yfir OECD-meðaltalinu hvað varðar háskólamenntun fullorðinna einstaklinga en það er að breytast því í hópi 25-34 ára erum við undir meðaltali OECD-ríkjanna. Á hinum Norðurlöndunum hafa t.d. um eða yfir 40% fólks á aldrinum 25-34 ára lokið háskólaprófi en þetta hlutfall er um 33% hér á landi.

Menntun er ein helsta undirstaða nýsköpunar, framfara og betri lífskjara þjóða. Það má segja að Íslendingar hafi komist upp með að mennta sig ekki eins mikið og aðrar þjóðir: Gjöfular auðlindir til lands og sjávar hafa gert okkur kleift að halda uppi góðum lífskjörum þrátt fyrir tiltölulega lágt menntunarstig, t.d. samanborið við hin Norðurlöndin. En auðlindanýting okkar er komin að ákveðnum mörkum og bætt lífskjör á Íslandi verða að byggja á fjárfestingu í hugviti og þekkingu rétt eins og hjá flestum nágrannaþjóðum okkar. Öflugur háskólageiri er því enginn lúxus heldur brýn nauðsyn. Alþjóðlegur samanburður leiðir í ljós að það er langt frá því að bruðlað sé í fjárveitingum til háskóla á Íslandi. Það er ekki sett of mikið fé í íslenska háskóla – hið gagnstæða er nær sanni.

**AF NETINU**

## Afvötnunarferli en ekki aðlögunarferli

Þetta með aðlögunarferlið er mesti misskilningur. Þetta er afvötnunarferli. Eftir fjármálafylleri og stjórnsýslusukk síðustu ára og áratuga erum við nú komin í 12 spora prógram hjá ESB til að vinda ofan af allri vitleysunni. Lærum kannski hvernig á að gera langtímaáætlanir og hvaða víti má og á að varast. En eins og með afvötnun, þá eru sumir tilbúnir til að taka upp nýtt líf af því þeir raunverulega telja að það sé kominn til þess. Svo eru aðrir sem fara í afvötnun „til að friða fjölskylduna“ en meina voða lítið með því.

fridrik.eyjan.is **Friðrik Jónsson**


## Skráðu þig núna í tölvunám sem gefur þér forskot



**Bókhald og skrifstofutækni**
Hagnýtt bókhald
Hagnýtt bókhald II
Tölvu- og bókhaldsnám

**Forritun**
Visual C# forritun
ASP .NET forritun
Visual C# forritun og ASP .NET forritun
Silverlight forritun
Gagnagrunnsfræði

**Kerfisfræði**
Windows 7 kerfisfræði
MCTS Configuring Windows 7
MCTS Windows Server 2008 Admin

**Verkefnastjórnun**
Hagnýt verkefnastjórnun
PRINCE2 verkefnastjórnunaraðferðin
Microsoft Project verkefnastjórnun
Outlook verkefnastjórnun

**Stjórnun og tölvuþjónusta**
Stjórnun tölvumála
Tölvuþjónustunám
Hugarkort - mindmapping

**Vefsíðugerð**
DreamWeaver vefsíðugerð
Vefsíðugerð grunnur
Joomla vefsíðugerð
Vefsmíði og margmiðlun
Flash I: Margmiðlun
Flash II: Actions Script forritun

**Grafík og ljósmyndun**
Stafræn ljósmyndun
Stafræn myndbandagerð
Ljósmyndavinnsla með Picasa
Photoshop Elements ljósmyndavinnsla
Photoshop I: Grafík og ljósmyndir
Photoshop II: Myndvinnsla og grafík

**Almennt tölvunám og byrjendur**
Fartölvunám
Tölvunám fyrir 50+
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám fyrir lengra komna
Tölvunám fyrir byrjendur
Internetið
Kvöldstund með Facebook

**Styttri námskeið**
Við bjóðum mikið úrval námskeiða fyrir byrjendur og lengra komna í Access, Excel, Outlook, Word, PowerPoint, FileMaker, Internetinu og Windows 7.

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæð lán og greiðsluskilmálar.

**Einka- og hópkennsla**
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

Viðurkenndur tölvu- og viðskiptaskóli á framhaldsskólastigi. Ráðgjafastofa
Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | tv@tv.is
www.tv.is
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

# Stjórn fiskveiða

Sjávarútvegur

Björn Valur Gíslason

þingmaður VG, varaformaður starfshóps um lög um stjórn fiskveiða



Stéttarfélög sjómanna hafa að venju nýtt tímann á milli jóla og nýárs til fundahalda enda er þetta eini tími ársins sem sjómenn eru flestir í landi á sama tíma. Mörg þeirra hafa ályktað um framtíðarskipan stjórnunar fiskveiða hér við land ásamt öðru sem að hagsmunum sjómanna snýr. Öll heildarsamtök sjómanna hafa sömuleiðis lýst áliti sínu á því hvernig stjórna beri fiskveiðum og sama má reyndar segja um samtök smárra sem stórra útgerða. Línurnar eru nokkuð skýrar hvað þetta varðar hjá öllum þessum aðilum: Farið skal að tillögu sáttanefndar um stjórn fiskveiða um svokallaða samningaleið. Öðrum leiðum er hafnað.

### Tillögur sáttanefndar

Starfshópur um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða skilaði í haustbyrjun niðurstöðum sínum og tillögum til úrbóta á þeim vettvangi eins og hópnum var falið að gera. Þar segir m.a. um meginniðurstöðu hópsins:

„Meirihluti starfshópsins telur rétt að gerðir verði samningar um nýtingu aflaheimilda og þannig gengið formlega frá því að auðlindinni sé ráðstafað af ríkinu gegn gjaldi og að eignarréttur ríkisins sé skýr. Samningarnir skulu m.a. fela í sér ákvæði um réttindi og skyldur samningsaðila, kröfur til þeirra sem fá slíka samninga, tímalengd og framlengingu samninga, gjaldtöku, aðilaskipti, ráðstöfun aflahlutdeilda sem ekki eru nýttar, meðferð sjávarafla o.fl.“

Hér er skýrt talað og skilaboðin til ráðherra fara ekki á milli mála. Það er rétt að minna á að með meirihluta starfshópsins er átt við alla aðila hópsins, utan fulltrúa hreyfingarinnar og Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda. Að öðru leyti var algjör samhljómur hjá þessum fjölmenna hópi sem vann að gerð tillagna til úrbóta á lögum um stjórn fiskveiða. Í þeim hópi voru fulltrúar beggja stjórnarflokka auk annarra stjórnmálaflokka á Alþingi, fulltrúar allra stéttarfélaga sjómanna, útgerða, fiskverkenda og annarra sem málið varðar með beinum hætti.

Það væri því í jafn hrópandi andstöðu við þá breiðu samstöðu sem náðist í starfshópnum og þau markmið sem hópnum var sett að ná, ef stjórnvöld kjósa að fara aðrar leiðir.

### Sérálit stjórnarmeirihlutans

Í lokaskýrslu starfshópsins eru allmörg sérálit einstakra aðila hópsins þar sem áréttuð eru einstök atriði varðandi þær tillögur sem lagðar eru fram. Fulltrúar stjórnarflokkanna fjölluðu í sínu áliti um þær tvær leiðir sem helstar hafa verið í umræðunni, þ.e. svokölluð tilboðsleið (fyrningarleið) og hins vegar samningaleiðin sem meirihluti starfshópsins leggur til að verði farin. Í bókun fulltrúa stjórnarmeirihlutans segir m.a. um samningaleiðina: „Önnur leið að sama marki, sk. samningaleið, var einnig mikið rædd og felst í að innkalla aflaheimildir og úthluta þeim aftur með leigu- eða afnotasamningum. Ákveðnum hluta aflaheimilda yrði ráðstafað með slíkum samningum til núverandi handhafa aflamarks til ákveðins tíma. Jafnframt verði sérstakur „pottur“ fyrir ýmsar ívilnanir og bætur, sem og tengingu aflaheimilda við ákveðnar byggðir eða svæði, strandveiðar og fleira þess háttar. Við teljum þess virði að fara þessa leið ef hún má verða til frekari sáttar meðal þjóðarinnar og hagsmunaaðila um fiskveiðistjórnunarkerfið.“

### Álit annarra

Aðrir aðilar starfshópsins voru sömu skoðunar eins og lesa má úr eftirfarandi bókunum þeirra: Samtök fiskvinnslustöðva: „Samtök fiskvinnslustöðva leggja til í framhaldi af þessari skýrslu að farið verði í þá vinnu að útfæra nánar Samningaleiðina og að verkið verði unnið í sátt við hagsmunaaðila í sjávarútvegi.“

Stéttarfélög sjómanna: „Undirritaðir að undanskildum fulltrúa Samtaka fiskframleiðanda og útflytjenda (SFÚ), fallast á að í grunninn verði svokölluð samningaleið farin, þar sem samið verði við útgerðir til um það bil 15 ára um nýtingarrétt á auðlindinni.“

Fulltrúi starfsgreinasambands Íslands: „Undirritaður er jafnframt þeirrar skoðunar að farsælast sé fyrir íslenskan sjávarútveg að fara svokallaða samningaleið þar sem aflaheimildum verði skipt upp í potta með ákveðnum hætti sem föstu hlutfalli af útgefnum veiðiheimildum.“

Fulltrúi LS: „Í skýrslu sáttanefndar er gert ráð fyrir að gerður verði samningur við handhafa veiðiréttar til langs tíma um nýtingu/afnotarétt sjávarauðlindarinnar sem byggður verði á veiðirétti hvers og eins. Landssamband smábátaeigenda getur fyrir sitt leyti samþykkt að mæla með því við félagsmenn sína að undirrita slíka samninga…“

Fyrir utan áður nefndar undantekningar, voru allir aðrir aðilar starfshópsins á einum máli um að samningaleiðin væri sú leið sem réttast væri að fara.

### Markmið og tilgangur

Starfshópnum var ætlað að greina álitaefni á lögum um stjórn fiskveiða og gera tillögur til úrbóta. Starfshópnum var sömuleiðis ætlað að leggja fram tillögur að framtíðarskipan laga um stjórn fiskveiða sem byggðu á sem víðtækastri sátt um stjórn þessarar einna mikilvægustu atvinnugreinar landsmanna.

Tilgangurinn með því að leiða saman svo stóran hóp til að vinna slíkt verk var sá að kalla fram ólík sjónarmið og skoða málið frá sem flestum sjónarhornum með það að markmiði að ná niðurstöðu sem góð sátt væri um.

Það tókst betur en flestir ætluðu í upphafi og hópurinn lagði til nánast einum rómi hugmynd að tiltekinni leið til að ná þeim markmiðum sem honum var ætlað að ná. Það eru því vandfundin þau rök sem hníga gegn því að fara þá leið til sátta sem opnað hefur verið á með tillögum starfshópsins.

Til hvers var þá af stað farið í sáttarleit ef sáttinni sjálfri verður hafnað þegar henni hefur verið náð?

# Loftslagsráðstefnan í Cancún

Loftslagsmál

Svandís Svavarsdóttir

umhverfisráðherra



Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Cancún í Mexíkó í desember síðastliðnum var árangursrík að flestra mati, en þar tókst samkomulag um ýmis mikilvæg atriði í loftslagsmálum. Hluta af árangrinum má einfaldlega þakka því að væntingum var í hóf stillt, öfugt við það sem var í Kaupmannahöfn 2009, þegar mistókst að ná settu markmiði um lagalega bindandi framtíðarsamkomulag í loftslagsmálum. Það eru líka blikur á lofti um framhaldið og óvíst hvað tekur við þegar fyrsta skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar lýkur í árslok 2012. Því má þó ekki gleyma að loftslagsbreytingar eru kannski flóknasta og erfiðasta verkefnið sem þjóðir heims glíma við og í Cancún voru gefin vilyrði um stóreflt starf á sviðum sem geta skilað raunverulegum árangri.

Í Cancún var ákveðið að auka framlög til loftslagsverkefna í þróunarríkjunum, með það að markmiði að árleg framlög yrðu um 100 milljarðar Bandaríkjadala árið 2020. Þróunaraðstoð Íslands hefur dregist saman í kreppunni, en í framtíðinni munu verkefni sem hjálpa fátækum ríkjum að glíma við afleiðingar loftslagsbreytinga fá aukinn sess í slíkri aðstoð. Þá var einnig ákveðið að efla mjög starf að þróun og dreifingu loftslagsvænnar tækni. Þar geta leynst tækifæri fyrir Ísland, en hér á landi eru ýmsir vaxtarbroddar á þessu sviði. Grunnur var lagður að stóru alþjóðlegu verkefni sem miðar að því að draga úr eyðingu skóga í hitabeltinu og samþykkt að efla aðstoð við fátæk ríki sem þurfa mest að laga sig að afleiðingum loftslagsbreytinga.

Ísland styður viðleitni við að koma á lagalega bindandi alþjóðlegu framtíðarsamkomulagi í loftslagsmálum, þar sem öll þróuð ríki og stór og vaxandi þróunarríki eins og Kína, Indland og Brasilía axla ábyrgð við að draga úr losun. Stefnt er að því að ná slíku samkomulagi í lok þessa árs, en óvíst er um árangur, því mikið ber á milli ríkja við mat á réttlátri skiptingu byrða og lagalegan búning samkomulags, þótt aukinn samhljómur hafi náðst um markmið, aðgerðir og fjármögnun í Cancún.

Ísland hefur lagt sérstaka áherslu á tvennt í yfirstandandi samningaviðræðum, annars vegar jafnréttismál og hins vegar tillögu um endurheimt votlendis til að draga úr losun. Ísland hefur komið texta um jafnrétti kynjanna víða að í samningstextanum, sem mun greiða fyrir virkri aðkomu kvenna í þeim verkefnum sem lagt verður af stað með á grundvelli Cancún-samkomulagsins. Áhersla á jafnrétti kynjanna í slíkum verkefnum er ekki einungis réttlætismál, heldur sýnir reynslan að aukið ákvörðunarvald og fræðsla til kvenna leiðir til betri árangurs í verkefnum

> Ísland styður viðleitni við að koma á lagalega bindandi alþjóðlegu framtíðarsamkomulagi í loftslagsmálum.

sem t.d. búa samfélög undir að laga landbúnað að breyttu loftslagi eða styrkja viðbrögð við náttúruhamförum. Engin tilvísun var í jafnrétti kynjanna í samningstextum fyrir tveimur árum, þegar Ísland kom með fyrstu tillögur á því sviði, en nú er slík áhersla almennt viðurkennd.

Tillaga Íslands um endurheimt votlendis sem loftslagsaðgerð var líka samþykkt í Cancún, þótt hún öðlist ekki fullt vægi nema með samkomulagi um framhald Kýótó-bókunarinnar eftir 2012. Þetta er fyrsta breytingin á aðferðarfræði Kýótó sem hlýtur samþykki frá því bókunin gekk í gildi, en mikill fjöldi slíkra tillagna er á borðinu. Frumkvæði Íslands í þessum efnum hefur vakið nokkra athygli, þar sem losun frá framræstu votlendi á heimsvísu er veruleg, meiri en t.d. frá allri flugumferð. Vernd og endurheimt votlendis er mikilsvert mál bæði hvað varðar vernd lífríkis og loftslags jarðar.

Það er því margt jákvætt sem kom út úr Cancún-fundinum, sem vonandi markar upphafið að auknu trausti milli ríkja og efldu starfi við aðgerðir sem skila raunverulegum árangri í loftslagsmálum.

evrópu samvinna

Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi

Háskólatorgi fimmtudaginn 13. janúar 2011 kl. 15:00 - 17:30

Fulltrúar evrópskra samstarfsáætlana og þjónustuskrifstofa standa fyrir kynningu á styrkja- og samstarfsmöguleikum á vegum evrópskra og norrænna samstarfsáætlana.
Kjörið tækifæri fyrir einstaklinga, skóla, fyrirtæki, stofnanir og samtök að kynna sér möguleika til samstarfs á flestum sviðum menntunar, menningar og atvinnulífs.

Áætlanir sem kynntar verða á Háskólatorgi eru:

- Menntaáætlun ESB
- 7. rannsóknaáætlun ESB
- Evrópa unga fólksins
- Menningaráætlun ESB
- EURES - Evrópsk vinnumiðlun
- Enterprise Europe Network
- NPP - Norðurslóðaáætlun
- eTwinning - rafrænt skólasamstarf
- Nora - Norður Atlantsnefndin
- Europass
- Euroguidance
- Almannavarnaáætlunin
- COST
- MEDIA
- Evróvísir
- Heilsuáætlun ESB
- Samkeppnis og nýsköpunaráætlun ESB
- Euraxess – Rannsóknarstarfatorg
- Espon
- Norrænt samstarf og styrkir

evrópu samvinna

# BÓKABAZAR

**Nýir og eldri titlar á frábæru verði í verslunum Eymundsson!**





Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Um tryggingasvik

Tryggingasvik

Jón Jónsson
bifvélavirki



Í grein í Fréttablaðinu nýlega skrifar Vigdís Halldórsdóttir um tryggingasvik. Hún vísar til kannana sem gerðar hafa verið af Capacent-Gallup, þar sem ýmsar niðurstöður eru tíundaðar. Það eru alvarlegar ásakanir sem hún ber á viðskiptavini tryggingafélaga án nokkurra sannana. Í þessari grein víkur hún aðeins að annarri hlið tryggingasvika, þ.e. viðskiptavina gegn tryggingafélagi. Hún gerir sér kannski ekki grein fyrir því, að stærstu svikin eru tryggingasvik tryggingafélaganna gegn viðskiptavinum!

Ég er menntaður bifvélavirki og þekki því marga í þeirri stétt, þar með talda bílasmiði og bílamálara. Fyrir um áratug tóku tryggingafélögin samtímis upp svokallað „Cabas“-tjónamatskerfi. Það samráð tryggingafélagana er brot á samkeppnislögum! Þetta „Cabas“-kerfi hefur sett þónokkur verkstæði á hausinn og það alvarlegasta: hefur stuðlað að lélegum og óvönduðum vinnubrögðum í viðgerðum tjónabíla, þar sem verkstæðin eru beitt þrýstingi til að halda viðgerðarkostnaði niðri og verða helst að klára bíla á innan við fimm dögum vegna bílaleigubíla sem viðskiptavinir eiga rétt á, en aðeins í fimm daga! Mín persónulega reynsla af tjónum sem valdið hefur verið á mínum eigin bílum og tryggingafélög hafa átt að bæta er að ég hef ALDREI fengið þau bætt að fullu!

Ég hef líka heyrt þess dæmi að tveir aðilar að árekstri bíla hafa BÁÐIR verið dæmdir í órétti án þess að vita um rétt hvor annars! Þannig hafa tryggingafélögin haft samráð um að greiða engar bætur í slíkum tilfellum! Mér finnst að Vigdís ætti að láta Capacent-Gallup gera tvær kannanir í viðbót: annars vegar spyrja eigendur verkstæða um reynslu af viðgerðum fyrir tryggingafélög og hins vegar viðskiptavini sem hafa þegið bætur eða látið gera við bíla sína á vegum tryggingafélaga. Það væri áhugavert að sjá niðurstöður slíkra kannana. Ég gæti trúað að svik tryggingafélaga gagnvart viðskiptavinum og verkstæðiseigendum séu miklu meiri en „meint svik“ viðskiptavina gagnvart tryggingafélagi sínu.

LAGERSALA
20-70% afsláttur
af notuðum og nýjum tækjum
Háfar á vegg og yfir eyjur
Borðviftur
Kaffivélar
Uppþvottavélar
Kæli- og frystiskápar fyrir heimili
og fyrir iðnaðareldhús
Að auki eru tilboð á
völdum vörum í verslun
TAKMARKAÐ MAGN
Opið frá kl. 10:00-18:00
LIEBHERR elica MBM Miele
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is
vilborga@centrum.is

# Vegtollar – nei takk

Vegtollar

Júlíus Vífill Ingvarsson
borgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn



Um miðjan síðasta mánuð fór ég um hin nývígðu Héðinsfjarðargöng sem eru rúmlega 11 km á lengd og sögð hafa kostað 12 milljarða króna. Þetta var á mánudegi laust eftir hádegi. Það kom mér á óvart hversu glæsileg og björt þau eru en þó kom meira á óvart að hin nýju göng, sem ráðuneyti samgöngumála taldi til nauðsynlegra forgangsverkefna, voru galtóm. Ég var ekki að flýta mér og staldraði við í Héðinsfirði til að taka inn útsýnið en það var ekki að sjá að nokkur ætti erindi um göngin á þessum tíma. Engum virðist láta sér detta í hug að það sé ekki óeðlilegt að þau sem nota göngin greiði notendagjöld þegar þau aka um þetta mesta umferðarmannvirki Norðurlands. Kannski er það vegna þess að miðað við umferðina sem fór um göngin þegar ég ók þarna í jólamánuðinum mun það taka nokkrar aldir að fá upp í kostnað.

Önnur lögmál eiga að gilda þegar kemur að vegabótum á suðvesturhorni landsins. Ef bæta á umferðaröryggi í þeim landshluta verða ökumenn skuldbundnir til að greiða vegtolla. Kvarti fólk og fjöldasamtök yfir að nóg sé komið af sköttum þá er það „ófagleg“ gagnrýni að mati Kristjáns L. Möller fyrrv. samgönguráðherra. Hægt væri að draga þá ályktun af þessu að höfuðborgarsvæðið hafi fengið að njóta svo ríflegra framlaga til vegamála að ekki verði meira gert nema sérstakur tollur komi til. Á árunum 1995 til 2008 fóru að meðaltali 21,9% stofnkostnaðar í vegagerð til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu en þar búa þó 63% þjóðarinnar. Í síðustu vegaáætlun sem nær til ársins 2012 og samþykkt var af Alþingi sl. sumar er hlutfallið innan við 17% sem rennur til höfuðborgarsvæðisins. Ef miðað er við höfðatölu er landsbyggðin að fá 400% meira til vegamála en höfuðborgarsvæðið. Aðalatriðið hlýtur að vera að bætur á vegakerfi suðvesturhornsins snúast um að bregðast við hræðilegum slysum sem rakin verða til umferðarþunga, sem vegirnir ráða ekki við, og það er óþolandi að þurfa að standa í prútti við ráðamenn vegna þess.

> Reykjavíkurborg á ekki að sætta sig við að þegar kemur að nauðsynlegum samgöngubótum í borgarlandinu og nágrenni þess þurfi að taka upp sérstaka tolla.

Meira en helmingur af bensínverðinu er opinber gjöld sem eiga að renna til vegamála en gera það þó ekki nema að hluta. Þau sem aka mikið um vegi landsins greiða einfaldlega meira til vegagerðar með eldsneytisnotkun sinni. Samgönguráðherra hefur haldið því fram að vegtollur sé nauðsynlegur undirbúningur að rafbílavæðingu vegna þess að þeir sem aka muni á rafbílum verði líka að taka þátt í lagningu og viðhaldi vega. Þetta er algjör fjarstæða. Einföld leið til þess að innheimta gjald af rafbílum er að þeir verði búnir innsigluðum kílómetramælum. Að fylgjast með ferðum allra landsmanna í gegnum gervihnetti til að innheimta vegtolla er eins og að nota sleggju á teiknibólu.

Þó tekur steininn úr þegar Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist ætla að hlusta á mótmæli fólks en hótar því um leið að ef það samþykki ekki vegtolla þá einfaldlega verði ekkert af framkvæmdum. Vonandi á hann eftir að skoða hug sinn betur. Rétt er að benda á að frá stofnun lýðveldisins hafa þjóðvegir landsins verið lagðir án vegtolla og árangurinn verið nokkuð góður. Mestan hluta þess tíma hefur þjóðin verið fátækari en hún er nú.

Vegtollar eru vond hugmynd. Hún er ekki sanngjörn. Það snýr ekki bara að bæjarfélögum austan fjalls. Reykjavíkurborg á ekki að sætta sig við að þegar kemur að nauðsynlegum samgöngubótum í borgarlandinu og nágrenni þess þurfi að taka upp sérstaka tolla. Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur hafið baráttu gegn vegtollum. Það eiga sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu einnig að gera.

# Aðför á aðventu

Virðing og réttlæti

Kristinn Örn Jóhannesson
formaður VR



Yfir hátíð ljóss og friðar fluttu fjölmiðlar æsifréttir í beinni af sorglega innantómum átökum stjórnar VR. Baktjaldamakk, stóryrði og skítkast einkenndu persónulega atlögu sem gerð var að mér, formanni félagsins. Þessi barátta snýst því miður ekki um hagsmuni félagsmanna heldur völd. Plottið var slíkt að engu var líkara en að stjórn VR hefði sett upp enn eina Shakespeare-sýninguna. Félagsmenn horfa undrandi og daprir úr fjarska á þetta sjónarspil og skilja lítið um hvað leikritið fjallar.

Allur málatilbúnaður hefur verið með ólíkindum, sem birtist m.a. í því að naumur meirihluti stjórnar VR samþykkti að segja undirrituðum upp sem framkvæmdastjóra en sá hængur var á að það er staða sem ég gegni ekki og hef aldrei gegnt! Ég er einfaldlega formaður kjörinn af hinum almenna félagsmanni en ekki af stjórn félagsins. Nú hefur meirihlutinn leitað eftir lögfræðiáliti á eigin ákvörðun, sem segir meira en mörg orð.

## VR er í gíslingu

Í hnotskurn má segja að VR sé í gíslingu tveggja fylkinga sem virðast hafa það markmið eitt að ná völdum og halda þeim. Annars vegar er það hópur fólks sem telur sig allt að því réttborinn til að stjórna VR og hefur gert áratugum saman. Þau vilja litlu breyta og vildu alls ekki horfast í augu við ábyrgð sína og mistök í tengslum við hrunið, hvað þá hreinsa til. Þessum hópi sárnaði mjög þegar ég, venjulegur launamaður úr hópi félagsmanna, var kjörinn formaður VR enda var ég ekki handvalinn til starfans eins og forverar mínir.

Svo er það hin fylkingin, öfgahópurinn, sem vill öllu bylta umhugsunarlaust. Þessi hópur segist vilja veg hins almenna félagsmanns sem mestan en þolir ekki ólík sjónarmið, hunsar lýðræðislegar niðurstöður og hafnar málamiðlunum. Öskra hæst um lýðræðið en virða það minnst.

Málefnalega er erfitt að henda reiður á afstöðu þessa hóps til hagsmuna VR-félaga, enda virðist andstaðan beinast gegn verkalýðshreyfingunni í heild sinni, lífeyrissjóðakerfi landsmanna, ríkisstjórn og stjórnarandstöðu. Virðist sem þau hafi mestar áhyggjur af kostnaði atvinnurekenda vegna greiðslna í atvinnuleysistryggingasjóð, starfsendurhæfingu, sjúkra- og orlofssjóði stéttarfélagana svo eitthvað sé nefnt. Eru þau ekki bara í röngu liði?

Sameiginlegt eiga þessar fylkingar þó að virðast taka eigin persónulegu markmið fram yfir hagsmuni almennra félagsmanna, og velja sundrungu og átök þegar samvinnu og sameiningar er þörf. Hófsamar raddir í stjórninni, sem vissulega eru til staðar, hafa því miður drukknað í ópum hinna stríðandi fylkinga.

> Satt að segja er ég orðinn baráttulúinn og í vafa um hvort ég taki slaginn á nýjan leik.

## Val um vantraust eða vildarsamning

Áður en stjórnin reyndi að samþykkja á mig vantraust, sem hún hefur ekki umboð til, eða víkja mér úr starfi framkvæmdastjóra, sem ég ekki gegni, var mér fyrst óformlega boðið að stíga til hliðar sem formaður, því fylkingarnar hefðu náð saman um nýtt formannsefni. Í framhaldi af því ótrúlega tilboði var ýjað að rausnarlegum starfslokum og möguleikinn á ráðgjafarþjónustu nefndur. Lýðræði og lög virtust hins vegar hafa gleymst í þessu makki. Það þarf engan siðfræðing til að átta sig á því.

Staðreyndin er sú að þrátt fyrir nánast óstarfhæfa stjórn hefur tekist að tryggja félagsmönnum það sem þeir eiga skilið – framúrskarandi þjónustu á skrifstofum félagsins. Það var forgangsverkefni mitt þegar ég var kjörinn formaður að koma á nauðsynlegum friði, ró og trúnaði við starfsmenn og sviðsstjóra félagsins svo að félagsmenn fengju áfram góða þjónustu á þessum erfiðu tímum. Það hefur tekist vel enda eru einu kvartanirnar sem mér hafa borist frá vinnuveitendum sem hefur fundist félagið ganga fullhart fram í réttindagæslu fyrir félagsmenn sína. Er það gagnrýni sem ég tek glaður á móti. Mér hefur einnig tekist þrátt fyrir mótbyr að opna starf félagsins til að gera það lýðræðislegra. Líklega hafa aldrei fleiri félagsmenn í sögu VR tekið beinan þátt í starfinu s.s. við mótun afstöðu í aðdraganda kjarasamninga og við stefnumótun.

## VR þarf nýja stjórn

Þessi miklu átök hafi tekið mikið á mig og mína fjölskyldu en stærsta fórnarlambið er félagið sjálft. Þegar allt kemur til alls eru tæplega 30 þúsund félagsmenn að líða fyrir átök 100–200 félagsmanna og það mitt í kjarasamningum. Er virðing og réttlæti í því? Við slíkar kringumstæður hlýtur maður að velta framhaldinu fyrir sér. Þar hljóta að vega þyngst hagsmunir félagsmanna. Satt að segja er ég orðinn baráttulúinn og í vafa um hvort ég taki slaginn á nýjan leik.

Af samtölum mínum við VR-félaga um allt land á síðastliðnum tveimur árum er ég sannfærður um að fylkingarnar sem nú berjast á banaspjótum um völdin í VR eiga lítinn hljómgrunn meðal almennra félagsmanna. Þeir þurfa á sterku og samhentu stéttarfélagi að halda. Því hvet ég almenna félagsmenn til að bjóða sig fram til stjórnarsetu í komandi kosningum. Við verðum að losna við flokkadrætti og hagsmuni stjórnmálaflokka og fyrirtækja úr stjórn VR.



**Hámarksgjald fyrir heilbrigðisþjónustu** og þak vegna afsláttarkorts hækkaði um áramótin. Sjúklingar eiga nú rétt á afsláttarkorti þegar samanlagðar greiðslur eru: 28 þúsund krónur fyrir 18 til 66 ára, 7 þúsund krónur fyrir aldraða yfir sjötugt, þá sem eru 60 til 69 með óskertan ellilífeyri og öryrkja, og 8.400 krónur fyrir öll börn yngri en 18 ára í sömu fjölskyldu.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Eirberg

**Fjölþrepa bakbrettið**

- Eykur sveigjanleika
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun
- Má nota hvar sem er

Verð: 7.950 kr.

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á **laugardögum** kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

Lífrænt eplaedik

Öflugt verkfæri til hreinsunar líkamans beint frá náttúrunni

- 100% lífrænt
- Ósíað og óhitað
- Inniheldur móðuredik

Fáanlegt í flestum matvöruverslunum




Yggdrasill

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 12. janúar.


**Uxarnir báru sigur úr býtum á Vodafone Cup, knattspyrnumóti áhugamanna, um helgina**




Mikil fagnaðarlæti brutust út þegar Uxarnir lögðu FC Ullarnesbrekku að velli í úrslitaleik Vodafone Cup á laugardag. Liðsmenn voru að vonum ánægðir með sigurinn eins og sjá má á meðfylgjandi mynd en flestir eru þeir gamlir leikmenn Fylkis.

# Fylkismenn fulltrúar Íslands í Abu Dhabi

Þetta var mjög skemmtilegt og ótrúlega spennandi, alveg fram á síðustu mínútu. Við náðum strax yfirhöndinni með tveimur mörkum gegn einu, þeir gerðu svo mark þegar aðeins fjórar mínútur voru eftir og þá ákváðum við að pakka í vörn, staðráðnir í að fá ekki fleiri mörk á okkur,“ segir Jón Björgvin Hermannsson, fyrirliði Uxanna, sem stóðu uppi sem sigurvegarar eftir spennandi viðureign í úrslitaleik gegn FC Ullarnesbrekku á Vodafone Cup fótboltamótinu í Fífunni á laugardag. Leiknum lauk með eins marks sigri Uxanna, 2-1.

Með sigrinum hafa Uxarnir öðlast þátttökurétt á alþjóðlega Vodafone Cup-mótinu sem verður haldið í Abu Dhabi í febrúar. Jón Björgvin segir menn hlakka mikið til ferðarinnar. „Við erum þegar byrjaðir að telja niður dagana, enda er það ekki á hverjum degi sem maður fer til Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Nú á bara eftir að ræða við yfirmennina um frí og ég er viss um að við eigum eftir að mæta fullum skilningi,“ segir hann og brosir.

Íslendingar tóku síðast þátt í alþjóðlega Vodafone Cup-mótinu árið 2008 og gerðu sér þá lítið fyrir og sigruðu. Jón Björgvin segir Uxa ekki vera farna að hugsa svo langt. „Nei, við rennum blint í sjóinn, alveg eins og við gerðum á mótinu hér heima. Það gafst vel þannig að kannski er ágætt að vera ekkert allt of vel undirbúinn. Við ætlum að minnsta kosti ekkert að stressa okkur of mikið.“ Enda er ef til vill engin ástæða til þar sem bróðurpartur liðsins er gamlir leikmenn Fylkis og því ljóst að Ísland hefur eignast verðuga fulltrúa í keppninni.

Vodefone í Bretlandi borgar alla farmiða og gistingu íslenska liðsins og að auki sérstaka VIP-miða á The Laureus World Sports Awards. „Þetta er svona uppskeruhátíð íþróttamanna, eiginlega hálfgerð Óskarsverðlaunahátíð, og þangað boða iðulega komu sína stór nöfn í þessum geira,“ segir Jón Björgvin, en á síðasta ári komu meðal annars fram stórstjörnur á borð við Usain Bolt og Jenson Button. „Óhætt er að segja að þessi hátíð sé punkturinn yfir i-ið í þessari ferð.“

*roald@frettabladid.is*


ReSound Alera™

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er



ReSound Alera™ heyrnatækin eru með kringóma hljóðvinnslu sem gefa einstaklega skýr hljóð. Maður kann best að meta þau í krefjandi samræðum þegar kliður eða skarkali er

Alera tækin:

- Bæta talskilning mikið og sérstaklega ef hávaði er í umhverfinu.
- Skipta sjálfvirkt um hljóðvinnslu þegar hljóðumhverfi breytist.
- Útiloka ýlfur og suð þegar talað er í síma eða við faðmlag.
- Leyfa notanda að njóta tónlistar eins og hún á að hljóma.
- Eru fyrstu heyrnatækin sem tengjast í raun þráðlaust, með 2.4 GHz senditíðni, við farsíma og sjónvarp.
- Byggja á nýjustu þekkingu og tækni og um 60 ára reynslu í gerð heyrnartækja

ReSound Alera™



ReSound
rediscover hearing

Tímapantanir 534 9600
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is

Surround Sound by ReSound



**Heimsóknartímar** eru misjafnir á Landspítalanum. Sú meginregla gildir að heimsóknir til sjúklinga eru heimilar á öllum tímum dagsins en þægilegasti heimsóknartíminn er talinn frá klukkan 15 til klukkan 20. Sérstakar reglur gilda um heimsóknir á kvennasviði og geðdeildir.

# Sagðir betri en botox

**Farið er lofsamlegum orðum um EGF Bioeffect húðdropa frá Sif Cosmetics í Daily Mail. Í kjölfarið hefur sala á húðdropunum rokið upp og starfsmenn fyrirtækisins ekki haft undan að svara fyrirspurnum.**

„Við höfum ekki fengið önnur eins viðbrögð og erum búin að vera að senda út flöskur í allan dag, meira að segja til landa þar sem við erum ekki einu sinni komin með dreifingaraðila, svo sem Nýja-Sjálands, Ástralíu og Malasíu,“ sagði dr. Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri Sif Cosmetics, þegar tal náðist af honum í gær.

Starfsmenn þar á bæ höfðu þá ekki undan að svara fyrirspurnum vegna jákvæðrar umfjöllunar sem birtist á vefsíðu breska dagblaðsins Daily Mail um EFG Bioeffect húðropa, sem Sif Cosmetics framleiðir og voru markaðssettir í Bretlandi fyrir jól. Droparnir innihalda svokallaða EFG-frumuvaka sem eiga að hvetja til náttúrulegrar endurnýjunar húðfruma og sporna við öldrun húðarinnar. Greinarhöfundur Daily Mail lofar dropana og líftækniframleiðsluaðferðirnar sem liggja að baki og segir rannsóknir sýna að áhrifin af notkun þeirra taki botoxi fram í gæðum.



EGF Bioeffect húðdroparnir innihalda frumuvaka sem eru framleiddir úr byggi.

„Reynslan af húðdropunum hefur verið góð hérna heima síðan við settum þá á markað í maí á síðasta ári, þannig að við bjuggum okkur undir góðar viðtökur úti. Við áttum þó kannski ekki von á að þetta yrði alveg svona brjálað,“ sagði Björn Lárus en þegar mest lét hrundi heimasíða Sif Cosmetics í Bretlandi vegna mikillar umferðar og lá niðri í tvo klukkutíma. „Sem betur fer tókst að koma henni yfir á stærri og betri netþjón og þannig var hægt að opna hana aftur tveimur tímum síðar.“

Björn Lárus sagði söluna á húðdropunum hafa rokið upp í kjölfarið á umfjöllun Daily Mail. „Hérna á Íslandi erum við búin að selja í kringum 200 flöskur og senda út. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur frá breska dreifingaraðilanum, en ég gæti reiknað með að þetta væru fleiri þúsund,“ segir hann og reiknar með að þetta sé aðeins upphafið að góðum viðbrögðum. „Já, þar sem breski dreifingaraðilinn er sá sem er kominn lengst í markaðssetningu. Síðan erum við með samninga við fleiri lönd, svo sem Ítalíu, Þýskaland, Sviss og lönd í Asíu.“

Björn Lárus varðist annarra frétta af vörum frá Sif Cosmetics en viðurkenndi þó að önnur vara væri langt komin í þróun. „Já, þetta er dagkrem og vonir standa til að það verði komið á markað innan þriggja mánaða. Meira vill ég ekki segja, í bili.“

*roald@frettabladid.is*

Flestir fullorðnir þurfa að meðaltali 7 til 8 klukkustunda svefn á sólarhring. Svefnþörfin helst svipuð yfir fullorðinsárin en svefnmynstrið getur breyst. Til dæmis geta aldraðir þurft minni svefn á næturnar en bæta sér það upp með lúr á daginn.



www.doktor.is


TILBOÐ - TILBOÐ



teg. ASIA -
fæst í E,F,FF,G skálum
á kr. **8.770**,-



Smoothing-4500-
4570-Blackprd

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

TILBOÐ - TILBOÐ



þessi og margir aðrir fást í stökum skálastærðum D,DD,E,F,FF,G,GG,H,HH
á kr. 4.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir.is

Gjörhygli
8 vikna námskeið við streitu, kvíða, endurteknu þunglyndi og langvinnum verkjum.
Hefst 17. janúar 2011.
Kennari: Margrét Arnljótsdóttir sálfræðingur.
www.gjorhygli.is

BASLER MYBC Parísar TÍZKAN



RÝMINGARSALAN HAFIN
40-70 % afsl.
Skipholt 29b - 5510770

Padres Internacionales
Międzynarodowi rodzice
International parents
Įvairių tautybių tėvai
Phụ huynh quốc tế
Për prindërit me origjinë të huaj
Alþjóðlegir foreldrar
Интернациональный клуб родителей

International parents will meet weekly with their children and we welcome parents of all nationalities who have children at the age of 0-6 years, and who want to meet other parents with small children.

Participation is free and everyone is welcome, whether immigrants or Icelanders, and no knowledge of Icelandic is required.

- **Time:** Thursdays at 10.00-12.00
- **Place:** Rauðakrosshúsið at Hamraborg 11, 2nd floor, 200 Kópavogur.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild
kopavogur@redcross.is tel: 554 6626



Viltu breyta mataræðinu
til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?
INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.
Þriðjudaginn 18. Janúar kl. 19:30
ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.
FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:
- *Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn*
- *Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu*
- *Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst*

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.19:30 - 22:00
Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.400 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið



**Mörg íþróttafélög** bjóða upp á íþróttaskóla fyrir lítil börn. Þar fá leikskólabörnin að hlaupa og rasa út á dýnum, í köðlum og öðrum skemmtilegum tækjum. Íþróttaskólinn er oftast á laugardagsmorgnum og því hressandi leið til að hefja helgina.



# Foreldra að fylgjast með

**Alls kyns nýjar samskipta- og spjallsíður hafa skotið upp kollinum á internetinu og sjaldan hefur verið mikilvægara að foreldrar viti hvaða sýndarheimum börn og ungmenni hrærast í.**

Tölvunotkun barna og unglinga hefur stóraukist síðustu árin og sjaldnar hefur verið mikilvægara að fylgjast vel með því hvaða síður ungmenni heimilisins sækja. Ef foreldrar eru ekki sjálfir internetnotendur en eiga börn sem eru það ættu þeir að reyna að auka kunnáttu sína í þeim efnum, jafnvel sækja námskeið, til að vera betur inni í því sem börnin aðhafast.

Hægt er að setja upp hugbúnað í tölvum sem takmarkar aðgengi barna að óæskilegu efni á vefnum, auk þess sem flestur slíkur hugbúnaður getur haft eftirlit með heimsóknum á vefsíður, spjallrásir og slíkt. Nokkrar vefslóðir hafa að geyma slíkan hugbúnað, má þar nefna **cybersitter.com**, **netnanny.com** og **cyberpatrol.com**. Yfirleitt er hægt að fá hugbúnaðinn ókeypis til reynslu.

Ekki má þó ofmeta öryggið við að hafa slíkan hugbúnað, þar sem hann einn sér ekki um alla vinnuna. Gott og gilt er að hafa tölvuna þannig staðsetta að foreldrar sjái á skjáinn en foreldrar eru flestir útivinnandi og ekki heima allan þann tíma sem ungmenni nota tölvuna. Mikilvægt er að foreldrar og börn komi sér saman um hvaða síður má nota og hvaða ekki. Rétt er að benda á að ein mest notaða samskiptasíða hér á landi, **Facebook**, er ekki ætluð notendum undir 13 ára aldri. Þrátt fyrir það er fjöldinn allur af ungmennum með aðgang að Facebook. Ef svo er er afar mikilvægt að foreldrar hafi aðgang að síðunni, séu sjálfir skráðir sem notendur á Facebook og séu jafnframt skráðir vinir barnsins. Einelti á internetinu, þar með talið Facebook, er vandamál sem hefur aukist enda er vettvangurinn nýr og foreldrar hafa oft ekki náð að fylgja þessari hröðu þróun eftir.

Önnur vinsæl síða hérlendis meðal barna og unglinga, en þó enn varhugaverðari en Facebok, er **formspring.me**. Á síðunni getur hver sem er útbúið sér sitt eigið svæði, þar sem mynd af viðkomandi er og nafn, en nafnlausir aðilar geta sent inn spurningar sem börnin og ungmennin svara. Það er alþekkt að meiðandi spurningar séu sendar inn, jafnt frá ókunnugum sem og jafnvel bekkjar- og skólafélögum, og ekki er hægt að rekja uppruna spurninganna.

Aðrar slíkar síður, sem virka öfugt, eru einnig varhugaverðar, en þar búa börnin sér til sitt svæði, spyrja sjálf út í loftið og fá nafnlaus svör. Ein þeirra síðna er threewords.com og þar geta nafnlausir sent inn þau þrjú orð sem þeim finnst lýsa viðkomandi eiganda síðunnar. Þau orð sem send eru inn innihalda oft níð.

Spjallsíður og forrit eru vinsæl meðal barna og unglinga þar sem þau nota MSN og spjallglugga á Facebook og svo má þar nefna síður eins og **icy.ice.is**. þar sem hægt er að spjalla og búa til heimasvæði. Ef foreldrar leyfa ungmennum notkun á slíkum síðum þarf að kenna þeim hvernig á að haga sér þar og gott er að hafa þar lista til viðmiðunar með góðum ráðum. Slíkir listar fást íslenskir á síðum eins og Saft.is.

*- jma*



Gott er að foreldrar ungmenna sem eru á Facebook skrái sig líka á samskiptasíðuna og auki við tölvukunnáttu sína, ef þess er þörf, til að geta fylgt eftir því sem er að gerast í tilveru barna sinna. NORDIC PHOTOS/AFP

**Vinsælar síður barna og unglinga**

- Facebook.com: Ekki ætluð notendum yngri en 13 ára.
- Formspring.me: Nafnlausir aðilar geta sent spurningar sem börnin og unglingarnir svara.
- Ice.ice.is: Hér er hægt að búa til heimasvæði og spjalla.


DREKINN
WUSHU FÉLAG REYKJAVÍKUR
(KUNG-FU)



Taijiquan fyrir byrjendur
mánudaga, miðvikudaga kl. 18:15
og laugardaga kl. 9:15

Changquan fyrir byrjendur
mánudaga og miðvikudaga kl. 19:15

NÝTT!
Sjálfsvarnarnámskeið fyrir konur

WUSHU
QI GONG
TEYGJUR
TAICHI

HEILSUDREKINN ¦ SKEIFAN 3J ¦ SÍMI: 553 8282 ¦ heilsudrekinn@heilsudrekinn.is ¦ www.heilsudrekinn.is

OKKAR BAKARÍ

GOTT Í BARNAAFMÆLIÐ



„Bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur"

Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið

Batman, Barbie, Dóra, Hulk, Star Trek, Madagascar o.fl.
Kynntu þér úrvalið á www.okkarbakari.is og á facebook.com/okkarbakarí

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 8070




HREYFILAND

Okkur er sönn ánægja að tilkynna að Hreyfiland, í samstarfi við fimleikadeild Stjörnunnar, er með starfsemi sína í íþróttamiðstöðinni Ásgarði, Garðabæ.

Mæðrafimi®: Hreyfiland er frumkvöðull í faglegri, öruggri þjálfun fyrir mæður og börn þeirra.

Snillingafimi® eru markvissar æfingar fyrir ungabörn 3-12 mánaða, sérsniðnar til að styrkja börnin og örva þroska þeirra. Mæðra og vinkvennahópar velkomnar.

Hreyfifimi® eru skemmtilegir tímar fyrir 1-3 ára börn, þar sem þau læra í gegnum leik að samhæfa og stjórna hreyfingum sínum.

6 vikna námskeið hefst í vikunni 10-14 janúar 2011.
Skráning fer fram í síma 868-0863 og í gegnum netfangið: hreyfiland@stjarnan.is

Hreyfiland er frumkvöðullinn í fjölskyldu- og barnvænni heilsurækt | www.hreyfiland.is

50

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir.
vísir.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

BEST MASSAGE!!!!WITH TWO OR FOUR HANDS!!!! 6937597 Marja

Tailenskt heilsunudd. Joom nuddari, Bolholti 4. S. 892 3899.

## Atvinna

ALLRA

*Ráðgjafi / sölufulltrúi óskast*

- Leitum að duglegum og heiðarlegum einstaklingum, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp án vandkvæða.
- Allra Ráðgjöf er ungt og framsækið fyrirtæki sem miðlar fjárhagslausnum og tryggingum.
- Góð laun í boði fyrir réttan aðila.
  Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál !

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sendist á
atvinna@allra.is

## Tilkynningar

# HEILDSALAR – FATNAÐUR

Óskum eftir samstarfi við eða kaupum á lítilli eða meðalstórri rekstrareiningu sem selur fatnað á fyrirtækja- eða endursölumarkaði

Áhugasamir vinsamlegast sendið svar á netfangið box@frett.is fyrir föstudag 14. janúar 2011.

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur ISNIC 2011

Aðalfundur Internets á Íslandi hf (ISNIC). verður haldinn föstudaginn 21. janúar kl. 15.00 í ISNIC-salnum, Höfðatúni 2 Reykjavík.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar vegna starfa 2010.
2. Ársreikningur 2010 kynntur og borinn undir atkvæði.
3. Kjör félagsstjórnar og varamanna.
4. Starfskjör stjórnar 2011.
5. Tillaga að ráðstöfun hagnaðar 2010.
6. Kjör endurskoðenda félagsins.
7. Önnur mál.

*f.h. stjórnar Internets á Íslandi hf.*
*Tryggvi Karl Eiríksson,*
*stjórnarformaður.*

## Námskeið

**Skartgripasmíði**
Vinsælu skartgripanámskeiðin eru að byrja aftur. 6 vikna námskeið þar smíðað er úr silfri og unnið með íslenska steina, horn og bein. Uppl. í s. 823-1479 Viva skart Vífil Valgeirsson.




Ertu með erfitt barn/ungling og ert ráðþrota? Viltu upplifa kraftaverk? Námskeið í Hjartanærandi uppeldi hefst miðvikudaginn 12 Jan. S. 615 2161. greta@lifogframtid.net

## Húsgögn

Sófi á 10þ. Borð og stólar á 1 -3þ. Borðtölva á 35 þ. S. 896 8568.

## Ýmislegt

Til sölu 6 manna Softub, rafkyntur nuddpottur Uppl. í s: 867 3284 eftir kl. 18.00

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**

**sími 896 4661**

ROOM f/RENT w/FURNITURE 108 RVK NEAR KRINGLA AND IN 109/111 BREIÐHOLT 8973611

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Stúdíó íbúð til leigu í heimahverfi (104). Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 824 2157.

Til leigu falleg 3 herb. íb. á jarðhæð í HFJ á völlunum. Skjólg. sólpallur í suðurátt og stæði í bílageymslu. 120 þ. á mán m/ hússjóð og hita. Uppl. í S. 845 5677 eftir hádegi.

Lítil einstaklingsíbúð til leigu í 104 Rvík. í skammtíma eða langtímaleigu. Uppl. í s. 869 4152

Herbergi til leigu í miðbæ Rvk., á Ránargötu fram á vormánuðina. Falleg íbúð. Aðgangur að eldhúsi, baðhúsi og þvottavél. Verð 39.000 krónur. Sími: 691 4419.

## Húsnæði óskast

Vantar 4ra herbergja íbúð til langtímaleigu í Víkur - eða Staðahverfi Öruggum greiðslum heitið Upplýsingar í síma 824 2356.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Atvinna í boði

Póst húsið

**Erum að leita að bílstjórum**
Pósthúsið leitar að duglegum og kraftmiklum bílstjóra til starfa á nóttinni, 5-6 daga í viku. Um er að ræða akstur á dreifingarefni á suðvesturhorninu. Vinnutími er frá miðnætti til morguns. Áhugasamir sendi umsóknir og/eða fyrirspurnir á umsoknir@posthusid.is

**Atvinna á Sauðárkróki**
Óska eftir bílasmið/bílamálara eða vönum manni til starfa sem fyrst. Þarf að geta unnið sjálfstætt, vera metnaðarfullur og reglusamur. Get aðstoðað við leit að íbúðarhúsnæði ef þarf. Upplýsingar gefur Þórður í síma 698 4342 eða malverk550@simnet.is

**Ert þú fyrirsæta?**
Nú geta (djarfar) fyrirsætur (karlar og konur) komið sér á framfæri hérlendis og erlendis með milligöngu kanínunnar, PurpleRabbit.eu. Þjónustan er ókeypis. Frekari upplýsingar á PurpleRabbit.eu, á krækjunni „Fyrirsætur".

Starfsmaður óskast til afgreiðslu og þjónustu á kaffihús. 25 ára eða eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

53 ára kona leitar að góðum karlmanni. Ekki skyndikynni, ekkert rugl. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8572.

Samkynhneigðir karlmenn auglýsa sífellt meira á Rauða Torginu Stefnumót. Til að hlusta/svara: 905-2000 og 535-9920. Til að auglýsa frítt: 535-9922.

Djarfar konur auglýsa núna mikið á Rauða Torginu Stefnumót. Til að hlusta/svara: 905-2000 og 535-9920. Til að auglýsa frítt: 535-9922.

## Atvinna



# FRAMTÍÐARSTARF

**Spennandi vinnustaður í alþjóðlegu umhverfi**

DutyFree Fashion **óskar eftir að ráða starfsfólk í vaktavinnu í verslun fyrirtækisins á Keflavíkurflugvelli.** Leitað er að reyklausum og snyrtilegum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, frumkvæði í starfi, lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi. Aldurstakmark er 25 ár. Starfið felst í sölu og áfyllingum í verslun.

**Hæfniskröfur:**

- Góður sölumaður með ríka þjónustulund
- Reynsla af verslunarstörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hafa gott vald á íslenskri og enskri tungu

**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf fyrir 1. febrúar nk.**

**Umsóknum skal skilað inn rafrænt á heimasíðu Fríhafnarinnar, sjá www.dutyfree.is fyrir fimmtudaginn 20. janúar nk.**

**Upplýsingar um starfið veitir Sóley Ragnarsdóttir, soley.ragnarsdottir@isavia.is, starfsmannaþjónusta.**

DUTYFREE FASHION
KEFLAVIK INTERNATIONAL AIRPORT

DutyFree Fashion er ein af verslunum Fríhafnarinnar ehf. Fríhöfnin annast rekstur 5 verslana í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Félagið er stærsta verslunarfyrirtækið í flugstöðinni með um 100 starfsmenn. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur, fatnaður og sælgæti. Fríhöfnin er framsækið fyrirtæki í síbreytilegum ferðaheimi þar sem markmiðið er að bjóða upp á gæðavörur á góðu verði í samkeppni við verslanir á erlendum flugvöllum. Fríhöfnin leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**40** **MARY J. BLIGE** tónlistarkona er fertug.

*„Það gerir nánast út af við mig að viðurkenna að ég sé ástfangin því um leið og karlmenn heyra ástarorð mín sést í iljarnar á þeim.“*

## Merkisatburðir

**1693** Eldfjallið Etna gýs á Sikiley.

**1918** Bjarndýr ganga á land í Núpasveit, austan Öxarfjarðar, og ganga næstu daga á land á Melrakkasléttu, í Skagafirði, á Skagaströnd, á Langanesi og í Mjóafirði.

**1944** Togarinn Max Pemberton frá Reykjavík ferst undan Snæfellsnesi með allri áhöfn, 29 manns.

**1990** Fjörutíu skip fá 28.400 lestir af loðnu djúpt úti fyrir Austfjörðum, sem var mesta veiði á einum sólarhring frá 1980.

**1993** Dýpsta lægð sem vitað er um á Norður-Atlantshafi, 920 millibör, fer norður með Austurlandi og raskar samgöngum.

**ÞETTA GERÐIST** 11. JANÚAR 1897

## Leikfélag Reykjavíkur stofnað

Leikfélag Reykjavíkur var stofnað fyrir 114 árum þegar tveir hópar áhugamanna um leiklist sameinuðust í eitt félag. Helsti hvatinn að stofnun félagsins var bygging Iðnaðarmannahússins við Tjörnina, betur þekkt sem Iðnó. Félaginu var falin varðveisla eigna Kúlissusjóðsins svonefnda sem var myndaður af aðgangseyri hinna fyrstu opinberu leiksýninga í Reykjavík 1854. Fyrsta frumsýningin í Iðnó var 18. desember 1897 þegar frumsýnd voru tvö dönsk leikverk með söngvum.

Leikfélag Reykjavík er elsta leikfélag sem starfað hefur óslitið á Íslandi og jafnframt eitt elsta starfandi menningarfélag landsins. Það var frá upphafi mjög metnaðarfullt og félagar tilbúnir að leggja hart að sér til að standa fyrir sjónleikjum af hæsta gæðaflokki en í 14. grein stofnlaga félagsins stóð „Allir fyrir einn og einn fyrir alla“, sem endurspeglar hugsjónir og samstöðu félagsins sem hefur haldist til þessa dags.

*Heimild: www.borgarleikhus.is*



JAFNRÉTTISSTOFA: GEFUR ÚT BÆKLING UM RÉTT ERLENDRA KVENNA Á ÍSLANDI

# Réttum konum hjálparhönd

Út er kominn bæklingurinn Réttur þinn – mikilvægar upplýsingar fyrir erlendar konur á Íslandi. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, taílensku, rússnesku og arabísku, og í honum eru gagnlegar upplýsingar um íslenskt samfélag og réttarkerfi; jafnrétti kynjanna, dvalarleyfi, hjónabönd, skilnað, forsjármál, umgengnismál, fjármál, ofbeldi í nánum samböndum og hótanir, en einnig vísanir í frekari upplýsingar um aðstoð, símanúmer, heimilisföng og heimasíður ýmissa stofnana og félagasamtaka.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir kveikjuna að bæklingnum hafa verið viðtal við eþíópíska konu á Íslandi.

„Í því gladdist hún mjög yfir lögum um jafnrétti kynjanna hér á landi og að dætur hennar ættu jafnan rétt til móts við karla, því slíkt þekkti hún ekki úr sínu heimalandi. Það vakti hugrenningar um að upplýsa þyrfti fólk miklu betur, enda margsinnis komið í ljós að rík þörf er á upplýsingum, ekki síst fyrir konur sem giftast íslenskum körlum. Komið hefur fram að þeir haldi frá þeim réttum upplýsingum og ljúgi að þeim verði vísað úr landi séu þær með eitthvert múður,“ segir Kristín.

Réttur þinn var unninn í samstarfi við Stígamót og Mannréttindastofu Íslands ásamt fleiri stofnunum og félagasamtökum, en útgáfa hans var styrkt af Progress-áætlun Evrópusambandsins og Þróunarsjóði innflytjendamála. Bæklingurinn er bæði á íslensku og erlendu tungumáli og því hægt að nota hann til að læra íslensku.

„Við vonum að bæklingurinn nýtist vel konum sem flust hafa hingað frá fjarlægum löndum, en hann gagnast einnig körlum þegar kemur að upplýsingum um fjármál, dvalarleyfi, forræðismál og fleira. Í honum kemur meðal annars skýrt fram að konur eigi laun sín og geti haft sinn eigin bankareikning, en það þekkja þær jafnvel ekki einu sinni frá sínu heimalandi,“ segir Kristín og tregar að allt of lítið sé vitað um stöðu erlendra kvenna á Íslandi.

„Við vitum þó að töluverður hópur hefur þurft að leita í Kvennaathvarfið og það er ekki síst sá markhópur sem við hugsum okkur að ná til. Þá vitum við í gegnum verkalýðshreyfinguna að á vinnumarkaði þarf virkilega að passa upp á réttindi erlendra starfsmanna. Fólk sem skilur ekki tungumálið getur lent í ótrúlegustu erfiðleikum, jafnt karlar og konur, en konur eru í miklum meirihluta þeirra sem lenda í ógöngum hér og ofbeldismálum. Algengara er að erlendir karlar séu í vinnu en stór hópur kvenna er lokaður heima með börnum sínum og enginn veit hvernig þeim reiðir af,“ segir Kristín.

Þinn réttur fæst bæði prentaður og í rafrænni útgáfu til að auðvelda útbreiðslu og aðgengi, og er nú hægt að nálgast hann á heimasíðu Jafnréttisstofu, www.jafnretti.is, eða fá heimsendan ef hringt er í síma Jafnréttisstofu, 460 6200.

„Við reynum að dreifa bæklingnum sem víðast og á staði þar sem þessara kvenna er helst von, á heilsugæslustöðvar, í leik- og grunnskóla, Útlendingastofnun og Kvennaathvarfið, en einnig á kvennaklósett sem eru oft eini staðurinn þar sem þær eru einar. Því miður býr hópur kvenna við þannig aðstæður á Íslandi, en munur á erlendum konum og íslenskum í þannig nauðum er að þær íslensku hafa björgunarnet í gegnum fjölskyldu og vini meðan þær erlendu eiga engan að og geta helst leitað til annarra erlendra kvenna. Við skulum því öll vera vakandi yfir nágrannakonum okkar og koma til þeirra þessum bæklingi ef við vitum um bágar aðstæður þeirra, en líka til almenns fróðleiks og fræðslu því það dregur úr einangrun utanveltu þjóðfélagshópa og bætir líf þeirra til muna.“

thordis@frettabladid.is



**BJARTARA FRAM UNDAN** Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir nýja bæklinginn svara mikilvægum spurningum kvenna sem kannski hefðu hvergi í annan stað að leita og vera stóran lið í því að opna einangrað samfélag utanveltu þjóðfélagshópa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Steindór Hjörleifsson**

Breiðuvík 18 Reykjavík,

lést á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi þann 6. janúar sl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 21. janúar kl. 15.00.

**Unnur Hjartardóttir og fjölskylda**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hans Gunnar Hinz**

andaðist föstudaginn 7. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 20. janúar kl. 13.00.

**Gunnar Björn Hinz** | **Laima Hinz**
**Elís Örn Hinz** | **Sigrún Stefánsdóttir**
**börn og barnabörn**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, vinur, afi og langafi*

**Halldór Rósmundur Helgason**

Pósthússtræti 3 Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 2. janúar. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 14. janúar kl. 13.

**Magnea Halldórsdóttir** | **Kristján Ingi Helgason**
**Ragnar Helgi Halldórsson** | **Þórunn Friðriksdóttir**
**Halldóra Halldórsdóttir** | **Erlingur Rúnar Hannesson**
**Guðrún Bjarnadóttir**
**afa- og langafabörn**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Elías Kristjánsson**

frá Vestmannaeyjum,

lést í hjúkrunarheimilinu Mörkinni þriðjudaginn 4. janúar. Útförin fer fram frá Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti fimmtudaginn 13. janúar kl. 13.00.

**Klara Hjartardóttir**
**Ellý Elíasdóttir** | **Guðmundur Stefánsson**
**Óskar Elíasson** | **Ingibjörg Guðjónsdóttir**
**Guðný Sólveig Elíasdóttir** | **Sigtryggur Antonsson**
**Hjörtur Kristján Elíasson**
**Ómar Elíasson** | **Hallfríður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og sambýliskona,*

**Gyða Steingrímsdóttir**

Fróðengi 5, Reykjavík,

sem lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 4. janúar 2011, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 13. janúar kl. 15.00.

**Kristjana Óladóttir** | **Þráinn G. Þorbjörnsson**
**Þórarinn Ólason** | **Eydís Unnur Tórshamars**
**Bjarni Elíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Margrét Sigurðardóttir**

frá Sveinskoti,

er látin.

**Elín Jóhannsdóttir**
**Snorri Jóhannsson**
**Sturla Jóhannsson**
**Jónas Jóhannsson**
**Sigrún Jóhannsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## BÓNUS FLORIDA
*Ferskur appelsínusafi með aldinkjöti*




179
KR. 1 ltr

20 ÞÚSUND LTR.
*Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI 179 KR.*




259
kr. 500g

## HIMNESKT HVEITIKÍM

**Hveitikím** (Wheat germ) er einstaklega ríkt af næringarefnum, vítamínum, járni og trefjum. Hveitikím er próteinríkara en flestar kjötvörur. Leggja má að jöfnu 30g af Hveitikími og 250g af fersku grænmeti. Hveitikím er gott fyrir uppbyggingu líkamans og hentar sérlega vel fyrir íþróttafólk. Næringarefni í Hveitikími eru m.a. A, B1, B3 vítamín, sink, magnesíum, fitusýrur, járn og kalsíum. Hveitikím má nota í stað hveitis í flesta rétti.




398
kr. 500ml

## KÓKOSHNETUVATN VÖKVI LÍFSINS

**CoCo drink** er frískandi svaladrykkur, beint úr brunni náttúrunnar, náttúrulegur drykkur sem svalar þorstanum, unnin úr lífrænt ræktuðum kókoshnetum. **CoCo** kókosdrykkurinn er án allra aukaefna, án mjólkursykurs, rotvarnarefna og kólesteróls! **CoCo** kókoshnetudrykkurinn er stútfullur af amínósýrum

**100 KR. VERÐLÆKKUN**
10 ÞÚS FERNUR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI

## HÁMARK PRÓTEINDYKKUR




157
KR. 250ml

VANILLU, JARÐARBERJA OG SÚKKULAÐIBRAGÐ
25g prótein, 99% fitusnauður, engin hvítur sykur.




498
KR. 1 KG
FROSNIR **MANGÓBITAR** 1 KG
*100 KR. VERÐLÆKKUN*




498
KR. 1 KG
FROSNIR **ANANASBITAR** 1 KG
*100 KR. VERÐLÆKKUN*




498
KR. 1.2 KG
FROSIN **JARÐARBER** 1.2 KG
*AÐEINS 415 KR./KG.*

## BRAGÐBETRA BÓNUS LÝSI




398
KR. 500ml

398
KR. 300 stk




898
KR. KG

NF FROSNIR **ÞORSKBITAR** ROÐ OG BEINLAUSIR

*MINNA EN 1% FITA*

## ÞÝSK KALKÚNABRINGA




1998
KR. KG

Að matbúa **kalkúnabringu**; sjá *www.bonus.is*, smella á **Uppskriftir**: síðan á: **Kalkúnabringa** !



698
KR. 620g

KJARNAFÆÐI: FROSIÐ 100% **NAUTAHAKK** 620g RÚLLAN




898
KR. KG

NORÐANFISKUR: **ÝSUBITAR** ROÐ OG BEINLAUSIR

## KS FROSINN INNMATUR LIFUR OG HJÖRTU




198
KR. KG

268
KR. KG

Að matbúa lambalifur; sjá *www.bonus.is*, smella á **uppskriftir**: síðan á: **Lambalifur steikt** (tvær uppskriftir)



259
KR. 620g

KJARNAFÆÐI: FERSKT **KJÖTFARS** 620g RÚLLAN

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Jósepsdóttir**
Stóragerði 10 Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 4. janúar. Minningarathöfn verður í Grensáskirkju föstudaginn 14. janúar kl. 13.00. Útförin fer fram í Staðarkirkju laugardaginn 15. janúar kl. 14.00.

**Jón Einarsson** **Guðrún Þorsteinsdóttir**
**Skúli Einarsson** **Ólöf Ólafsdóttir**
**Þórir J. Einarsson** **Unnur Ragnarsdóttir**
**Svanborg G. Einarsdóttir** **Úlfar Reynisson**
**Jóhann A. Einarsson** **Rut Kristjánsdóttir**
**Þorsteinn Einarsson** **Ingibjörg Hreiðarsdóttir**
**Anna Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa*

**Einars Gunnarssonar**
Eyrarholti 6 Hafnarfirði.

Guð blessi ykkur öll.

**Sólveig Guðmundsdóttir**
**Sigríður Einarsdóttir** **Þórir Úlfarsson**
**Gunnar Einarsson** **Sigríður Erla Guðmundsdóttir**
**Sigurveig Sjöfn Einarsdóttir** **Kristján Sigurðsson**
**Þór Jakob Einarsson**
**Halldóra Einarsdóttir** **Guðmundur Sveinbjörnsson**
**Málfríður Hrund Einarsdóttir** **Þór Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hörður Þorvaldsson**
Vesturgötu 40 Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 4. janúar sl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni 13. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð Landspítalans.

**Ingibjörg Þ. Hallgrímsson**
**Hrönn Harðardóttir** **Magnús Rúnar Guðmundsson**
**Steingerður Gná Kristjánsdóttir** **Mikael Knorr Skov**
**Hörn Harðardóttir** **Egill Tómasson**
**Þorgeir Orri Harðarson** **Sandra Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn**



*Ástkær eiginmaður minn, sonur okkar, faðir, bróðir, fósturfaðir og afi,*

**Jón Bragi Bjarnason**
prófessor,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 14. janúar kl. 13.00.

**Ágústa Guðmundsdóttir**
**Bjarni Bragi Jónsson** **Rósa Guðmundsdóttir**
**Sigurrós Jónsdóttir** **Kári Árnason**
**Sigríður Dröfn Jónsdóttir** **Andrés Þór Gunnlaugsson**
**Bjarni Bragi Jónsson** **Hólmfríður Hartmannsdóttir**
**Ólöf Erla Bjarnadóttir** **Sigurður Axel Benediktsson**
**Guðmundur Jens Bjarnason** **Vigdís Sigurbjörnsdóttir**
**Ingibjörg Ýr Pálmadóttir** **Ásgeir Ásgeirsson**
**Anna Theodóra Pálmadóttir** **Guy Aroch**
**Guðmundur Pálmason** **Sigrún Gísladóttir**
**og barnabörn**



**Páll Arason**
ferðafrömuður, Bugi Hörgárdal,

lést miðvikudaginn 5. janúar.

**F.h. aðstandenda,**
**Björn Pálsson** **Ari Karlsson**



**Batulbai T. Gaziza**

past away 9th of January at Landakotsspítala. The funeral will be at Fossvogskapellu kl. 10.00 miðvikudaginn 12. janúar.



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir*

**Hanna Guðný Hannesdóttir**
Kolbeinsá Hrútafirði,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Hvammstanga 6. janúar. Jarðsett verður frá Prestbakkakirkju Hrútafirði laugardaginn 15. janúar kl. 11.00.

**Hilmar Guðmundsson** **Sigurrós Jónsdóttir**
**Agnar Guðmundsson** **Sólveig Guðbjartsdóttir**
**Ásdís Guðmundsdóttir** **Pálmi Sæmundsson**
**Margrét Guðmundsdóttir** **Guðmundur Erlendsson**
**Sigfús Guðmundsson** **Ingibjörg Karlsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkæra eiginmanns míns, föður, sonar, bróður og afa,*

**Harðar Ingvaldssonar**
Naustabryggju 2, Reykjavík.

**Sigrún Hallsdóttir**
**Tinna Harðardóttir** **Brynjar Þór Bjarnason**
**Jens Harðarson** **Aleksandra Pantic**
**Ingvaldur Rögnvaldsson** **Helga Hafdís Gústafsdóttir**
**Þóra Ingvaldsdóttir** **Pétur Kristjánsson**
**Haukur Ingvaldsson** **Henny Kartika**
**Barði Ingvaldsson** **Valgerður Ragnarsdóttir**
**Eyrún Ingvaldsdóttir** **Sigurður Scheving Gunnarsson**
**Emma Sif Brynjarsdóttir**
**Arnar Freyr Brynjarsson**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Jónasson**

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 2. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni 12. janúar nk. kl. 15.00.

**Valdís Kristjánsdóttir** **Hafliði Nielsen Skúlason**
**Guðrún Björk Kristjánsdóttir** **Jón Proppé**
**Steinunn Aagot Kristjánsdóttir** **Ólafur G. Guðmundsson**
**Ásdís Rósa og Mímir Hafliðabörn.**



**HEIÐURSFÓLK** Þórunn Júlíusdóttir, leikskólastjóri Kærabæjar, er móðir Steins Orra Erlendssonar, íþróttamanns ársins. MYND/ÞORSTEINN KRISTINSSON

# Mæðgin tóku á móti verðlaunum

Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps 2010 voru veitt 8. janúar og íþróttamaður Skaftárhrepps 2010 var einnig kjörinn sama dag.

Leikskólinn Kæribær hlaut umhverfisverðlaunin en innan hans hefur umhverfismálum verið vel sinnt í verki um árabil. Á liðnu ári endurnýjaði hann rétt sinn til að flagga grænfánanum sem er alþjóðlegt verkefni um að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum.

Steinn Orri Erlendsson í Seglbúðum í Landbroti var kjörinn í þróttamaður ársins 2010 í Skaftárhreppi. Hann náði næstbesta árangri á landsvísu í hástökki og kúluvarpi í sínum aldursflokki árið 2010 en hann verður tvítugur á þessu ári. Bróðir hans, Leifur Bjarki, var einnig tilnefndur. - gun



*Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát okkar heittelskaða,*

**Friðriks H. Jónssonar**
prófessors í sálfræði.

Sérstakar þakkir færum við Friðbirni Sigurðssyni, lækni. Þökkum einnig starfsfólki krabbameinslækningadeilda 11E og 11B sem og heimahlynningu LSH fyrir einstaka umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðný Ágústa Steinsdóttir.**



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur*

**Finnbogi Jónasson**

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 6. janúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 14. janúar kl. 13.00.

**Jónas Pálsson**
**Björn Jónasson**
**Gunnar Börkur Jónasson** **Dóra Hansen**
**Kristín Jónasdóttir**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Dagbjört Halldórsdóttir**
frá Hlöðum, Hörgárdal,

lést á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ.

**Halldór G. Hilmarsson** **Sigríður Finnbjörnsdóttir**
**Eysteinn Hilmarsson** **Irene Dzielak**
**Óskar Hilmarsson** **María Ragnarsdóttir**
**Emil Hilmarsson** **Hafdís Svavarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# OFURTILBOÐ TIL SKANDINAVÍU.

## Bókið fyrir 17 janúar.

| Reykjavík → | frá | Reykjavík → | frá |
|---|---|---|---|
| Ósló | kr. 26,700 | Kristiansand | kr. 36,500 |
| Kaupmannahöfn | kr. 37,400 | Stafangur | kr. 36,500 |
| Stokkhólmur | kr. 39,800 | Þrándheimur | kr. 40,100 |

**Ávallt með SAS**
Engin dulin gjöld
23 kg farangur án endurgjalds
Frí vefinnritun
EuroBonus punktar
25% barnaafsláttur

**flysas.is**

SAS
Scandinavian Airlines

A STAR ALLIANCE MEMBER

Öll fargjöld miðast við flug báðar leiðir, skattar og gjöld innifalin. Verð miðast við 14 desember 2010 og framboð er takmarkað af lægstu fargjöldum. Ferðatímabil er 12 febrúar til 30 september 2011.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** pest, **6.** ógrynni, **8.** langar, **9.** húðsepi milli táa, **11.** komast, **12.** raup, **14.** land, **16.** samtök, **17.** sigað, **18.** titill, **20.** á fæti, **21.** mála.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** tveir eins, **4.** nákvæmlega, **5.** hamfletta, **7.** fitlari, **10.** traust, **13.** dvelja, **15.** málmur, **16.** máttur, **19.** innan.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** of, **8.** vil, **9.** fit, **11.** ná, **12.** skrum, **14.** túnis, **16.** aa, **17.** att, **18.** frú, **20.** tá, **21.** líta.
**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** vv, **4.** einmitt, **5.** flá, **7.** fiktari, **10.** trú, **13.** una, **15.** stál, **16.** afl, **19.** út.


## Viltu auðga líf mitt?

Ég er 40 ára gömul kona með hreyfihömlun sem óskar eftir persónulegri aðstoðarmanneskju til starfa, helst sem fyrst. Í boði eru morgun og kvöldvaktir um helgar. Ég þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs, svo sem við klæðnað, akstur í skóla og vinnu, tölvuvinnu og ýmis önnur verk.

Markmið aðstoðarmanneskju er að stuðla að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og að viðhalda og auka lífsgæði mín. Æskilegt er að hún hafi bílpróf því ég hef eigin bíl til umráða. Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í okkar samstarfi.

Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár ásamt meðmælum berist á netfangið: **astasolehf hjá simnet.is**

Með fyrirfram þökk,
Ásdís Jenna Ástráðsdóttir símanúmer mitt er 661-0889








# Skálholtsjárnið

BAKÞANKAR
sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar



Skálholt hrífur og miðlar sögum til skemmtunar og eflingar. Fyrir helgi var ég á ráðstefnu eystra og naut töfra staðarins. Kirkjan gnæfði yfir land og líf og skein eins og perla í næturhafi vetrarins. Hún tók elskulega á móti öllum, sem sóttu tíðir og Kristur opnaði fang sitt í kórnum.

**ÞEGAR** ég horfði á þetta fallega hús kom upp í hugann saga frá byggingartíma kirkjunnar. Járnið, sem sent var austur, var kolryðgað og ljóst að mikil vinna færi í að bursta það allt upp. Góð ráð voru rándýr og tímafrek. Einhverjir héldu, að járnið væri alveg ónothæft. Víl helltist yfir byggingarliðið. Einn stóð hugsi og vildi ekki lúta ryðráðum. Þegar volandi hópurinn gekk til náða fór hann út, festi járnadræsu aftan í bíl sinn og dró hana síðan eftir malarveginum út að Spóastöðum og til baka.

**NÆTURFERÐIRNAR** urðu margar eða þar til allt járn hafði farið rúntinn. Ryðið svarfaðist af og málmurinn brosti skínandi bjartur við þeim, sem vöknuðu að morgni og mættu með vírbursta til vinnu. Það var eins og morgunsólin hefði tekið sér bólfestu í járnstæðunni. Burstarnir féllu og burðarvirkið Skálholtskirkju hefur ekki gefið sig. Kirkjan hefur staðist alla skjálfta jarðar og áraun tímans.

**JÁRNSAGA** kirkjunnar er sem lykilsaga fyrir þjóð á krossgötum. Nú er komið að framtíðargerð Íslands. Getum við notað ryðgað grindarefni, sem nóg er af og margir vilja selja ódýrt? Hrunið opinberaði, að þegar ekki er vandað til verka verða afleiðingar hörmulegar. Við Íslendingar erum í endurskoðunarham og eigum að læra ný trix og hugsa alla möguleika.

**SAMFÉLAGSDRÆSURNAR** eru ekki ónýtar heldur ryðgaðar. Lestir eru ekki byggingarefni og fúsk ekki heldur. Háskólafólkið á tól og ætti fremur að setja þarfir samfélagsins í forgang en að skora á topplistum alheimsakademíunnar. Stjórnsýslu ríkisins þarf að bæta. Auka þarf fagmennsku og gefa vel í svo vinhygli og klíkuræði molni af. Stjórnmálastéttinni og flokkum þarf að skella á mölina til að eðli þeirra verði opinberað og réttlæti þeirra hreinsað. Og svo er það stjórnarskráin. Er hún ryðgaður úrgangshaugur? Getur verið að þar sé ljómandi efni, sem hreinsa þarf, þ.e. ræða vendilega, til að gildi þess sjáist?

**NÚ** skal skíra, meta hvað er heilt, í hverju er burður og hvað getur nýst. Notum hið góða og siðlega. Skálholt er heilagur staður, en stofnanir og stjórnarskrá þurfa á Spóastaðarúntinn!

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhonnun.is

# netto

*Ódýrt fyrir heimilið!*

## FERSKIR ÝSUBITAR Í RASPI
OPAL SEAFOOD



20% afsláttur

1.198 kr/kg
áður 1.498 kr/kg

# *Fiskinn minn – nammi nammi namm!*

### HEITREYKTUR LAX
OPAL SEAFOOD



25% afsláttur

2.249 kr/kg
áður 2.998 kr/kg

### FERSKIR ÝSUBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
OPAL SEAFOOD



899 kr/kg
áður 1.098 kr/kg

### ÞORSKBITAR
FRYSTIVARA



25% afsláttur

899 kr/kg
áður 1.198 kr/kg

### STEINBÍTSBITAR
FRYSTIVARA



35% afsláttur

779 kr/kg
áður 1.198 kr/kg

### SKARKOLAFLAK
FRYSTIVARA



30% afsláttur

699 kr/kg
áður 998 kr/kg

### RISARÆKJA - BLACK TIGER
200 G



649 kr/pk.
Frábært verð

### KRÆKLINGUR
500 G



899 kr/pk.
Frábært verð!

### HÖRPUDISKUR
150 G



579 kr/pk.
Frábært verð!

### HVÍTLAUKSBRAUÐ
175 G




99 kr/stk.
Líttu á verðið!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

gildir meðan birgðir endast
birtist með fyrirvara um prentvillur

**! AUKATÓNLEIKAR MEÐ ELLY** Guðrún Gunnarsdótti söngkona heldur aukatónleika á fimmtudaginn kemur, þar sem hún flytur lög Ellyjar Vilhjálms. Tilefni tónleikanna er afmæli Ellyjar, sem hefði orðið 75 ára 28.desember. Tónleikarnir eru í Salnum í Kópavogi. Með Guðrúnu koma fram tónlistarmennirnir Agnar Már Magnússon, Sigurður Flosason, Birgir Bragason og Hannes Friðbjarnarson.

# Mest seldu bækurnar á annað hvert heimili

**Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst hefur gefið út lista yfir tuttugu mest seldu bækur ársins 2010. Formaður Félags íslenskra bókaútgefenda gerir ráð fyrir að tuttugu mest seldu bækurnar hafi selst í um 180 þúsund eintökum samtals.**

Rannsóknarsetrið vann allt árið 2010 sölulista fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda sem byggðir voru á upplýsingum um mest seldu bækur allra helstu endursöluaðila bóka á Íslandi, Eymundssonarbúðanna, Bónuss, Hagkaupa, Samkaupa-Nettó, búða Kaupáss, Bóksölu stúdenta, Bókabúð Máls og menningar, Bókabúðarinnar Iðu, N1 og Office 1.

Samkvæmt mælingunni seldust um 140 þúsund eintök af 20 mest seldu bókunum í þessum verslunum. Þá er hins vegar ekki reiknað með beinni sölu forlaga í gegnum netbúðir eða beint til fyrirtækja. „Það má því reikna með að um 180 þúsund eintök hafi í allt selst af þessum bókum,“ segir Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda. „Það þýðir að í það minnsta ein og hálf af þessum 20 bókum ætti fræðilega séð að vera til á hverju heimili á Íslandi eða að helmingur þjóðarinnar hafi í það minnsta eitt eintak af þeim undir höndum.“ Hann segir þessar tölur staðfesta það mat bókaútgefanda að bóksala hafi verið á svipuðu róli og undanfarin tvö ár og ekki orðið fyrir miklum skakkaföllum í hruninu.

Upplýsingar um seld eintök fylgja ekki mælingum Rannsóknarsetursins. Sölutölur liggja reyndar ekki endanlega fyrir fyrr en skil á bókum eftir jól hafa verið tekin með í reikninginn. Ef miðað er við upplýsingar frá útgefendum um seld eintök myndu hins vegar einstaka titlar hafa sætaskipti á listanum. Má mögulega rekja það til beinnar sölu forlaga sem mæling Rannsóknarsetursins nær ekki til.

Forlagið og dótturútgáfur þess gefa út átta af tuttugu mest seldu bókum ársins. Að sögn Egils Arnar Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Forlagsins, seldust Furðustrandir í tæpum 30 þúsund eintökum; ævisaga Gunnars Thoroddsen í níu þúsund eintökum; Morgunengill í um sex þúsund eintökum; Ljósa í tæplega sex þúsund eintökum og Þóra biskups í um fimm þúsund eintökum. Að sögn Péturs Más Ólafssonar seldist bók Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, í um sextán þúsund eintökum og Stelpubók þeirra Þóru og Kristínar Tómasdætra í tæplega níu þúsund. Svar við bréfi Helgu seldist í um 8.500 eintökum samkvæmt upplýsingum frá Bjarti. Þá seldist Rannsóknarskýrsla Alþingis í rúmlega sex þúsund eintökum og bók Sölva Tryggvasonar um Jónínu Benediktsdóttur í um 5.000 eintökum, samkvæmt N1.

bergsteinn@frettabladid.is

## UPPSAFNAÐUR METSÖLULISTI 1. JANÚAR TIL 31. DESEMBER 2010

| | Titill | Höfundur | Forlag |
|---|---|---|---|
| 1 | Furðustrandir | *Arnaldur Indriðason* | Vaka-Helgafell |
| 2 | Léttir réttir Hagkaups | *Friðrika Hjördís Geirsdóttir* | Hagkaup |
| 3 | Ég man þig | *Yrsa Sigurðardóttir* | Veröld |
| 4 | Stóra Disney matreiðslubókin | *Ýmsir höfundar* | Edda |
| 5 | Gunnar Thoroddsen | *Guðni Th. Jóhannesson* | JPV útgáfa |
| 6 | Eyjafjallajökull | *Ari Trausti Guðmundsson & Ragnar Th. Sigurðsson* | Uppheimar |
| 7 | Lífsleikni Gillz | *Egill Gillz Einarsson* | Bókafélagið |
| 8 | Svar við bréfi Helgu | *Bergsveinn Birgisson* | Bjartur |
| 9 | Hreinsun | *Sofi Oksanen* | Mál og menning |
| 10 | Bók fyrir forvitnar stelpur! | *Þóra Tómasdóttir/Kristín Tómasdóttir* | Veröld |
| 11 | Þokan | *Þorgrímur Þráinsson* | Mál og menning |
| 12 | Ertu Guð afi? | *Þorgrímur Þráinsson* | Vaka-Helgafell |
| 13 | Eldað með Jóa Fel | *Jóhannes Felixson* | Hjá Jóa Fel |
| 14 | Rannsóknarskýrsla Alþingis | *Rannsóknarnefnd Alþingis* | Alþingi |
| 15 | Borða, biðja, elska | *Elizabeth Gilbert* | Salka |
| 16 | Dömusiðir Tobbu | *Þorbjörg Alda Marinósdóttir* | Bókafélagið |
| 17 | Ljósa | *Kristín Steinsdóttir* | Vaka-Helgafell |
| 18 | Jónína Ben | *Sölvi Tryggvason* | Sena |
| 19 | Þóra biskups og raunir íslenskrar | *Sigrún Pálsdóttir* | JPV útgáfa |
| 20 | Morgunengill | *Árni Þórarinsson* | JPV útgáfa |

## HLUTFALL ALLRA SELDA BÓKA 2010 EFTIR FLOKKUM




■ Bækur almenns efnis ■ Barnabækur, innlendar og þýddar ■ Íslensk skáldverk ■ Þýdd skáldverk ■ Æviminningar




Andri Björn Róbertsson söngur
Birgir Þórisson píanó
Jane Ade Sutarjo píanó
Bernharður Wilkinson stjórnandi

Gershwin *Rhapsody in Blue*
Chopin *Píanókonsert nr. 1*
Mozart *Ein Mädchen oder Weibchen og Madamina! Il catalogo*
Bellini *Il mulino...Vi ravviso*
Händel *Leave me, loathsome light*

Sigurvegarar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitarinnar og Listaháskóla Íslands koma fram á þessum tónleikum sem alla jafna eru einhverjir þeir skemmtilegustu á árinu.

Ungt fólk og námsmenn fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu okkar í Háskólabíói.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Miðasala » www.sinfonia.is » Sími 545 2500 » Miðasala í Háskólabíói frá kl. 9-17

Tónlist ★★

**Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói 6. janúar. Stjórnandi: Graeme Jenkins. Einsöngvari: Hanna Dóra Sturludóttir.

**Háskólabíó 6. janúar**

## Vín, ekkert grín



RICHARD STRAUSS

Ég heyrði fólk stynja af leiðindum í kringum mig. Og það á Vínartónleikum. Eiga þeir ekki að vera skemmtilegir?

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru árviss viðburður. Þá er venjulega tónlist eftir valsakónginn Johann Strauss yngri og félaga á boðstólum. Oftar en ekki eru verkin krydduð með skondnum uppátækjum. Grínið er nauðsynlegt þegar svona margendurtekin, eldgömul popptónlist er á dagskránni.

Maður hefur auðvitað heyrt Pizzicato-polka eftir valsakónginn  milljón sinnum. En þegar slagverksleikari (Frank Aarnink) spilar „óvart“ nokkrar vitlausar nótur á litla flautu í miðjum polkanum og grípur svo um höfuðið í skelfingu, ja, þá verður polkinn allt í einu ferskur og fyndinn. Eiginlega eru Vínartónleikarnir áramótaskaup Sinfóníunnar. Húmorinn og léttleikinn hefur verið einkennismerki þeirra síðan ég man eftir mér.

En ekki núna. Frank var að vísu skemmtilegur þegar hann spilaði á flautuna, en þá er það líka upptalið. Fulla söngkonan í Schwipslied eftir fyrrnefndan Strauss vakti reyndar kátínu, en það er engu að síður margtuggið atriði sem er orðið óttalega þreytt.

Aðalvandamálið var þó ekki allar gömlu lummurnar. Málið var hin tuttugu mínútna langa Rosenkavalier-svíta eftir Richard Strauss, sem var síðust fyrir hlé. Afhverju í ósköpunum var hún þarna? Richard var óskyldur Johanni valsakóngi, og tónlist þeirra er eins og hvítt og svart. Johann samdi létta valsa og aðra danstónlist; Richard á miklu meira sameiginlegt með nafna sínum Wagner. Tónlist hans er hrífandi rómantísk, þrungin dramatískum andstæðum, djúp og seiðandi. Auðvitað fyrirfinnst húmor í henni líka, en sá húmor er löngu úreltur. Í Rosenkavalier-svítunni er vissulega vals, en hann er full fjarlægur og hikandi til að koma almennilega út á Vínartónleikum. Tónlistin er einfaldlega of innhverf.

Ekki bætti að flutningurinn var varla neitt til að hrópa húrra fyrir. Hljómsveitarstjórn Graeme Jenkins var óttalega máttlaus; það var eins og hann tryði ekki á það sem hann var að gera. Auk þess var hljómsveitin ekki alltaf nægilega samtaka.

Ég hefði viljað heyra meira í einsöngvaranum, Hönnu Dóru Sturludóttur. Hún söng bara eitt lag fyrir hlé, og sárafá í seinni hálfleik. Hún söng þó vel, af sínum vanalega yndisþokka og tilfinningu. Það var synd hvað hún fékk lítið að njóta sín.

Seinni hluti tónleikanna var skárri, þá var efnisskráin meira eins og maður á að venjast. En hljómsveitin náði sér samt aldrei á strik. Og brandararnir voru alltof fáir. Gömlu lummurnar voru því bara gamlar, það var ekkert sem gerði þær spennandi. Ég held að þetta hljóti að vera leiðinlegustu Vínartónleikar í lengri tíma.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Vínartónleikar Sinfóníunnar voru með slappasta móti. Rosenkavalier-svítan eftir Richard Strauss var eins og boðflenna í fjölskylduboði. Og skemmtileg eftir því.



Salatvika
10.-17. janúar
Kristall
899 kr.
Zinger salat + Egils Kristall
svooogott í 30 ár™
www.kfc.is
0gr. transfita
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI
PIPAR\TBWA • SÍA • 103269

# Alt verður nýr ritstjóri Vogue

Emanuelle Alt hefur verið ráðin ritstjóri franska Vogue og tekur við starfinu af Carine Roitfeld í lok þessa mánaðar. Alt hefur starfað sem stílisti í mörg ár og var ráðin til Vogue árið 2009.

Sá orðrómur gengur innan tískuheimsins að þeim Roitfeld og Alt hafi ekki verið vel til vina og að Roitfeld hafi kvartað undan Alt við Jonathan Newhouse, framkvæmdastjóra útgáfufyrirtækisins Condé Nast. Newhouse hafi í kjölfarið ákveðið að segja Roitfeld upp störfum og ráða Alt í hennar stöðu. Samkvæmt heimildum mun Newhouse hafa ofboðið þegar upp komst að Roitfeld hafi í fyrra sent sýnishorn af nýrri línu Balenciaga til Max Mara og í kjölfarið var Vogue sett á svartan lista hjá Balenciaga. Fleiri tískuhús fylgdu í kjölfarið og hættu einnig að auglýsa í blaðinu.

Alt á mikið og erfitt starf fyrir höndum, enda hefur Roitfeld verið í hálfgerðri guðatölu innan tískuheimsins undanfarinn áratug. „Þetta er mikill heiður og það er mér mikil ánægja að taka við þessu blaði sem ég þekki svo vel. Ég mun reyna að halda áfram að þróa og bæta Vogue Paris ásamt öllu því hæfileikaríka fólki sem hér starfar,“ sagði Alt í tilkynningu sem Vogue sendi frá sér.

Alt þykir með eindæmum smekkleg og flott kona og því verður forvitnilegt að fylgjast með störfum hennar sem ritstjóra eins stærsta tískutímarits heims. - sm



**NÝR RITSTJÓRI** Emanuelle Alt hefur verið ráðin nýr ritstjóri franska Vogue. Alt, sú til vinstri, þykir afskaplega flott og smekkleg og verður gaman að fylgjast með störfum hennar í framtíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kynnir Mömmu Gógó í LA fyrir Óskarsakademíunni

**Leikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson hefur verið í Los Angeles að undanförnu að kynna mynd sína Mömmu Gógó. Hann er vongóður um að hún hljóti tilnefningu til Óskarsins.**

„Við höfum fengið rosalega fín viðbrögð. Það er ágætis „buzz“ á henni,“ segir leikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson, sem hefur verið staddur í Los Angeles undanfarna daga við kynningu á kvikmyndinni Mömmu Gógó.

Þriðjudaginn 20. janúar verður tilkynnt hvaða níu myndir eiga möguleika á tilnefningunum fimm til Óskarsverðlaunanna fyrir bestu erlendu mynd síðasta árs. Alls eru 65 myndir í pottinum frá jafn mörgum þjóðum. Mamma Gógó hefur að undanförnu verið sýnd fyrir meðlimi Óskarsakademíunnar og á sunnudag var síðasta sýningin þar í borg þegar hún tók þátt í hinni árlegu Norrænu kvikmyndahátíð í Los Angeles. Þar var The Good Heart eftir Dag Kára einnig sýnd.

Friðrik Þór hefur farið í fjölda viðtala að undanförnu, auk þess að vera viðstaddur sýningar á Mömmu Gógó. Stórblaðið The New York Times tók viðtal við hann sem birtist á föstudag og í Boston Globe birtist sama dag afar jákvæður dómur um myndina þar sem talið var líklegt að hún kæmist í „undanúrslitin“ fyrir Óskarinn. „Maður er vongóður um að komast í þennan níu mynda kúrs. En allt eftir það er mjög flókið,“ segir Friðrik Þór. Hann er mjög ánægður með umfjöllun Boston Globe, New York Times og hinna ýmsu fjölmiðla og segir að slíkt umtal auki að sjálfsögðu möguleika myndarinnar. „Þessi stórblöð endurspegla það sem akademíumeðlimirnir eru að tala um,“ segir hann en áréttar að herferðin á bak við Mömmu Gógó sé langt í frá eins kraftmikil og sú sem hinar Norðurlandaþjóðirnar standi fyrir. „Við eigum ekki pening til að auglýsa þetta eins og margir eru að gera.“

Friðrik útskýrir að vinnubrögð Óskarsakademíunnar hafi breyst mikið síðan Börn náttúrunnar var tilnefnd til Óskarsins 1992. Þá horfði 300 manna hópur á allar myndirnar og valdi síðan út frá því en núna er valið flóknara en áður og fer í gegnum margar nefndir áður en niðurstaða fæst.

Ekki koma eingöngu jákvæðar fréttir úr herbúðum Friðriks því heimildarmynd hans, Sólskinsdrengurinn, komst ekki í fimmtán mynda hópinn sem á möguleika á Óskarstilnefningu í ár. Friðrik viðurkennir að það hafi komið sér á óvart miðað við þau góðu viðbrögð sem myndin hafði fengið. „Þau voru mjög sterk en samt veit maður aldrei neitt. Þetta er svo óútreiknanlegt.“ freyr@frettabladid.is



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON** Friðrik Þór hefur staðið í ströngu í Los Angeles við kynningu á mynd sinni Mömmu Gógó. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ 1BÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

THE TOURIST 700 kr. LÚXUS · GULLIVER'S TRAVELS 3D 950 kr. FYRSTA RISA GRÍNMYND ÁRSINS Í 3-D · GAURAGANGUR · SOMEWHERE 700 kr. · LITTLE FOCKERS 700 kr. · NARNIA 950 kr. Í 3-D · DEVIL 700 kr.

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE TOURIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE TOURIST LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| LITTLE FOCKERS | Kl. 8 - 10.20 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 3.40 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 5.30 | 7 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE TOURIST | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | KL. 5.50 - 10.20 | L |
| SOMEWHERE | KL. 5.50 - 8 | L |
| DEVIL | KL. 10.10 | 16 |
| GAURAGANGUR | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| NARNIA 3 3D | KL. 8 | 7 |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| THE TOURIST | kl. 8 - 10 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | kl. 6 - 8 | L |
| LITTLE FOCKERS | kl. 10 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 6 | 7 |

Ath: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíó

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

facebook /smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE TOURIST 700 KR. · GULLIVER'S TRAVELS 3D 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér · LITTLE FOCKERS 700 KR. · DEVIL 700 KR. · MEGAMIND 3D 950 KR. Í 3D gleraugu seld sér

Tilboð í bíó. Gildir á alllar sýningar dagsins.

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE TOURIST | 8 og 10.10 | 12 |
| GULLIVER´S TRAVELS 3D | 6 | L |
| LITTLE FOCKERS | 6, 8 og 10.10 | L |
| DEVIL | 8 og 10 | 16 |
| MEGAMIND 3D | 6 | L |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

MATT DAMON Nýjasta meistarverk Clint Eastwood HEREAFTER KR. 700* · GULLIVER'S TRAVELS 3D KR. 700*

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG! KLOVN THE MOVIE KR. 700*

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS - ATH. SELT Í NÚMERUÐ SÆTI Í KRINGLUNNI

TRON — KR. 700 - GILDIR EKKI Á 3D NEMA Í EGILSHÖLL · Little Fockers KR. 700* · MEGAMIND 3D — KR. 700 - GILDIR EKKI Á 3D NEMA Í EGILSHÖLL

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| HEREAFTER | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| TRON LEGACY | kl. 5:30 - 8 (3D) - 10:40 (3D) | 10 |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 700* *GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIÐ GILDIR EKKI Á 3D NEMA Í EGILSHÖLL

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| KLOVN: THE MOVIE | kl. 4.30 - 9.15 og 11.25 | 14 |
| HEREAFTER | kl. 9.15 - 11.10 | 12 |
| TRON: LEGACY-3D | kl. 4.30 og 9.15 | 10 |
| GUILIVERS TRAVEL-3D | kl. 4.30 og 9 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 4.30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 9 - 10:20 | 14 |
| TRON LEGACY-3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| LITTLE FOCKERS | kl. 7 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HERE AFTER | kl. 8 | 12 |
| TRON : LEGACY-3D | kl. 10:40 | 10 |
| KLOVN - THE MOVIE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 14 |

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| THE NEXT THREE DAYS(12) | 18:00, 20:20, 22:40 |
| REVENGE OF THE PINK PANTHER(L) | 20:00 |
| THE KILLER INSIDE ME(16) | 18:00, 20:10, 22:20 |
| GNARR(L) | 18:00, 20:20, 22:40 |

MICMACS FRUMSÝND FÖSTUDAG · ÞRIÐJUDAGS-TILBOÐ: 850 KR. MIÐINN! · RUSSELL CROWE THE NEXT THREE DAYS · THE KILLER INSIDE ME · PETER SELLERS THE PINK PANTHER SNÝR AFTUR 7.-13. JAN. EIN VIKA-FIMM MYNDIR TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIDI.IS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# sport

sport@frettabladid.is

2 DAGAR

**ÞORBJÖRN JENSSON** er sá þjálfari sem hefur stýrt íslenska landsliðinu í flestum leikjum á HM. Ísland spilaði undir hans stjórn á HM í Kumamoto 1997 og á HM í Frakklandi 2001. Liðið vann 9 af 15 leikjum sínum. Bogdan Kowalczyk (HM 1986 og 1990) og Þorbergur Aðalsteinsson (HM 1993 og 1995) stjórnuðu báðir íslenska landsliðinu í fjórtán leikjum á HM.



**DÓRA MARÍA** Meistari fimm ár í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dóra María Lárusdóttir:

## Búin að semja við Djurgården

**FÓTBOLTI** Dóra María Lárusdóttir, knattspyrnukona ársins í Pepsi-deild kvenna og lykilmaður á bak við átta stóra titla Valskvenna undanfarin fimm ár, hefur ákveðið að yfirgefa Valsliðið og spila með sænska úrvalsdeildarliðinu Djurgården næsta sumar.

„Þetta er búið að vera til tals í tvö til þrjú ár að fara út en þá fannst mér það ekki vera rétti tíminn. Núna var ég að klára samninginn hjá Val og fannst vera kominn tími á einhverja nýja áskorun,“ segir Dóra María sem var einnig með tilboð frá liðum á Spáni.

„Ég skoðaði ýmislegt en komst síðan að þeirri ákvörðun að þetta væri besta skrefið núna,“ segir Dóra en hún er enn ein landsliðskonan sem er komin til Svíþjóðar.

„Þær tala allar fallega um Svíþjóð enda eru þær allar búnar að framlengja samninga sína hérna. Ég er bjartsýn á þetta og tel að það hafi verið alveg kominn tími á þetta,“ segir Dóra. - óój



**BEST Í HEIMI** Lionel Messi frá Argentínu og Marta frá Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gullbolti FIFA afhentur í gær:

## Messi bestur

**FÓTBOLTI** Argentínumaðurinn Lionel Messi, leikmaður spænska liðsins Barcelona, var í gærkvöld kosinn besti knattspyrnumaður heims og hlaut að launum fyrsta Gullbolta FIFA. FIFA og franska blaðið France Football sameinuðu árleg verðlaun sín fyrir kjörið í ár en Lionel Messi var handhafi beggja verðlaunanna.

Messi fékk 22,65 prósent atkvæða en Andrés Iniesta varð í 2. sæti með 17,36 prósent atkvæða og Xavi fékk síðan 16,48 prósent atkvæða í þriðja sætinu en þeir leika allir með Barcelona. Xavi varð í 3. sæti annað árið í röð. Brasilíska knattspyrnukonan Marta var kosin besta knattspyrnukona heims, José Mourinho var valinn þjálfari ársins hjá körlunum og Silvia Neid, þjálfari þýska kvennalandsliðsins, hjá konunum. - óój

Undanúrslitin klár í körfunni:

## Auðvelt hjá Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Grindavík varð í gær síðasta liðið til þess að tryggja sér sæti í undanúrslitum Powerade-bikarsins í körfubolta eftir 35 stiga heimasigur á 1. deildarliði Laugdæla, 91-56. KR, Haukar og Tindastóll verða í pottinum með Grindavík. Grindvíkingar komust þarna í undanúrslitin þriðja árið í röð og í fimmta sinn á síðustu sex árum. - óój

# Stórt stökk í rétta átt hjá strákunum

**Það var allt í mínus hjá íslenska handboltalandsliðinu í októberlok en Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara hefur tekist að kveikja neistann á nýjan leik í liðinu. Það er athyglisvert að bera frammistöðu liðsins frá því í október við sigurleiki liðsins á móti Þjóðverjum í Laugardalshöllinni um helgina.**

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið er komið í HM-gírinn. Það sýndu strákarnir okkar í tveimur fjögurra marka sigrum á Þjóðverjum í Laugardalshöllinni. Það hefur mikið breyst á 70 dögum eða síðan íslenska liðið var í miklum vandræðum í naumum sigri á Eistum og tapi á móti Austurríki í undankeppni EM í októberlok.

Það hefur verið mikið skrifað og skrafað um geðveikina í vörn íslenska liðsins á Ólympíuleikunum eða þegar varnarmenn liðsins voru út um allt en um leið að vinna svo vel saman að andstæðingarnir fundu fáar leiðir í gegnum íslensku vörnina. Gegn Þjóðverjum mátti sjá neistann á ný í vörninni. Hún lokaði leiðum fyrir skytturnar, hjálpaði markvörðunum og skilaði fleiri hraðaupphlaupum. Þetta mátti sjá glögglega á tölfræðinni.

Í leikjunum á móti Eistum og Austurríki var Ísland undir á flestum lykilsviðum leiksins en mestu munaði á mörkum úr langskotum og markvörslunni.

Lettar og Austurríkismenn skoruðu alls 25 mörk úr langskotum í leikjunum tveimur á meðan íslenska liðið skoraði aðeins 12 slík mörk. Á móti Þjóðverjum var íslenska liðið hins vegar sjö mörk plús þegar litið er á langskotin. Íslenska landsliðið skoraði 22 langskotsmörk á móti aðeins 15 frá Þjóðverjum en hér er átt við langskot eftir að liðið er búið að stilla upp í sókn.

Það var líka 27 skota sveifla í markvörslunni. Íslensku markverðirnir vörðu aðeins 26 af 80 skotum í leikjunum á móti Lettum og Austurríki (32,5 prósent) en markverðir mótherjanna vörðu 18 skotum fleira eða 44 af 95 sem gerir 46,3 prósenta markvörslu. Allt aðra sögu var að segja af markvörslunni í Þýskalandsleikjunum.

Íslensku markverðirnir vörðu þá 9 skotum fleira en þýsku markverðirnir og alls 34 af 84 skotum (40,5 prósent). Markverðir Þjóðverja vörðu á sama tíma 25 af 83 skotum sem komu á þá (30,1 prósent).

Íslenska liðið skoraði einu hraðaupphlaupsmarki meira en Þjóðverjar í leikjunum tveimur en þar munaði mestu um að þýska liðið skoraði 12 af 15 hraðaupphlaupsmörkum sínum úr annarri bylgju. Frábær vörn og markvarsla íslenska liðsins skilaði hins vegar 12 hraðaupphlaupsmörkum úr fyrstu bylgju, 9 fleiri en hjá þýska liðinu.

Ekki gátu strákarnir kvartað mikið yfir dómurunum í leikjum við Letta og Austurríki þar sem þeir fengu 12 fleiri víti og voru tíu mínútum minna manni færri. Gegn Þjóðverjum voru íslensku strákarnir fjórum mínútum lengur út af eftir brottvísanir en fengu einu fleira víti.

Aron Pálmarsson og Björgvin Páll Gústavsson voru langt frá sínu besta í leikjunum á móti Lettlandi og Austurríki í október og það var því afar ánægjulegt að sjá þá geislandi af sjálfstrausti á móti Þjóðverjum.

Björgvin varði ekki eitt skot (af 20) í leikjunum við Letta og Austurríki en átti tvo flotta leiki á móti Þjóðverjum. Það spillti heldur ekki fyrir að Hreiðar Levý Guðmundsson lék seinni hálfleikinn í seinni leiknum og stóð sig mjög vel.

Aron Pálmarsson hjálpaði liðinu lítið í október (0 mörk úr 5 skotum + ein stoðsending) en var allt í öllu í leik liðsins um helgina. Aron skoraði þá 11 mörk, átti 8 stoðsendingar og enginn íslenskur leikmaður skoraði fleiri mörk utan af velli.

Annar leikmaður sem spilaði mun betur um helgina en í undankeppninni var Snorri Steinn Guðjónsson sem hækkaði skotnýtingu sína sem dæmi um 45 prósent, hann fór úr því að nýta aðeins 2 af 11 skotum sínum gegn Lettum og Austurríkismönnum í að skora úr 7 af 11 skotum sínum um helgina.

Eitt það besta við ógnun fleiri leikmanna í íslenska liðinu var að Ólafur Stefánsson gat valið sér betur tímapunktana til þess að láta til sín taka. Það sást vel á skotnýtingunni hans en Ólafur nýtti 13 af 17 skotum sínum í Þýskalandsleikjunum, en af þessum fjórum skotum sem geiguðu voru tvö vítaskot. Ólafur skoraði flest mörk og átti einnig ásamt Aroni flestar stoðsendingar.

Það glöddust margir við að sjá strákana okkar í stuði um helgina og nú er bara að vona að það verði framhald á í leikjunum á HM í Svíþjóð. Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara er örugglega mikið létt enda var lítil ástæða til bjartsýni eftir umrædda leiki við Austurríki og Lettland í október. Nú lítur landsliðið okkar hins vegar vel út, neistinn er kviknaður og svo er bara að sjá hvort framhald verði á þessari góðu spilamennsku í Svíþjóð.

ooj@frettabladid.is



**VÖRNIN Í GÓÐUM GÍR** Sverre Jakobsson og Ingimundur Ingimundarson voru frábærir í vörninni á móti Þjóðverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Tölfræðin talar sínu máli

| Leikirnir gegn Lettum og Austurríki: | | Leikirnir gegn Þjóðverjum: | |
|---|---|---|---|
| Mörkin: | -3 (51-54) | Mörkin: | +8 (58-50) |
| Varin skot: | -18 (26-44) | Varin skot: | +9 (34-25) |
| Mörk úr langskotum: | -13 (12-25) | Mörk úr langskotum: | +7 (22-15) |
| Mörk úr hraðaupphlaupum: | -1 (8-9) | Mörk úr hraðaupphlaupum: | +1 (16-15) |
| ... úr fyrstu bylgju: | -2 (5-7) | ... úr fyrstu bylgju: | +9 (12-3) |
| ... úr annarri bylgju: | +1 (3-2) | ... úr annarri bylgju: | -8 (4-12) |
| Mörk af línu: | +2 (8-6) | Mörk af línu: | +3 (8-5) |
| Mörk úr hornum: | +6 (10-4) | Mörk úr hornum: | -3 (2-5) |
| Víti fengin: | +12 (15-3) | Víti fengin: | +1 (10-9) |
| Brottvísanir: | -10 mín (20-30) | Brottvísanir: | +4 mín (20-16) |



**ARON PÁLMARSSON**



**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON**

Guðmundur Guðmundsson valdi í gærkvöldi sautján manna lokahóp fyrir HM:

# Sveinbjörn og Sturla duttu út

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi í gær þá sautján menn sem munu fara á HM í Svíþjóð sem hefst í lok vikunnar. Guðmundur mun tilkynna um sextán menn en getur tvisvar sinnum skipt út manni meðan á mótinu stendur.

„Þetta er ákveðinn léttir. Nú er þessi ákvörðun frá og búið að velja hópinn. Það er alltaf erfitt hlutskipti fyrir þá sem sitja eftir og þetta er það leiðinlega í starfinu fyrir landsliðsþjálfarann að þurfa að gera þetta. Þetta er bara hluti af ferlinu,“ segir Guðmundur.

„Það eru ýmsar ástæður fyrir því að ég fer út með 17 menn en ég vil ekkert fara nánar út í það. Það eru mestar líkur fyrir því að við tilkynnum inn sextán leikmenn en þá get ég tvisvar sinnum skipt út leikmanni ef á þarf að halda. Við viljum eiga möguleika á því að geta skipt út manni ef á þarf að halda,“ sagði Guðmundur en nú eru nýjar reglur um breytingar á hópnum meðan á keppninni stendur.

„Það hefur alltaf verið bundið við það að þú getir gert þetta fyrir leiki í milliriðli eða fyrir fjögurra liða úrslitum. Nú ræður þú því hvenær þú breytir liðinu. Þú færð tvo möguleika og þú ræður því hvort þú notar þá strax eða síðar,“ segir Guðmundur.

Guðmundur var búinn að velja 19 manna landsliðshóp sem er búinn að vera við æfingar síðan 3. janúar síðastliðinn. Leikmennirnir sem duttu út á síðustu stundu voru markvörðurinn Sveinbjörn Pétursson og vinstri hornamaðurinn Sturla Ásgeirsson. Guðmundur velur þrjá leikmenn í hópinn sem ekki hafa tekið þátt í stórmóti áður, Odd Gretarsson, Sigurberg Sveinsson og Kára Kristjánsson.

„Það er jákvætt að það séu þrír leikmenn í hópnum sem ekki hafa farið á stórmót áður. Það sýnir það að liðið er í þróun og það er verið að gefa reynsluminni mönnum og ungum manni tækifæri. Þetta lið er alltaf í mótun,“ segir Guðmundur. Íslenska landsliðið fer síðan til Svíþjóðar á morgun. - óój



**EKKI MEÐ** Sturla Ásgeirsson var með í bæði silfurliðinu á ÓL sem og bronsliðinu á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### HM-hópur Íslands

**Markmenn:**
Björgvin Páll Gústavsson, Kadetten
Hreiðar Leví Guðmundsson, Emsdetten
**Vinstri hornamenn:**
Guðjón Valur Sigurðsson, R.-Neckar Löwen
Oddur Gretarsson, Akureyri
**Vinstri skyttur:**
Arnór Atlason, AG Kaupmannahöfn
Sigurbergur Sveinsson, Rheinland
**Leikstjórnendur:**
Aron Pálmarsson, Kiel
Snorri Steinn Guðjónsson, AG
**Hægri skyttur:**
Ólafur Stefánsson, R.-Neckar Löwen
Alexander Petersson, Füchse Berlin
Ásgeir Örn Hallgrímsson, Hannover
**Hægri hornamenn:**
Þórir Ólafsson, Lübbecke
**Línumenn:**
Róbert Gunnarsson, R.-Neckar Löwen
Vignir Svavarsson, Hannover-Burgdorf
Kári Kristján Kristjánsson, Wetzlar
**Varnarmenn:**
Ingimundur Ingimundarson, AaB
Sverre Jakobsson, Grosswallstadt
**Leikmenn sem duttu út:**
Sveinbjörn Pétursson, Akureyri
Sturla Ásgeirsson, Val

# Nýir heilsuréttir sem bragð er að




**KJÚKLINGASALAT COUS COUS**

Kjúklingur, cous cous, mixsalat, brokkolí, fetaostur, kasjúhnetur, dressing með ab-mjólk, engifer, lime og krydd.

**BRÚN HRÍSGRJÓN OG KJÚKLINGUR**

Brún hrísgrjón, kjúklingur, brokkolí, blaðlaukur, gulrætur, steikt egg, chilli og svo fylgir sojasósa með.

Prófaðu bragðgóðu heilsuréttina frá Júmbó úti í næstu búð!



JÚMBÓ

www.jumbo.is

## > Anthony Hopkins

„Mig langar að fara aftur til Wales. Ég er með barnæskuna mína á heilanum og mig dreymir að minnsta kosti þrisvar í viku að ég sé kominn aftur á heimaslóðir."

***Anthony Hopkins leikur Ted Crawford, auðugan verkfræðing frá Los Angeles, sem skýtur eiginkonu sína og krefst þess að fá að verja sig sjálfur í réttarhöldunum, enda veit hann alveg hvernig hann ætlar að fara að því, í kvikmyndinni Fracture sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR SAKNAR MJÖG HRINGEKJUNNAR

# *Mamma, hvenær byrjar Hrærivélin?*

Í fyrsta sinn á ævinni upplifi ég mig sem minnipokamanneskju. Þegar ég viðurkenni staðreyndir lífsins uppsker ég hneykslunarsvip og vantrú samferðafólksins, en málið er ekki flókið og ég skammast mín ekki fyrir að viðurkenna að ég dauðsakna Hringekjunnar, jafnvel þótt hún hafi verið uppmáluð sem drepleiðinleg í Áramótaskaupinu. Hringekjuástin heltók ekki bara mig á mínu heimili, heldur er sonur minn á fimmta ári í öngum sínum yfir stansaðri Hringekjunni, sem stýrði jú einn af hans uppáhalds sjónvarpsmönnum, sjálfur Gói, sem dúkkar líka upp sem vinur Sveppa og Villa í morgunsjónvarpi barnanna. Það var einmitt yfir Hringekjuþætti sem litli maðurinn sættist loks við að verða fullorðinn þegar hann sá Villa Naglbít kominn úr stráksgervinu og orðinn fullorðinn, hamingjusaman mann, því auðvitað truflar barnssálina að þurfa einn daginn að flytja að heiman frá mömmu.



Ég viðurkenni að hafa hrist hausinn í vantrú þegar ég sá fyrsta þátt Hringekjunnar. Mér þótti hann svo vondur og stirðbusalegur að ég kveikti ekki aftur fyrr en um mitt haust. Þá hafði Gói sjóast afbragðs vel sem þáttastjórnandi og var kominn með áhugaverða viðmælendur í afslöppuð viðtöl og skemmtileg tónlistaratriði, í bland við ætíð vel þeginn vinkil á landsbyggðarlýðinn og bráðfyndin skopatriði þar sem hann sjálfur fór á kostum. Við áttum því notaleg laugardagskvöld með Góa og kó.

Nú bíður drengurinn minn spenntur eftir Hrærivélinni sem lofað var sem alhliða niðurskurðarþætti í Áramótaskaupinu, en fólk á hans aldri skilur grín ekki eins vel og við eldri. „Í Hrærivélinni verður líka eitthvað æsvegis fyrir börn," segir hann einlægt spenntur, svo von mín er að Ríkissjónvarpið bregðist ekki barnafjölskyldum með íslensku skemmtiefni í gæðastíl Hringekjunnar á laugardagskvöldum í vetur.

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Íslenskir tónar - Jón Páll Bjarnason**
**17.20 Ferð til fjár** (2:2) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Friðþjófur forvitni** (18:20)
**18.23 Skúli skelfir** (23:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (9:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Skólaklíkur** (34:34) (Greek)
**20.55 Myndheimur Ólafar Nordal** (1:5) Þáttaröð um íslenska ljósmyndun eins og hún birtist á sýningum á Listahátíð í Reykjavík vorið 2010.
**21.25 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestir þáttarins eru um margt ólíkir og koma alls staðar að úr samfélaginu. En eitt eiga þeir þó sameiginlegt, þeir hafa allir áhugaverða sögu að segja.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Dauðir rísa** (4:12) (Waking the Dead VI). Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
**00.00 Kastljós**
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Dave Chappelle's Block Party**
**10.00 Hannah Montana. The Movie**
**12.00 Pay It Forward**
**14.00 Dave Chappelle's Block Party**
**16.00 Hannah Montana: The Movie**
**18.00 Pay It Forward**
**20.00 Fracture**
**22.00 Lonely Hearts**
**00.00 The Initiation of Sarah**
**02.00 Cloverfield**
**04.00 Lonely Hearts**
**06.00 27 Dresses**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.10 The Amazing Race** (5:11)
**10.55 Total Wipeout** (5:12)
**11.55 Monk** (15:16)
**12.40 Nágrannar**
**13.05 Frasier** (20:24)
**13.30 So You Think You Can Dance** (2:23)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Ben 10**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (21:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (4:17)
**20.10 Modern Family** (7:24)
**20.30 Two and a Half Men** (12:22)
**20.55 Chuck** (9:19)
**21.40 Burn Notice** (4:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
**22.25 Daily Show: Global Edition**.
**22.50 Hawthorne** (6:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity-spítalanum í Virginíu.
**23.35 Gossip Girl** (9:22)
**00.20 Medium** (15:22)
**01.05 Nip:Tuck** (13:19)
**01.50 Skeleton Man**
**03.15 Monk** (15:16)
**04.00 Chuck** (9:19)
**04.45 Two and a Half Men** (12:22)
**05.10 The Simpsons** (21:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**18.15 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**19.10 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
**19.40 Enski deildabikarinn: West Ham - Birmingham** Bein útsending frá leik West Ham og Birmingham City í undanúrslitum enska deildarbikarsins (League Cup). Þetta er fyrri leikur liðanna.
**21.45 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.35 European Poker Tour 6 – Pokers**
**23.25 Enski deildabikarinn: West Ham - Birmingham**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Tottenham - Blackburn** Útsending frá leik Tottenham og Blackburn.
**18.15 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.10 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.40 Chelsea - Sunderland** Útsending frá leik Chelsea og Sunderland.
**21.25 Football Legends** Næstur í röðinni er hinn magnaði Raúl, leikmaður Real Madrid á Spáni. Ferill Raúls verður skoðaður og skyggnst verður á bak við tjöldin á ferli þessa frábæra leikmanns.
**21.50 PL Classic Matches: Southampton - Liverpool, 2000**
**22.20 Arsenal - WBA** Útsending frá leik Arsenal og WBA í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 90210** (10:22) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Got To Dance** (1:15) (e)
**18.55 Real Hustle** (11:20)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (25:50) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (13:39)
**20.10 Survivor** (6:16) **21.00 How To Look Good Naked** (8:12) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar. Gok Wan heimsækir mæðgur frá Derbyshire sem eru afar óöruggar með útlit sitt.
**21.50 Seven Ages of Love** Skemmtilegur þáttur þar sem rætt er við sjö konur með sjö óvenjulegar ástarsögur. Sjónvarpskonan Cherry Healey hittir konur, sem allar eru á ólíkum stað í lífi sínu, og ræðir um ástina og leitina að sálufélaganum. Viðmælendurnir eru á misjöfnum aldri, allt frá skólastelpum sem eru að vonast eftir fyrsta kærastanum til kvenna sem eru komnar yfir fimmtugt og vilja krydd í tilveruna.
**22.45 Jay Leno**
**23.30 CSI: New York** (23:23) (e)
**00.20 Flashpoint** (7:18) (e)
**01.05 Worlds Most Amazing Videos** (4:13) (e)
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**11.55 Golfing World**
**12.45 Tournament of Champions** (2:4)
**17.15 PGA Tour Yearbooks** (9:10)
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (1:45)
**19.45 Hong Kong Open** (2:2)
**23.45 Golfing World**
**00.35 ESPN America**

### EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Gossip Girl** (19:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (9:22)
**22.35 Undercovers** (6:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles. Líf þeirra tekur stakkaskiptum þegar leyniþjónustan hefur samband og kallar þau aftur til starfa.
**23.20 The Deep End** (4:6) Áhrifarík þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga og þeirra baráttu í að ná árangri á virtri lögfræðistofu.
**00.05 Dollhouse** (13:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður", sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig.
**00.55 The Bill Engvall Show** (5:8) Frábær gamanþættir með Bill Engvall úr Blue Collar Comedy. Hann leikur fjölskylduráðgjafa sem er sjálfur í vandræðum heima fyrir.
**01.20 Gossip Girl** (19:22)
**02.05 The Doctors**
**02.45 Sjáðu**
**03.10 Fréttir Stöðvar 2**
**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Hallgrímur Helgason á Hrafnaþingi hjá frænda sínum. Rokland frumsýnt.
**21.00 Svartar tungur** Þremenningarnir undirbúa þingstörfin næsta mánudag.
**21.30 Græðlingur** Gurrý og co.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Chuck



Fjörið heldur áfram hjá Chuck Bartowski og félögum hans. Chuck fær ekki að taka þátt í næsta verkefni og Shaw, Sarah og Casey halda í hættuför án hans. En Chuck lendir í vandræðum heima fyrir þegar útsendarar „The Ring“ láta til skarar skríða í búðinni hjá honum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Neðanjarðarbúseta **14.03** Hendingar **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Friðhelgi **21.20** Tríó **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.15** EastEnders **11.45** Doctor Who **12.30** Deal or No Deal **13.05** Deal or No Deal **13.40** QI **14.10** QI **14.40** Only Fools and Horses **15.10** Only Fools and Horses **15.40** Doctor Who **16.30** New Tricks **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** Wrong Door **20.00** Last of the Summer Wine **20.30** Sharpe's Peril **22.10** QI **22.40** New Tricks **23.30** EastEnders **00.00** Wrong Door **00.30** Last of the Summer Wine **01.00** Sharpe's Peril **02.45** QI **03.10** Wrong Door

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Horisont **11.35** Min italienske drøm **12.30** Inuit Eksperimentet - i sundhedens tjeneste **13.00** Solens mad **13.30** Verdens vildeste ørkentur **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Aftenshowet **15.00** Noddy **15.10** Rasmus Klump **15.15** Babar **15.30** Lille Nørd **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** Det søde liv **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Undercover chef - DSB **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Irene Huss Tatoveret torso **22.30** Robin Hood **23.15** Forsvundne danskere **23.45** Godnat

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Puls **13.35** Perspektiv: Og nå: Reklame! **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Kjendisbarnevakten **15.50** Filmavisen 1960 **16.00** NRK nyheter **16.10** Koht på jobben **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** Det første steget **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Snøballkrigen **21.10** The Pacific **22.05** Kveldsnytt **22.20** Mari Boine - verdensnomaden

### SVT 1

**12.25** Räkna med bråk **14.00** Helt apropå 25 år **14.50** SOS AMBULANS **14.55** SOS AMBULANS **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** På spåret **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Hjalmar på Örebroadway **20.00** Cornelis - dokumentären **21.30** Stalins sista brott **22.25** Inför Idrottsgalan 2010 **22.30** Helt apropå 25 år **23.20** SOS AMBULANS **23.25** SOS AMBULANS **23.30** Stranger than Paradise **01.00** K Special





FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

## Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



m.visir.is

Fáðu Vísi í símann og í iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

vísir.is

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt ávaxtadrykk sem ég og maðurinn minn blöndum og tökum með í bílinn enda er svo langt að keyra í vinnuna frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Um helgar er það svo hafragrautur.“*

Bergrún Íris Sævarsdóttir, teiknari á blog.eyjan.is/oskalistinn

# Íslandsklukkan á leiðinni í sjónvarp

„Ég og Ólafur Egilsson ætlum að ganga alla leið með þetta,“ segir leikarinn og leikstjórinn Benedikt Erlingsson.

Benedikt og Ólafur vinna nú að sjónvarpsþáttum byggðum á Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness. Þættirnir taka mið af leikgerð Benedikts, sem sett var upp í Þjóðleikhúsinu í fyrra og gengur enn fyrir fullu húsi. Benedikt er nú á fullu að undirbúa tökur á kvikmyndinni Hross. Friðrik Þór Friðriksson og Guðrún Edda Þórarinsdóttir framleiða myndina, sem verður tekin upp í sumar, og að tökum loknum fer undirbúningur fyrir Íslandsklukkuna á fulla ferð. Þættirnir verða sjö talsins og búast má við að leikaravalið verði svipað og í sýningu Þjóðleikhússins.

Hvar verða þættirnir sýndir?

„Við ætlum að sýna þættina á sjónvarpsstöð sem sýnir leikið sjónvarpsefni. Það verður ekki boltarásin – RÚV – heldur verðum við að sýna á Stöð 2 enda er það eina sjónvarpið sem stendur fyrir alvöru íslenskri dagskrárgerð,“ segir Benedikt. „Ég held að hún verði að fá að njóta krafta okkar ef hún vill þiggja. Okkur finnst það vera í anda höfundarins að leita til þeirra sem vilja gera fallega og góða hluti.“

Benedikt er mikill áhugamaður um Íslandsklukkuna og hefur meðal annars fjallað um söguna að Gljúfrasteini. Ólafur Egilsson segir gott að vinna með manni sem hafi svo mikinn áhuga á viðfangsefninu. „Hann er vel inni í Klukkunni – sem vel er. Ég er nú að leika sjálfur í sýningunni og við erum búnir að liggja yfir þessu þannig að við eigum vel saman í spjalli um Klukkuna,“ segir hann. „Og það þarf ekki að hafa mörg orð um hvort þessi saga eigi erindi við okkur eða ekki akkúrat núna. Eins og kerlingin sagði: Oft var þörf, en nú er nauðsyn.“ **- afb**



**BENEDIKT ERLINGSSON** Vinnur að sjónvarpsþáttum sem byggðir eru á „Klukkunni“.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tökum er lokið á sjónvarpsþáttaröðinni Tíma nornarinnar sem hefur göngu sína í Sjónvarpinu í lok mars. **Valdís Óskarsdóttir** er þessa dagana að klippa þættina, sem eru byggðir á samnefndri skáldsögu Árna Þórarinssonar. Þó svo að tökum sé formlega lokið á enn eftir að ljúka við nokkrar útitökur þar sem snjór kemur við sögu. Lítið hefur verið um snjó á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu og því gætu tökurnar dregist eitthvað á langinn.



**Gísli Örn Garðarsson** er eflaust kominn með fleiri ferðapunkta en flestir Íslendingar. Samkvæmt vef Sydsvenskan er Gísli nú staddur í Svíþjóð að undirbúa uppfærslu á Hamskiptunum eftir Kafka. Leikgerð Gísla eftir þessu sígilda verki Franz Kafka er mikið háloftaspil og þykir reyna mikið á aðalleikarann enda kvartar sænski aðalleikarinn í sýningunni, Matthías Lech, undan álaginu. „Þú færð bólgna fingur,“ segir hann við Sydsvenskan en frumsýning verður hinn 19. febrúar.

**- fb, fgg**



KRISTJÁN KRISTJÁNSSON: NÝ KYNSLÓÐ KOMIN SEM KAUPIR VÍNYL

# Sala á vínylplötum ferðast tuttugu ár aftur í tímann

„Ég finn að þetta á eftir að aukast meira, það er komin alveg ný kynslóð sem kaupir vínyl. Það er fyrst og fremst það sem er að auka söluna,“ segir Kristján Kristjánsson, verslunarstjóri Smekkleysu á Laugavegi.

Sala á vínylplötum jókst um 14 prósent á heimsvísu á síðasta ári samkvæmt nýjum tölum markaðsfyrirtækisins Nielsen SoundScan. 2,8 milljónir platna seldust, sem er það mesta frá árinu 1991. Þessi þróun helst í hendur við það sem er að gerast á Íslandi. Plötusalar eru sammála um að síðasta ár hafi verið það besta í vínylplötusölu frá því að geisladiskurinn gekk nánast af miðlinum dauðum snemma á tíunda áratugnum. Þetta er að gerast á sama tíma og sala á erlendri tónlist á geisladiskum hefur minnkað mikið.

„Fólk er að sækja í nýjan vínyl. Útgáfan er orðin miklu vandaðari og það er meira lagt í vínylinn en áður,“ segir Kristján, sem er aldrei kallaður neitt annað en Kiddi. Hann segir niðurhalsvæðinguna vera að ganga aðeins til baka og það hafi orðið til þess að fólk sæki meira í vínylinn. „Salan hefur aukist jafnt og þétt. Þetta er mjög skemmtileg þróun og ég held að þetta eigi eftir að lyftast ennþá meira – þó að vínyllinn verði aldrei risastórt hlutfall af sölunni.“

Óðinn Valdimarsson, verslunarstjóri í Hljómsýn, segir árlega aukningu á vínylplötusölu í versluninni síðustu þrjú ár hafa verið 20 prósent. „Þegar við fáum nýjar sendingar fyllist búðin,“ segir hann og bætir við að allir aldurshópar, frá 14 upp í sjötugt, kaupi vínylinn. „Salan er alltaf að aukast.“

Spurður um sölu á plötuspilurum segir hann þá njóta vaxandi vinsælda samhliða plötunum. „Við erum að selja fjóra plötuspilara á móti einum geislaspilara. Salan hefur algjörlega umturnast,“ segir Óðinn.

En er annað metár í vínylplötunum fram undan?

„Ég er sannfærður um það. Áhuginn er orðinn það mikill.“

**atlifannar@frettabladid.is**





**VÍNYLLINN AFTUR Í TÍSKU** Óðinn í Hljómsýn segir búðina fyllast þegar ný sending kemur af vínylplötum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rokland, kvikmynd Marteins Þórssonar eftir bók Hallgríms Helgasonar, verður frumsýnd í dag í Egilshöll. Eftir frumsýninguna verður partí á Austur, sem virðist vera orðinn einn vinsælasti skemmtistaður landsins. Frumsýningardagurinn þykir nokkuð sérstakur enda eru slíkar athafnir sjaldnast á þriðjudögum. Á þessu er þó rökrétt skýring; aðalleikarinn **Ólafur Darri** er einfaldlega upptekinn í leikhúsinu út vikuna, er að sýna miðvikudag, fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag.



Hörður Magnússon mun fá það verðuga verkefni að fylla upp í það skarð sem Adolf Ingi Erlingsson skilur eftir sig við lýsingar á leikjum íslenska landsliðsins í handbolta á HM sem hefst í þessari viku. Hörður er auðvitað landsfrægur markvarðaskelfir í knattspyrnu en þótti líka liðtækur leikmaður í handbolta enda úr handboltabænum Hafnarfirði. Herði til halds og trausts í útsendingunni verður **Dagur Sigurðsson,** fyrrverandi landsliðsfyrirliði og núverandi þjálfari Füchse Berlin í þýsku Bundesligunni. **- fgg**



**Tónræktin**

Fjölbreytt og skemmtilegt tónlistarnám fyrir alla.

**Kennslugreinar:**
- Píanó/hljómborð
- Gítar
- Söngur
- Rafbassi
- Trommur
- Harmónika
- Upptökutækni og hljóðvinnsla

Músíksmiðja – fjölbreyttir tónlistartímar fyrir börn 4 til 7 ára.

**Við í Tónræktinni leggjum metnað okkar í:**
- að fólk hafi ánægju og gagn af náminu.
- að kenna nemendum að spila bæði eftir nótum/hljómum og eftir eyranu
- að námið nýtist hverjum og einum sem allra best

**Nemendur okkar eru á öllum aldri og allir hjartanlega velkomnir.**

**Kennsla á vorönn hefst 17. janúar.**

Umsóknir á tonraektin.is
Símar: 4621111
Björn Þórarinsson skólastjóri, 6953217

**Tónræktin-tónlistarskóli**
**Hafnarstræti 101 Akureyri**

# Íbúðarkaup Klovn kjaftæði

„Kjaftæði,“ segir danski grínistinn Frank Hvam spurður um meint íbúðarkaup sín og félaga síns, Caspers Christensen, á Íslandi um helgina.

Klovn-bræðurnir Frank og Casper komu til landsins á fimmtudaginn í tengslum við frumsýningu kvikmyndarinnar Klovn: The Movie. Koma þeirra vakti mikla athygli, en ennþá meiri athygli vakti þegar vefsíðan Bleikt.is greindi frá því á laugardag að félagarnir hefðu fest kaup á íbúð hér á landi. Á vefsíðunni er vitnað í Frank, sem á að hafa sagt frá íbúðarkaupunum í viðtali við Hlín Einars, ritstjóra vefsins, í teiti á skemmtistaðnum Austur aðfaranótt laugardags.

Þegar Fréttablaðið hóf að grennslast fyrir um íbúðarkaupin kom fljótlega í ljós að ekki var allt með felldu. Frank og Casper töluðu ekkert um íbúðarkaup við Íslendinga sem voru í föruneyti þeirra, auk þess sem þeir hefðu varla haft tíma til að skoða íbúðir á þessum þremur dögum sem þeir dvöldu á landinu, þar sem þeir voru afar þétt bókaðir. Loks stóðu fasteignasalar sem Fréttablaðið hafði samband við á gati. **- afb**

**ENGIN ÍBÚÐ** Frank og Casper eiga ekki íbúð hér á landi, en Hlín Einars greindi frá íbúðarkaupum félaganna hér á landi á vefsíðunni Bleikt.is á laugardag.



# Safnaðu þekkingu

## Endurmenntun fyrir alla – óháð fyrri menntun

**Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst**



### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Víti, fjandinn og illskan
hefst 24. janúar

Skuggaprinsinn - Líf og list Miles Davis
hefst 24. janúar

Samskipti foreldra og barna
hefst 27. janúar

Íslenska stjórnarskráin
hefst 31. janúar

Hedda Gabler eftir Henrik Ibsen: námskeið og leikhúsferð
hefst 1. febrúar

Eftir jólabókaflóðið: Yndislestur með Einari Kárasyni
hefst 2. febrúar

Saga læknisfræðinnar frá fornöld til nútímans
hefst 3. febrúar

Myndaalbúm og miðlun stafrænna ljósmynda
hefst 9. febrúar

Farsar og gamanleikir
hefst 9. febrúar

Mátti kerlingin ekki skrifa í friði - skáldkonan Guðrún frá Lundi og verk hennar
hefst 10. febrúar

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Velgengni í einkalífi og teymisvinnu
hefst 3. febrúar

Lausnamiðuð nálgun
hefst 7. febrúar

### TUNGUMÁL

Danska - þjálfun í talmáli á léttum nótum
hefst 24. janúar

Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
hefst 25. janúar

Enska - hagnýt talþjálfun
hefst 31. janúar

Örlög og ástir á þýsku: þjálfun í þýsku talmáli og þýskum kurteisisvenjum á nýstárlegan hátt
hefst 9. febrúar

Spænska I
hefst 14. febrúar

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

ÍST-170 og jarðskautskerfi
haldið 11. febrúar

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Lestur ársreikninga
hefst 20. janúar

Skattamál - nýlegar breytingar
haldið 27. janúar

Excel – Veltitöflur (PivotTable)
haldið 27. janúar

Að telja rétt fram
haldið 5. febrúar

Skattlagning úttekta úr atvinnurekstri
haldið 10. febrúar

Excel II - fjármál og rekstur
hefst 17. febrúar

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum
hefst 9. febrúar

Hrós, hvatning og jákvæð endurgjöf
haldið 17. febrúar

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Upplýsinga- og skjalastjórn hjá frjálsum félagasamtökum
hefst 18. janúar

Öflugt sjálfstraust
hefst 3. febrúar

Námskeið og próf til réttinda leigumiðlunar
hefst 7. febrúar

### HUGBÚNAÐUR

Skrif og skipulag efnis fyrir vefinn
hefst 14. febrúar

Prófun hugbúnaðar (e. Software Testing Foundations)
hefst 21. febrúar

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Auðveldari prófauppsetning og námsmat: Próftökuforritið Question Writer 4
haldið 19. janúar

Kvíði barna og unglinga
haldið 7. febrúar

Að byggja upp árangursríka samvinnu við foreldra leik- og grunnskólanemenda
hefst 18. febrúar

### LÖGFRÆÐI

Lagaenska (e. Legal English) The Practice of Law & Contracts
hefst 14. febrúar

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

sími 525 4444

Nánari upplýsingar og skráning: endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Forsetafrúin fer á kostum



Upptökur á nýjum matreiðslu- og fræðsluþætti Sólveigar Eiríksdóttur hafa staðið yfir alla helgina en eins og Fréttablaðið greindi frá er það forsetafrúin sjálf, **Dorrit Moussaieff**, sem aðstoðar Sollu. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur forsetafrúin staðið sig eins og hetja og haft verið á orði að hún líti út fyrir að hafa ekki gert neitt annað þegar myndavélarnar fara að rúlla. Tökudagarnir hafa verið langir, allt að tólf tímar, en ráðgert er að sá síðasti verði í dag.

### Best að setja „like“ á það!

Fjallað var um lánveitingar VBS fjárfestingarbanka til fasteignaverkefna fyrirtækja **Engilberts Runólfssonar** athafnamannsins. Milljarðaveð bankans voru í byggingum sem aldrei risu. Um mál bankans hefur ýmislegt verið ritað áður. Á opinni Facebook-síðu Engilberts má sjá að hann hefur fylgst með skrifunum, samanber færslu við frétt Stöðvar 2, 11. desember síðastliðinn. „Engilbert líkar við…“ stendur við eftirfarandi fyrirsögn: „Lánaði út á byggingar sem aldrei risu og viðskiptavinir töpuðu öllu“.



- fgg, óká

## Mest lesið VÍSIR.IS


1. Símaþjófurinn fundinn: Baðst afsökunar
2. Farþegarnir höfðu það verulega skítt
3. Símaþjófnaður í bakaríi: Upptökur úr eftirlitsmyndavél
4. Facebook floppar í Japan
5. Virgin neitar að borga gjöld á Heathrow
6. Sarah Palin fjarlægir dauðalistann af heimasíðu sinni



Fréttablaðið er nú með **187%** meiri lestur en Morgunblaðið.






Allt sem þú þarft…

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst til október 2009 og 2010.



# Eitt verð - fyrir klárar konur

Má bjóða þér aðgang að öllum tímum, jafnt opnum sem lokuðum námskeiðum?
Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.990* kr. á mánuði
og hefur aðgang að öllu þessu með þátttöku í KK klúbbnum.
Klárar konur sjá hvaða leið er hagstæðust.

Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.990* kr. á mánuði
og færð aðgang í alla opna og LOKAÐA tíma.

Hot jóga - ***innifalið***
Heilsuátak - ***innifalið***
Tabata - ***innifalið***
Afró - ***innifalið***
Magadans - ***innifalið***
Bollywood - ***innifalið***
Les Mills tímar - ***innifalið***
Salsaleikfimi - ***innifalið***
Flamenco - ***innifalið***
Tæbox - ***innifalið***
o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug,
vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

***Gæsla fyrir börn KK-kvenna er ókeypis.***

Baðhúsið - fyrir klárar konur
Vertu velkomin.

Linda Pétursd.

**Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk**



Ljósmyndari Vera Pálsd.

***Komdu strax í klúbbinn og byrjaðu að æfa,***
***fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í febrúar!***
*Kynntu þér úrval tíma í stundaskrá á www.badhusid.is*

5.990* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leiðir, Skólaáskrift, Grunnáskrift og Eðaláskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum fylgir Grunn- og Eðaláskrift.

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515 1900